**allt**

**AÐALHEIÐUR ÓLAFSDÓTTIR SÖNGKONA:**

*Skokkar og nýtur útiverunnar*

• heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



**FÓLK**

**ICELAND FASHION WEEK:**

*Ryskingar á tískusýningu*

30 ▶









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. júlí 2005 - 193. tölublað – 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Við elskum þig Snoop!

Rapparinn Snoop Dogg sýndi og sannaði á tónleikum sínum í Egilshöll að hann væri kóngur rappsins. Snoop var afar duglegur við að fá áhorfendur í lið með sér og lét þá kyrja hvað eftir annað hversu yndislegur hann væri á milli þess sem hann lýsti yfir ást sinni á Íslandi. „We love you Snoop," var látið flakka hvað eftir annað.



TÓNLIST 26

### Eyjamenn komnir úr fallsæti

ÍBV lyfti sér úr fallsæti Landsbankadeildar karla í knattspyrnu með verðskulduðu jafntefli gegn Keflavík á útivelli í gær. Stigið er það fyrsta sem liðið hlýtur utan Eyja það sem af er sumri.



ÍÞRÓTTIR 22

### Skipulagsmál og framboðsmál

Þeir sem stjórna borg geta líka verið of lengi, segir Valgerður Bjarnadóttir. Þegar spurningarnar snúast um að setja upp safnráð til að tryggja flokkstryggum aðgang að listinni eða hverjir eiga að vera stjórnarformenn hjá Orkuveitunni og Strætó, þá er málið farið að snúast um frambjóðendurna en ekki fólkið.



Í DAG 28

## VEÐRIÐ Í DAG




**NORÐANÁTT ÁFRAM Í DAG**

Bjartviðri sunnan- og vestanlands en skúraveður norðan- og austanlands. Hiti 8-16 stig, hlýjast sunnanlands.

VEÐUR 4








FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN ARINBJARNARSON

**SVEINBORG MEÐ ÞRÍBURANA** Sveinborg átti börnin þrjú á einungis fimmtán mínútum, drengurinn var annar í röðinni á milli systra sinna. Móður og börnum heilsast vel.

Fyrsta náttúrulega þríburafæðingin hér á landi í áratugi:

# Gekk eins og í lygasögu

**BARNALÁN** Fyrsta þríburafæðingin í áratugi þar sem börnin voru ekki tekin með keisaraskurði gekk eins og í lygasögu, segir Sveinborg Hauksdóttir sem fæddi þrjú börn á aðeins fimmtán mínútum, tvær stúlkur og einn dreng.

Þríburar eru alla jafna teknir með keisaraskurði en Sveinborg óskaði eftir því að fá að eignast börnin á náttúrulegan hátt. Það varð úr og gekk allt að óskum þegar börnin þrjú komu í heiminn síðasta föstudag.

Sveinborg og Stefán Arinbjarnarson eiga eitt barn fyrir, soninn Bjart Fannar sem er tíu ára gamall. Lítil fjölskylda á Álftanesinu stækkaði því um helming á einu bretti. Foreldrarnir segja starfsfólk Landspítalans hafa reynst afskaplega vel og kunna því bestu þakkir fyrir.

Aðspurð hvort nöfn hafi verið valin á þríburana segir Sveinborg að ekki hafi verið gengið frá því enn. Hún segist þó ekki hafa neinar áhyggjur af því að það verði vandamál, Stefán hafi sagst geta ákveðið tvö nöfn á hvert barn án þess að lenda í neinum vandræðum með það.

Bæði móður og börnum heilsast vel.

- oá

# Tugir missa vinnuna

**Á fimmta tug manna missa vinnuna í kjölfar þess að stærsta fiskvinnslufyrirtæki Reykjanesbæjar hættir starfsemi. Árni Sigfússon bæjarstjóri segir mikla spurn eftir starfsfólki og hefur því ekki áhyggjur af atvinnuástandinu.**

**ATVINNUMÁL** Stærsta fiskvinnslufyrirtæki Reykjanesbæjar, Suðurnes, hefur ákveðið að hætta rekstri. Alls hafa á fimmta tug manna starfað hjá fyrirtækinu og missa þeir nú vinnuna. Forsvarsmenn fyrirtækisins segja óhagstætt gengi krónunnar hafa verið eina helstu ástæðuna fyrir því að fyrirtækið missti rekstrargrundvöllinn.

Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, segir spurður um þýðingu lokunarinnar fyrir atvinnulífið á svæðinu: „Þetta er náttúrlega ákveðið hundsbit en auðvitað leitar ástandið jafnvægis, þetta er þó óþægilega mikið."

„Meira en helmingur starfsmanna í allangan tíma hafa verið útlendingar sem hafa verið hér mjög lengi og líkar mjög vel," segir Kristján. Hann segir að sem betur fer hafi atvinnuástandið farið batnandi undanfarin misseri, þó hafi verið töluvert um að fólk hafi leitað sér að vinnu annars staðar, jafnvel austur á fjörðum. Því sé lokunin hjá Suðurnesi auðvitað óþægileg. Hann



MYND/VÍKURFRÉTTIR

**FISKVINNSLUFYRIRTÆKIÐ SUÐURNES** Kristján Gunnarsson hefur ekki trú á að húsnæðið standi lengi autt.

horfir þó bjartsýnn fram á veginn og segist ekki hafa trú á að hið stóra hús sem hýst hefur starfsemi Suðurness muni safna ryði.

Forsvarsmenn fyrirtækisins báru sig að sögn Kristjáns aumlega yfir ástæðunum fyrir lokun vinnslunnar. Sterk staða krónunnar hafi verið fyrirtækinu óþægur ljár í þúfu og reksturinn ekki staðið undir væntingum. Kristján segir að fiskvinnsla í Reykjanesbæ sé ekki orðin svipur hjá sjón, einungis séu eftir nokkur smærri fyrirtæki og ekki þurfi að líta langt aftur í tímann til að sjá mjög ólíkt ástand.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segist ekki hafa áhyggjur af atvinnuástandinu í bænum þrátt fyrir lokunina. Hann segir að talsverð eftirspurn hafi verið eftir vinnuafli á svæðinu undanfarið, svo mikil að líklegt sé að allir þeir sem nú missa vinnuna geti fengið vinnu annars staðar.

Suðurnes hefur sérhæft sig í vinnslu kola og annars flatfisks og býst Kristján Gunnarsson við því að sú vinnsla flytjist að einhverju leyti úr landi.

Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, segir þessi tíðindi ekki koma sér á óvart. Á meðan skilaverð fyrir fiskafurðir hafi lækkað samfara langvarandi sterku gengi krónunnar hafi launakostnaður og annar kostnaður í landinu hækkað. Þetta hafi gengið mjög nærri mörgum fiskvinnslufyrirtækjum, sérstaklega þeim sem hafa mikla sérhæfingu.

- oá

Staða útvarpsstjóra:

## Tryggvi einn umsækjenda

**RÍKISÚTVARPIÐ** Tryggvi Gíslason, fyrrum skólameistari Menntaskólans á Akureyri, er samkvæmt öruggum heimildum Fréttablaðsins meðal þeirra sem þegar hafa skilað inn umsókn um stöðu útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins. Frestur til að skila inn umsókn rennur út á fimmtudag.



**TRYGGVI GÍSLASON**

Þorsteinn Þorsteinsson, forstöðumaður markaðssviðs Ríkisútvarpsins, er mjög líklega þegar búinn að skila inn umsókn.

Nýr útvarpsstjóri tekur við starfinu af Markúsi Erni Antonssyni sem verður sendiherra Íslands í Kanada 1. september. ■

Lög um áfengisauglýsingar:

## Löggjöfin er óvenju ströng

**LÖGGJÖF** Löggjöf um auglýsingar á áfengi er óvíða strangari en hér á landi. Áfengisauglýsingar eru heimilar í flestum nágrannalöndum Íslands þó að víða séu einhverjar takmarkanir á því hversu sterkt áfengi megi auglýsa, hvar eða hvenær. Í Noregi er þó líkt og á Íslandi bannað að auglýsa áfengi, þar eru reglurnar jafnvel strangari því hömlur eru á auglýsingum á léttöli.

Bjór- og víninnflytjendur sem Fréttablaðið talaði við telja höftin missa marks þar sem ómögulegt sé að koma í veg fyrir slíkar auglýsingar í nútímaþjóðfélagi. Einn víninnflytjandi segir þá löghlýðnu tapa á þessum lögum því að þeir sem fari á svig við þau komist oftast upp með það.

- jse/ sjá síðu 14






## SPURNING DAGSINS

*Jón, eru íslenskir vegir tóm tjara?*

„Nei, ég vil ekki meina það.“

Jón Rögnvaldsson er vegamálastjóri. Hjón lentu í vandræðum um helgina eftir að hafa ekið húsbíl sínum í tjörupytt á þjóðveginum í Borgarfirði.

Töldu einn árásarmanna ekki ógn við þjóðaröryggi:

# Ásakanir um andvaraleysi

**BRETLAND, AP** Vangaveltur um hvort bresk yfirvöld hefðu sofið á verðinum færðust í aukana í gær, eftir að sagt var frá því í fjölmiðlum að innanríkisleyniþjónustan MI5 hefði tekið til athugunar að minnsta kosti einn mannanna fjögurra sem frömdu sprengjutilræðin í London þann 7. júlí.

Liðsmenn MI5 eru sagðir hafa komist að þeirri niðurstöðu að Mohammed Sidique Khan ógnaði ekki þjóðaröryggi og ákváðu að láta ekki fylgjast með honum. Leyniþjónustan beindi sjónum að Khan í tengslum við rannsókn á meintum áformum um að sprengja bílsprengju í Lundúnum.

Þá var einnig sagt frá því að bandaríska leyniþjónustan hefði bent breskum bandamönnum sínum á að Germaine Lindsay, sem var fæddur á Jamaíku, væri á eftirlitslista yfir hugsanlega hryðjuverkamenn, en MI5 hafi ákveðið að láta ekki fylgjast með honum.

Talsmaður innanríkisráðuneytisins, sem svarar fyrir MI5, neitaði að láta hafa neitt eftir sér um orðróm þess efnis að leyniþjónustan hefði látið hjá líða að nýta mikilvægar vísbendingar sem henni bárust. Né heldur vildu þeir tjá sig um þann orðróm að Breti af pakistönskum uppruna, grunaður um tengsl við al-Kaída, hefði komið til landsins tveimur til þremur vikum fyrir tilræðin í London, og farið úr landi daginn áður en þau voru framin.

Komið hefur fram að þrír af sprengjumönnunum fjórum höfðu nýlega farið til Pakistans.

Staðfest dauðsföll af völdum tilræðanna eru nú komin í 56. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FÓRNARLAMBA MINNST** Vegfarendur um Edgware Road-jarðlestarstöðina í Lundúnum hafa byggt upp þetta minnismerki um fórnarlömb hryðjuverkanna þar.

Sjúkraliðar semja:

## Yfirburðakosning

**KJARASAMNINGAR** Sjúkraliðar hafa samþykkt kjarasamning við fjármálaráðherra sem undirritaður var 30. júní síðastliðinn. Þegar búið var að telja upp úr kjörkössunum kom í ljós að mikill meirihluti félagsmanna hafði samþykkt samninginn.

598 eða rúm 95 prósent þeirra sem greiddu atkvæði sögðu já, 23 eða tæp fjögur prósent sögðu nei og 5 seðlar voru auðir eða ógildir.

Á kjörskrá voru 1023 sjúkraliðar sem starfa á kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands við ríkisreknar heilbrigðisstofnanir. ■

Afganskur stríðsherra:

## Dæmdur fyrir pyntingar

**BRETLAND, AP** Breskur dómstóll hefur fundið afganskan stríðsherra sekan um pyntingar og gíslatöku sem áttu sér stað í útjaðri Kabúl, höfuðborgar Afganistans, á árunum upp úr 1990.

Faryadi Sarwar Zardad stýrði einkaher sínum nærri afgönsku höfuðborginni á árunum eftir að herir gömlu Sovétríkjanna fóru frá Afganistan.

Fyrir sjö árum fluttist hann til Bretlands og komst þangað inn á fölskum skilríkjum. Hann rak pítsustað í London þar til hann var handtekinn og ákærður.

„Hann og hermenn hans vildu skapa andrúmsloft skelfingar. Hann vildi ávinna sér orðspor fyrir grimmd og miskunnarleysi við vegatálma sína,“ sagði James Lewis saksóknari.

Refsing verður ákvörðuð í dag. ■

# Þrýstingur eykst á Bush að reka Rove

**Bandaríkjaforseti er í bobba vegna hneykslis um upplýsingaleka sem ráðgjafi hans, Karl Rove, er sakaður um að bera ábyrgð á. Blaðamaður vikuritsins Time segist fyrst hafa fengið upplýsingarnar frá Rove.**

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, sagði í gær að skyldi einhver í starfsliði hans verða uppvís að lögbroti í sambandi við upplýsingaleka sem fletti ofan af CIA-njósnara, myndi viðkomandi „ekki lengur fá að starfa í minni stjórn“.

Bush kom sér samt sem áður hjá því að svara beint spurningum um hlutverk stjórnmálaráðgjafa síns, Karl Rove, í málinu.

„Það er alvarleg rannsókn í gangi á þessu og því eru fjölmiðlar að gera sér mat úr,“ sagði Bush á blaðamannafundi í Hvíta húsinu í tilefni af opinberri heimsókn indverska forsætisráðherrans Manmohan Singh.

Daginn áður hafði Matthew Cooper, blaðamaður vikuritsins Time, upplýst að hann hefði fyrst í símasamtali við Rove árið 2003 heyrt að eiginkona Josephs Wilson, fyrrverandi sendiherra og harðs gagnrýnanda Bush-stjórnarinnar, væri á mála hjá leyniþjónustunni CIA. Bush sagði í fyrra að hann myndi reka hvern þann sem starfaði fyrir ríkisstjórn hans, sem uppvís yrði að því að leka trúnaðarupplýsingum sem leiddu til þess að opinbert varð að eiginkona Wilsons, Valerie Plame, væri CIA-njósnari. Í gær bætti hann því við að sannað skyldi að viðkomandi hefði gerst beinlínis brotlegur við lög. „Nú er það undir dómsmálaráðuneytinu komið að finna staðreyndir málsins,“ sagði Bush í gær.



**RÁÐGJAFINN** Karl Rove, ráðgjafi Bush Bandaríkjaforseta, stígur út úr forsetaþotunni í Washington sl. föstudag.

Nokkrir þingmenn demókrata hafa krafist þess að Rove verði rekinn, en hann er yfirmaður starfsliðs forsetans. Þessa kröfu byggja þeir á því að hann hafi brotið lög frá árinu 1982 sem banna að vísvitandi sé flett ofan af réttu nafni CIA-liðsmanns.

Sérskipaður rannsóknarkviðdómur er nú að kanna hvort einhver í stjórnarliðinu hafi brotið gegn alríkislögum með því að opinbera nafn Plame sem CIA-njósnara. Talsmenn Hvíta hússins höfðu neitað því staðfastlega í nærri tvö ár að einhver í liði forsetans tengdist lekanum. Síðastliðinn hálfan mánuð hefur þó enginn fulltrúi Hvíta hússins viljað láta hafa neitt eftir sér um málið. audunn@frettabladid.is



**SLÖKKVILIÐSMENN VIÐ STÖRF** Vel gekk að slökkva eldinn. Bíllinn telst þó gjörónýtur.

Kveikt í bíl við Smáralind:

## Kveiktu í fyrir slysni

**LÖGREGLUMÁL** Tveir fjórtán ára piltar kveiktu í bíl við Smáralind fyrir slysni.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var í gærkvöld kallað út eftir að kveikt hafði verið í bíl við Smáralindina. Að sögn lögreglunnar í Kópavogi gekk vel að ráða að niðurlögum eldsins en bíllinn telst þó gjörónýtur.

Piltarnir voru að leika sér með eld og höfðu kveikt í bréfadrasli, eldurinn barst svo í bílinn með fyrrgreindum afleiðingum. Strákarnir gerðu sjálfir lögreglu viðvart og hafa gengist að fullu við verknaðnum. - oá

### BRETLAND

**HÁLFUR MILLJARÐUR SAFNAST** Rúmur hálfur milljarður króna hefur safnast í sjóð til hjálpar þeim sem eiga um sárt að binda eftir hryðjuverkin í London. Ken Livingstone, borgarstjóri Lundúna, og breski Rauði krossinn settu sjóðinn á fót og bresk stjórnvöld lögðu 115 milljónir í sjóðinn.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**INNBROT Í MIÐBORGINNI** Brotist var inn í íbúðarhús í miðborg Reykjavíkur í gær og þaðan stolið tölvum, símum og DVD-spilara. Lögreglu var tilkynnt um innbrotið um kvöldmatarleytið í gær. Lögregla hefur enn engan grunaðan um verknaðinn.


Verslaðu við traustan aðila!

Ægisskyggnin
–sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu



• íslensk gæðaframleiðsla • viðhaldsfrítt efni • endalausir möguleikar
• góð og traust þjónusta • stuttur afgreiðslufrestur

OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16

SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is


Brunamálastjóri með áhyggjur af dísilhömstrurum:

# Hægt að skila olíunni

**BRUNAVARNIR** Björn Karlsson brunamálastjóri segir Brunamálastofnun hafa borist allmargar vísbendingar um fólk sem hamstraði olíu fyrir gildistöku olíugjaldsins og geymi hana við óviðunandi aðstæður. Hann segir að fólk sem vilji losna við olíuna og hættuna sem fylgir henni geti skilað henni til olíufélaganna og fengið hana endurgreidda.

Hægt er að geyma olíuna löglega í þartilgerðum tönkum sem eru sérmerktir og með leyfi frá Umhverfisstofnun. Þá mega einstaklingar sem hafa tilskilin leyfi eiga allt að fimm þúsund lítra af olíu. Að öðrum kosti er beinlínis ólöglegt að geyma dísilolíu. Dísilolía er ekki jafn eldfim og bensín og því í raun ekki sérstaklega mikil hætta á því að það kvikni í út frá henni. Hins vegar er ljóst að ef kviknar í af öðrum ástæðum mun dísilolía alltaf auka á eldinn og gera slökkviliði erfiðara fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**BJÖRN KARLSSON** Brunamálastjóri hefur áhyggjur af því að fólk geymi dísilolíu við óviðunandi aðstæður.

Einnig er gríðarleg mengunarhætta af dísilolíu komist hún út í umhverfið.

Hægt er að skila dísilolíunni til olíufélaganna sem kaupa hana til baka á sama verði að því gefnu að hún sé í söluhæfu ástandi. Rétt er þó að brýna fyrir fólki að ekki ganga ur að koma með olíuna á afgreiðslustöðvar, hafa þarf samband við skrifstofur olíufélaganna þar sem veittar eru upplýsingar um hvernig eigi að losna við olíuna. - oá

# PHILIPS GSM

## SÍMAR MEÐ MEIRA EN 50% AFSLÆTTI

# SMELLT RISSAÐ SENT

Smelltu af og taktu mynd, rissaðu á skjáinn með Tag-it pennanum og sendu persónulegt MMS póstkort.

**Sendu áhrifameiri skilaboð**
- Tag-it penni sem auðveldar MMS
- Stór 65K TFT snertiskjár

**Gríptu og augnablikið og miðlaðu**
- Innbyggð stafræn VGA myndavél
- Geymir mikið gagnamagn (7MB)

**Hámarkaðu multimedia upplifunina**
- Skapaðu eigin fjölradda hringitóna með BeDJ
- Gleymdu stund og stað í Java leikjunum




*skrifaðu á skjáinn*

**GSM MYNDAVÉL**

**Philips CT755**
Örþunnur GSM SÍMI með myndavél, 900/1800/1900 GSM kerfi, rafhlaða endist 5klst í tali og 250klst í bið, hægt er að skrifa á skjáinn með penna sem fylgir, GPRS Class 10 - allt að 54Kbps niðurhal, 128x160 punkta skjár með 65.000 liti, myndavél með 640x480 punkta upplausn og 4x digital zoom, Low light mode: tekur góðar myndir í litlu ljósi, eða að 5 lux, MMS margmiðlunarskilaboð, WAP og JAVA 2.0, innrautt tengi, geisladiskur, 3 pennar, rafhlaða og hleðslutæki fylgir. Aðeins 89 gr.

**TILBOÐ 14.995**
**Fullt verð kr. 27.995**




**GSM MYNDAVÉL**

**Philips CT859**
Örþunnur GSM SÍMI MEÐ MYNDAVÉL, 900/1800/1900 GSM kerfi, rafhlöðu sem endist 4klst í tali og 400klst í bið, GPRS Class 10 - allt að 54Kbps niðurhal, 128x160 punkta skjá með 65.000 litum, myndavél með 640x480 punkta upplausn og 4x digital zoom, með MMS margmiðlunarskilaboðum, WAP og JAVA 2.0, innrauðu tengi og hleðslutæki. Aðeins 94 gr.

**TILBOÐ 12.995**
**Fullt verð kr. 29.995**



**GSM MYNDAVÉL**

**Philips CT855**
Örþunnur GSM SÍMI MEÐ MYNDAVÉL, 900/1800/1900 GSM kerfi, rafhlöðu sem endist 4klst í tali og 400klst í bið, GPRS Class 10 - allt að 54Kbps niðurhal, 128x160 punkta skjá með 65.000 litum, myndavél með 640x480 punkta upplausn og 4x digital zoom, hægt að tengja við sjónvarp og sýna ljósmyndir, með MMS margmiðlunarskilaboðum, WAP og JAVA 2.0, innrauðu tengi og hleðslutæki. Aðeins 91 gr.

**TILBOÐ 16.995**
**Fullt verð kr. 34.995**

**ÚTSÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND**

**REYKJAVÍK OG NÁGRENNI** **HEIMILISTÆKI**, Sætúni - **SJÓNVARPSMIÐSTÖÐIN**, Síðumúla - **HAGKAUP**, Raftækjadeild Smáralind - **RAFMÆTTI**, Hafnarfirði.

**LANDIÐ** **VERSLUNIN KRÁKUR**, Blönduósi - **SKAGFIRÐINGABÚÐ**, Sauðárkróki - **LJÓSGJAFINN**, Akureyri - **SINDRI KHB**, Egilsstöðum - **HS-RAF**, Eskifirði - **MARTÖLVAN**, Höfn - **STRAX**, Fáskrúðsfirði - **SAMKAUP**, Njarðvík - **FOSSRAF**, Selfossi - **VERSLUNIN ÞRISTUR**, Ísafirði - **VERSLUNIN BLÓMSTURVELLIR**, Hellissandi - **VERSLUNIN HAMRAR**, Grundarfirði - **VERSLUNIN BRIMNES**, Vestmanneyjum - **VERSLUNIN GEISLI-FAXI**, Vestmanneyjum - **VERSLUNIN HLJÓMSÝN**, Akranesi.

**Heimilistæki**
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

HUGVERKAsmiðja

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 18.07.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 65,1 | 65,42 |
| Sterlingspund | GBP | 113,74 | 114,3 |
| Evra | EUR | 78,47 | 78,91 |
| Dönsk króna | DKK | 10,516 | 10,578 |
| Norsk króna | NOK | 9,875 | 9,933 |
| Sænsk króna | SEK | 8,364 | 8,414 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5796 | 0,583 |
| SDR | XDR | 94,32 | 94,88 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**110,0094**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nýr skólastjóri ráðinn í Landakotsskóla í gær:

# Hlakkar til að fást við þetta verkefni

**LANDAKOTSSKÓLI** Stjórn Landakotsskóla réði í gær Fríðu Regínu Höskuldsdóttur skólastjóra í Landakotsskóla. „Ég tel að við höfum valið hæfasta umsækjandann með tilliti til menntunar, kennslureynslu og stjórnunarreynslu,“ segir Björg Thorarensen, formaður stjórnar skólans.

Fríða tekur formlega til starfa um næstu mánaðamót. Hún var áður skólastjóri í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi en fékk ekki skólastjórastöðu í nýjum skóla eftir að hann sameinaðist Valhúsaskóla og varð að Grunnskóla Seltjarnarness. Í kjölfar þess fór Fríða í nám í uppeldis- og kennslufræðum við Háskólann í Osló og lauk því námi fyrir stuttu.

„Ég hlakka til að takast á við þetta verkefni,“ segir Fríða. Hún segir það vera áskorun að leiða deilurnar innan skólans til lykta og hún hefur fulla trú á að henni takist það. Að öðru leyti vill hún ekki tjá sig um deilurnar sem hún þekkir enn sem komið er eingöngu til úr fjölmiðlum. Hún bjóst við að funda frekar með stjórn skólans á miðvikudaginn. - grs



**LANDAKOTSSKÓLI** Nýr skólastjóri var ráðinn að skólanum í gær.

Evrópusambandið:

## Lítill áhugi á aðild Tyrkja

**BRUSSEL, AP** Einungis 35 prósent íbúa aðildarríkja Evrópusambandsins eru hlynntir aðild Tyrklands að sambandinu samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem gerð var fyrir framkvæmdastjórn sambandsins. Tæpur helmingur styður aðild Rúmeníu að sambandinu en helmingur vill hleypa Búlgaríu í sambandið.

Dregið hefur úr stuðningi almennings við stækkun Evrópusambandsins, óháð því hver nýju aðildarríkin yrðu. Helmingur aðspurðra vill nú fjölga aðildarríkjum sambandsins, þremur prósentustigum minna en í könnun sem gerð var í október í fyrra. ■



**VIKTOR JÚSJENKO** Útlit forsetans lýsir ekki heilsu hans segir læknir Júsjenko.

Forseti Úkraínu:

## Heilsan betri en útlitið

**SVISS, AP** Viktor Júsjenko, forseti Úkraínu, er við mjög góða heilsu segir læknir hans, Jean Saurat, við háskólasjúkrahúsið í Genf þar sem Júsjenko hefur leitað lækninga vegna díoxíneitrunar.

Eitrað var fyrir Júsjenko með díoxíni í kosningabaráttunni fyrir úkraínsku forsetakosningarnar. Hann kennir þáverandi öryggislögreglu um eitrunina en því neita yfirmenn hennar. Eitrunin hafði þau áhrif að andlit hans er allt í útbrotum. Saurat læknir segir að útlitið sé ekki í neinu samræmi við heilsu forsetans. ■

### ÍRAN

**HUNGURVERKFALL** Íranski blaðamaðurinn Akbar Ganji var fluttur á sjúkrahús eftir að líkamsstarfsemi hans fór að gefa sig eftir mánaðarlangt hungurverkfall í fangelsi. Hann var dæmdur í sex ára fangelsi árið 2000 fyrir að skrifa um morð leyniþjónustumanna á fimm írönskum andófsmönnum.

### RÚSSLAND

**BANVÆNIR SVEPPIR** Níu eru látnir og rúmlega fimmtíu til viðbótar hafa þurft á læknishjálp að halda vegna eitraðra sveppa sem fólkið borðaði. Tilfellin eru öll í og við Voronezh, tæpa 500 kílómetra sunnan Moskvu, höfuðborgar Rússlands.

# Viðeyjarbyggð aðeins fyrir sjálfstæðismenn

**Össur Skarphéðinsson segir tillögur sjálfstæðismanna í borginni um byggð í eyjunum við Reykjavík aðeins miðast við útvalda og sjálfstæðismenn sjálfa. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir Össur endurspegla vanda R-listans.**

**SVEITASTJÓRNARMÁL** „Þetta er lýsandi dæmi um R-listann sem er að reyna draga athyglina frá þeim ógöngum sem meirihlutinn í borginni er kominn í,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson en í morgunútvarpi Talstöðvarinnar í gær ásakaði Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sjálfstæðismenn í Reykjavík um að hafa ekkert fram að færa við stjórn Reykjavíkurborgar.

„Það eina sem þeir hafa sagt jákvætt eru hugmyndir um byggð í eyjunum út af Reykjavík en þær verða aldrei að veruleika fyrr en eftir sjötíu til hundrað ár og varða veruleika Reykvíkinga í dag ekki miklu. Það er merkilegt að sjá að Vilhjálmur virðist beita sér sérstaklega fyrir elítubyggð í Viðey þar sem einungis hundrað fjölskyldur eiga að búa og miðað við reynsluna af fyrri stjórn Sjálfstæðisflokksins í borginni, verða þeir útvaldir gæðingar sem fá þar að byggja enda hefur venjulegt fólk ekki efni á því. Þetta er fólkið sem Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík er að tala fyrir, svokallað hátekjufólk. Á meðan hafa þeir ekkert um skólamáltíðir eða félagslegar íbúðir að segja,“ segir Össur.

„Við erum búin að vinna mjög öflugt málefnastarf að undanförnu meðal annars um framtíðarbyggð í eyjunum við Reykjavík og þar á meðal Viðey sem er hluti af þessum hugmyndum. Við erum að gera ráð fyrir um þrjátíu þúsund manna byggð og erum að kynna þessar hugmyndir á fundum með fólki í borginni. Það er ekkert víst að þessi tillaga verði endanleg en orð Össurar eru útúrsnúningur um þá málefnavinnu sem við höfum unnið. R-listinn hefur það að stefnu að reyna að draga athyglina frá því gjaldþroti sem listinn er kominn í. Borgarfulltrúar listans mega ekki vera að því að vinna við að stjórna borginni þar sem þeir eru uppteknir við að tjasla saman R-listanum og svo verður það að koma í ljós hvernig það tekst, en hvort tveggja er í ólestri,“ segir Vilhjálmur.

hjalmar@frettabladid.is



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Segir R-listann í vandræðum með málefni og menn.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Segir byggð í Viðey fyrir sjálfstæðismenn sjálfa.

Sóknarnefnd Garðasóknar:

## Aðalfundur ekki á döfinni

**TRÚMÁL** „Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um að halda aðalfund safnaðarins,“ segir Matthías G. Pétursson, formaður sóknarnefndar Garðasóknar. Stuðningsmenn Hans Markúsar Hafsteinssonar, sóknarprests í Garðasókn, héldu fund á dögunum þar sem þeir hvöttu meirihluta sóknarnefndarinnar til þess að halda aðalfund. „Við áttum líka fund með dómsmálaráðherra á dögunum eins og þeir. Nú erum við að hugsa málið og skoða hlutina,“ segir Matthías. -hb

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**BRUTUST INN Í VERSLUN VIÐ LAUGAVEG** Tveir menn voru handteknir á Laugavegi eftir innbrot í verslun nokkru eftir miðnætti í fyrrinótt. Mennirnir eru grunaðir um að hafa spennt upp hurð verslunarinnar og þannig komist inn. Ekki náðist í eiganda verslunarinnar og því lá í gær ekki ljóst fyrir hverju stolið var.

**FÍKNIEFNI TEKIN Á TÓNLEIKUM** Lagt var hald á sjö fíkniefnaskammta á tónleikum bandaríska rapparans Snoop Dogg í Egilshöll í fyrrakvöld. Um neysluskammta var að ræða að sögn lögreglu og enginn grunaður um að hafa ætlað að selja fíkniefni innandyra. Tónleikarnir fóru að öðru leyti vel fram að sögn lögreglu.

**SUMARBÚSTAÐUR BRANN** Talsverðar skemmdir urðu þegar eldur kom upp í sumarhúsi í Miðfellslandi í Árnessýslu um áttaleytið í fyrrakvöld. Mikill eldur var í húsinu þegar slökkvilið Árnessýslu kom á staðinn en slökkvistarf gekk vel. Sumarbústaðurinn var mannlaus þegar eldurinn kom upp.

Landsmótið í golfi
21. - 21. júlí
í beinni á
SÝN

## VEÐRIÐ Í DAG

**Norðanátt áfram**
Það má búast við áframhaldandi bjartviðri og þurrki sunnan- og vestanlands í dag. Það dregur úr vindi og verður hann víðast hvar hægur í dag. Það verður áfram væta um norðan- og austanvert landið en þó ekki mikið. Það er nú fremur svalt fyrir norðan og er hitinn rétt að skríða í 10 stigin með ströndum þótt eitthvað sé hlýrra inn til landsins. Á morgun og fimmtudaginn má reikna með hægum breytilegum áttum og gæti orðið bjart víða, en einhverjar líkur á þokubökkum með ströndum. Veður fer hlýnandi næstu daga.



Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Hæg breytileg átt, víða bjart og fremur hlýtt – þokubakkar með ströndum.

### Fimmtudagur




Hæg breytileg átt, víða bjart og fremur hlýtt – þokubakkar með ströndum.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Osló | 23°C | heiðskírt | Kiev | 29°C | heiðskírt | Istanbul | 31°C | heiðskírt |
| St. Pétursborg | 24°C | skýjað | Belgrad | 29°C | heiðskírt | Sydney | 16°C | heiðskírt |
| Moskva | 24°C | þrumurveður | Budapest | 28°C | heiðskírt | Wellington | 12°C | rigning |
| Riga | 23°C | rigning | Aþena | 31°C | heiðskírt | Islamabad | 36°C | heiðskírt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.





## GERÐU ÞÉR MAT ÚR SPERGILKÁLI

### GRILLAÐ SPERGILKÁL OG BLÓMKÁL

400 g íslenskt spergilkál
400 g blómkál*
salt
4 msk ólífuolía
1 hvítlauksgeiri, pressaður
2 tsk ferskt rósmarín eða 1/2 tsk þurrkað
nýmalaður pipar

*(nota má eingöngu aðra tegundina)

Spergilkálið og blómkálið snyrt og skipt í kvisti. Soðið í saltvatni í 3–4 mínútur og síðan látið renna vel af því. Olía, hvítlaukur, rósmarín, pipar og salt sett í skál og hrært saman. Spergilkálið og blómkálið sett í skálina og blandað vel. Látið standa nokkra stund og hrært öðru hverju. Grillið hitað. Kálið sett í wok-pönnu fyrir grill (með götum), í vírgrind eða á grillbakka úr áli og grillað við góðan hita í nokkrar mínútur, eða þar til það er farið að brúnast og komið grillbragð af því. Hrært eða snúið nokkrum sinnum á meðan. Borið fram heitt með grilluðu kjöti, kjúklingi eða fiski.

íslenskt spergilkál

**www.islenskt.is - fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur**

Fíton/SÍA FI012675




## KJÖRKASSINN

*Var verslunum Nóatúns stætt á því að gefa bjór með gasgrillum í vikunni?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 52,5% |
| Nei | 47,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Árni Magnússon að fara í framboð í norðvesturkjördæmi?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Íbúasamtök Grafarvogs óánægð með aðgengi að Egilshöll:

# Frágangur fyrir neðan allar hellur

**UMFERÐ** „Frágangur á umferðarmannvirkjum við Egilshöll er fyrir neðan allar hellur,“ segir Elísabet Gísladóttir, formaður Íbúasamtaka Grafarvogs. Umferðarhnútar mynduðust við höllina að afloknum tónleikum bandaríska rapparans Snoop Dogg í fyrrakvöld en að sögn Elísabetar getur tekið allt að því þrjár klukkustundir að komast út af bílastæðinu þegar þar eru haldnir mjög fjölmennir viðburðir.

Fulltrúar íbúasamtakanna hafa ítrekað bent borgaryfirvöldum á mögulegar lausnir á vandanum að sögn Elísabetar. Þær felist í því að koma fyrir aðrein og frárein að höllinni auk þess að slökkt yrði á umferðarljósum á háannatíma. „Þessum tilmælum okkar hefur ekki verið sinnt,“ segir Elísabet.

„Farið verður í framkvæmdir við Egilshöll síðar á þessu ári og framhaldið er í skoðun,“ segir Stefán Finnsson, yfirverkfræðingur á Mannvirkjastofu Reykjavíkurborgar. Hægt verður að beygja framhjá ljósagatnamótum til hægri í átt að höllinni þegar framkvæmdum lýkur síðar á árinu að sögn Stefáns. Þá sé verið að skoða frekari aðgengisbætur í ljósi hugmynda um stækkun Egilshallar.

- ht



**TÓNLEIKAR Í EGILSHÖLL** Langan tíma tók að leysa úr umferðarhnútum við Egilshöll eftir tónleika bandaríska rapparans Snoop Dogg í fyrrakvöld.

## BANDARÍKIN

**KJARNORKUSPRENGINGAR MINNST** Á laugardag voru liðin nákvæmlega 60 ár frá því að fyrsta kjarnorkusprengjan var sprengd í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum. Þúsundir komu saman á staðnum þar sem sprengjan var sprengd og minntust hennar. Margir voru með Geiger-mæla, sem mæla geislavirkni, sem sýndu að svæðið er enn mjög geislavirkt.

## FRAMKVÆMDIR

**ARNARFELL BAUÐ LÆGST** Arnarfell átti lægsta tilboð í gröft og gangagerð vegna botnrásar Ufsarstíflu í útboði Landsvirkjunar. Boðið hljómaði upp á 96 milljónir, 59 prósent af kostnaðaráætlun. Jarðvélar áttu hæsta boðið, 232 milljónir, 42 prósentum yfir kostnaðaráætlun. Ístak, 135 milljónir, og Héraðsverk, 167 milljónir, buðu líka í verkið.

# ESB-sáttmáli rifinn út

**TÉKKLAND, AP** Prentuð eintök af stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins á tékknesku runnu út eins og heitar lummur í Prag í gær, þrátt fyrir að stuðningur við hann mælist lítill meðal tékkneskra kjósenda. Alls hyggjast tékknesk stjórnvöld, sem styðja sáttmálann, dreifa 50.000 eintökum af honum ókeypis til tékkneskra borgara.

Eftir að sáttmálanum var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi er óljóst hvenær af því verður að Tékkar fái að kjósa um hann.

-aa

## BÚLGARÍA

**FALIÐ STJÓRNARMYNDUNARUMBOÐ** Georgi Parvanov, forseti Búlgaríu, hefur beðið Sergei Stanishev, leiðtoga Sósíalistaflokksins, að mynda nýja ríkisstjórn. Sósíalistar unnu góðan sigur í þingkosningum í síðasta mánuði. Líklegt er talið að Miðflokkurinn, flokkur Simeon Saxcoburggotski forsætisráðherra, taki þátt í stjórnarmynduninni.

## BORGARNES

**HUNDUR ÓGNAR PÓSTINUM** Bréfberar í Borgarnesi hafa kvartað undan hundi sem gengur laus í einni götu bæjarins, hefur hann gelt að þeim ítrekað og gert sig líklegan til að ráðast að þeim. Hefur lögregla því fyrirskipað eiganda hundsins að hafa hann bundinn. Skessuhorn.is greindi frá.

# Hundruð þúsunda leita skjóls

**Hundruð þúsunda manna leita skjóls undan skaðræðisfellibyljum í Mexíkó, Taívan og Kína. Íslensk ungmenni gistu í neyðarskýli á Yucatan-skaga.**

**MEXÍKÓ, AP** Fellibylurinn Emily skall á Yucatan-skaga í Mexíkó í fyrrinótt og skildi eftir sig slóð eyðileggingar. Ekki hafði þó frést í gær af neinum dauðsföllum eða alvarlegum meiðslum af völdum veðurofsans. Þúsundir heima- og ferðamanna leituðu skjóls í neyðarskýlum sem komið hafði verið upp í skólastofum og danssölum.

Yfir hálf milljón manna flúði heimili sín á suðausturströnd Kína í gær þegar fellibylurinn Haitang, sem gengið hafði yfir Taívan, stefndi inn á meginlandið.

„Það versta er yfirstaðið,“ sagði Felix Gonzalez, fylkisstjóri Quintana-Roo-fylkis í Mexíkó, en það nær meðal annars yfir borgirnar Cancun og Playa del Carmen á Yucatanskaga.

Þúsundir heimamanna og erlendra ferðamanna gistu í neyðarskýlum í danssölum hótela og skólastofum í borgum og bæjum á austurströnd Yucatan, en þar eru vinsælir ferðamannastaðir. Einn bæjanna á þessu svæði er Merída, þar sem hópur íslenskra ungmenna tók þátt í ólympíumótinu í stærðfræði.

Vindhraðinn í hviðunum sem fylgdu fellibylnum var allt að 215 km/klst, en þar með telst bylurinn vera af styrkleikastiginu 4. Þegar bylurinn hafði gengið yfir Yucatan hafði dregið heldur úr vindhæðinni og taldist Emily því vera komin niður í byl af styrkleikastiginu 2 þegar hann hélt áfram ferð sinni út á Mexíkóflóa. Þó var reiknað með að Emily færðist aftur í aukana yfir heitum sjó og yrði aftur orðin að skaðræðisfellibyl er hann gengi á land við vestanverðan Mexíkóflóa í kvöld eða nótt.

Íbúar Fujian-héraðs í Kína biðu þess að Haitang-bylurinn skylli á heimilum þeirra. 17.000 bátar sem gerðir eru út frá Fujian-héraði voru við festar í von um að þeir stæðu af sér óveðrið. Að sögn héraðsyfirvalda höfðu í gær um 540.000 manns, mikið til fiskimenn og starfsfólk fiskiræktarstöðva og fjölskyldur þeirra, verið flutt frá ströndinni í neyðarskýli innar í landi.

audunn@frettabladid.is



MYND/AP

**ALLT Á FLOTI** Vegfarendur ganga hjá mæðginum um götu þakta flóðvatni eftir fellibylinn Emily í ferðamannabænum Playa del Carmen á Yucatanskaga í gær.

## Dregur úr Emily

Draga tók úr vindofsanum í fellibylnum Emily eftir að hann gekk yfir Yukatan-skaga í Mexíkó í fyrrinótt. Þúsundir ferðamanna gistu í neyðarskýlum.

**Fellibylurinn Emily**

| STAÐSETN. * | HREYFING | VINDHRAÐI |
|---|---|---|
| 20.6° N 88.0° W | VNV 27 km/klst | 225 km/klst |

* Kl. 5 að staðartíma í gærmorgun

- - - Leið bylmiðjunnar
Ytri mörk fellibylsins
Fellibylsaðvörun gefin út




**Heimild:** AccuWeather; USGS AP

Varaforsætisráðherra Ísraels segir að enn sé friðarvon:

# Enn hægt að bjarga vopnahléinu

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsk stjórnvöld munu ekki senda hersveitir inn á Gazaströnd ef Mahmoud Abbas, forseta palestínsku heimastjórnarinnar, tekst að koma í veg fyrir árásir vígamanna á Ísrael sagði Ehud Olmert, varaforsætisráðherra Ísraels. Hann segir Ísraela ekki vilja gera neitt sem geti orðið vatn á myllu herskárra Palestínumanna sem vilji binda enda á vopnahléið frá síðasta vetri.

Hamas-liðar og meðlimir samtakanna Íslamskt jíhad hafa skotið 120 sprengjum og 37 heimatilbúnum eldflaugum á ísraelskar byggðir á Gaza frá því á fimmtudag. Í gær hafði þó dregið heldur úr árásunum.

Mahmoud Abbas hefur síðustu daga reynt að semja við herskáar hreyfingar Palestínumanna um að hætta árásum á Ísraela. Á föstudag skipaði hann öryggissveitum sínum að leggja til atlögu við herskáa Palestínumenn en síðan þá hefur hann farið samningaleiðina.

Palestínumenn eru ekki þeir einu sem Ísraelar hafa áhyggjur af. 20 þúsund hermenn og lögreglumenn voru settir á vakt í suðurhluta Ísraels í gær vegna göngu þar sem mótmælt var að landnemabyggðir á Gaza yrðu lagðar niður. ■



**BROTTFLUTNINGI MÓTMÆLT** Tugþúsundir Ísraela mótmæltu í bænum Netivot í suðurhluta Ísraels. Fólkið er andvígt því að byggðir Ísraela á Gaza verði lagðar niður.


# SKORDÝR Í ELLIÐAÁRDAL



**Orkuveitan efnir til göngu- og fræðsluferðar í Elliðaárdal undir leiðsögn Guðmundar Halldórssonar, skordýrafræðings og Odds Sigurðssonar, jarðfræðings þriðjudagskvöldið 19. júlí kl. 19.30.**

Gengið verður um dalinn og hugað að þeim smádýrum sem þar búa. Þátttakendur eru hvattir til að hafa með sér stækkunargler. Gangan hefst við Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur.

**Að lokinni göngu verður opnað í Rafheimum, ljósmyndasýning Odds Sigurðssonar á skordýrum.**

www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

# Staðreyndirnar tala

## – byggingavörur á betra verði



| BYGGINGAVÖRUR | MÚRBÚÐIN | Byko | Húsasmiðjan | Mismunur á hæsta og lægsta verði |
|---|---|---|---|---|
| Innimálning 10 ltr 7 % glans | 2.690 kr.<br>Dekacryl | Ekki til | 4.590 kr.<br>Jötun | 71% |
| Útimálning 10 ltr | 2.990 kr.<br>Alfacryl | 4.390 kr.<br>Byko | 5.490 kr.<br>Húsasmiðjan | 83% |
| Terpentína 1 ltr | 219 kr.<br>Deka | 314 kr.<br>Málning | 445 kr.<br>Jötun | 103% |
| Vatnsþynnt epoxy pr kg | 896 kr.<br>Deka Topp | 2.179 kr.<br>Málning | 1.585 kr.<br>Sigural | 143% |
| Loftamálning 10 ltr | 2.394 kr.<br>Deka | 3.980 kr.<br>Sadolin | 3.990 kr.<br>Jötun | 67% |
| Fylligrunnur 10 ltr | 1.681 kr.<br>Deka | 8.777 kr.<br>Málning | Ekki til | 422% |
| Olíugrunnur pr ltr | 391 kr.<br>Deka | 1.047 kr.<br>Kill´z | 1.243 kr.<br>Jotun | 218% |
| Hammer lakk pr ltr. | 838 kr.<br>Deka | 1.607 kr.<br>Granville | 2.327 kr.<br>Hammerite | 178% |
| Parketlím 2ja þátta PU 13 kg | 7.133 kr.<br>Bostik | Ekki til | Ekki til | |
| Waterplugg 5 kg | 1.688 kr.<br>Deka | 2.718 kr.<br>BM Vallá | 2.625 kr.<br>Mapai | 61% |
| Múrblanda hraðharðnandi 25 kg | 1.988 kr.<br>Deka | 2.041 kr.<br>BM Vallá | 2.500 kr.<br>BM Vallá | 26% |
| Akrílkítti | 119 kr.<br>Deka | 259 kr.<br>Sika | 348 kr.<br>Soudal | 192% |
| Límkítti | 539 kr.<br>Danalim | 721 kr.<br>Sika | 695 kr.<br>Soudal | 34% |
| Litaspray 400 ml | 295 kr.<br>Technospray | 490 kr.<br>Akso nobel | 695 kr.<br>Duplicolor | 136% |
| Festifrauð 750 ml | 495 kr.<br>Deka | 899 kr.<br>Fischer | 899 kr.<br>Soudal | 82% |
| Hjólbörur 100 ltr steypu | 8.591 kr.<br>Danbören | Ekki til | 10.995 kr.<br>Danbören | 28% |
| Filtbretti | 194 kr.<br>Marshalltown | 299 kr.<br>Nupride | 329 kr. | 70% |
| Múrfata 12 ltr | 294 kr.<br>Jopa | 366 kr. | 845 kr. | 187% |
| Háþrýstidæla 100 bör | 5.900 kr.<br>Einhell | 9.900 kr.<br>Bosch | 8.995 kr.<br>Sistema | 68% |
| Flísalímsglattari 10 x 10 mm | 198 kr.<br>Ranatools | 803 kr.<br>Lux | 1.025 kr. | 418% |
| Hræripinni fyrir 20 kg | 995 kr.<br>Mako | Ekki til | 1.995 kr.<br>Unimixer | 101% |
| Steypuskafa | 1.279 kr.<br>Marshalltown | 3.776 kr.<br>Kraft | 4.895 kr. | 283% |
| Álréttskeið 2,5 m m/dropa | 4.133 kr.<br>Richter | Ekki til | Ekki til | |
| Tommustokkur 1 m, plast | 371 kr.<br>Mako | 571 kr. | 495 kr. | 54% |
| Rafmagnshitablásari 9 kw | 26.673 kr.<br>Sial | 49.900 kr.<br>Sial | Ekki til | 87% |
| Rykgríma 1 stk | 261 kr.<br>Mako | 312 kr.<br>3M | Ekki til | 20% |
| Vírbursti | 176 kr.<br>KWB | 295 kr.<br>Lux | 495 kr. | 181% |
| Demantsbolli 5" tvöfaldur | 6.990 kr.<br>Dimo | Ekki til | 20.095 kr. | 187% |
| Hamar 450 gr | 1.998 kr.<br>Bacho | 2.769 kr.<br>Bacho | 1.998 kr.<br>Bacho | 39% |
| Bogasög | 695 kr.<br>Bacho 24" | 1.591 kr.<br>Bacho 21,5" | 1.195 kr. | 129% |
| SDS bor 10 x 160 mm | 540 kr.<br>KWB | 969 kr.<br>Irwin | 745 kr.<br>CD Jewel | 79% |
| Gluggaskafa | 569 kr.<br>Mako | 965 kr.<br>Soligen | 995 kr.<br>Colorexpert | 75% |
| Malarskófla | 650 kr.<br>Buffalo | 1.253 kr.<br>Ames | 695 kr. | 92% |
| Strákústur 30 cm m/skafti | 769 kr.<br>Uni | 672 kr.<br>Lux | 475 kr.<br>Takk | 62% |
| Hengilás 50 mm | 415 kr.<br>Scandi Lock | 864 kr.<br>Lux | 795 kr. | 108% |
| Járnsög 12" | 461 kr.<br>Work it | 2.926 kr.<br>Bacho | 1.595 kr.<br>Cosmos | 535% |
| Blikkklippur | 436 kr.<br>Ranatools | 2.783 kr.<br>Stanley | 995 kr. | 538% |
| Skiptilykill 300 mm | 875 kr.<br>KWB | 3.984 kr.<br>Bacho | 3.929 kr.<br>Padre | 355% |
| Rakavarnarplast 0,2 mm - pr $m^2$ | 59 kr.<br>4 x 25 m rúlla | 138 kr.<br>4 x 25 m rúlla | 98 kr.<br>4 x 50 m rúlla | 134% |
| Stálnaglar 2,0 x 30 100 stk | 127 kr.<br>Bår | 105 kr.<br>Bår | 132 kr.<br>Bår | 26% |
| Stálnaglar 2,7 x 40 pr stk | 3,38 kr.<br>Bår | 4,74 kr.<br>Bår | 4,89 kr.<br>Bierbach | 45% |
| Rekskrúfur 6 x 60 mm pr stk | 3,85 kr. | 3,7 kr.<br>Alldubel | 7,63 kr.<br>Alfa | 106% |
| Borðabolti 10 x 60 pr stk | 29 kr.<br>Wurth | 25 kr. | 26 kr. | 16% |

**Táknar lægsta verð**

Könnunin var gerð þann 29. júní af starfsmönnum Múrbúðarinnar.
Leitast var við að bera saman vörur af sambærilegri gerð.
Könnunin er birt með fyrirvara um prentvillur.



**Opið**
**mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-17**




*hafðu það betra á enn betra verði!*

**Lægra verð á byggingavörum fyrir alla – ALLTAF!**

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hversu mikill halli var á rekstri Landspítalans fyrstu fimm mánuði ársins?*

2 *Hvað kostaði enski landsliðsmaðurinn Shaun Wright-Phillips Chelsea?*

3 *Hvaða hljómsveit sendi frá sér „Plötu ársins“?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Betra atvinnuástand á Húsavík en mörg undanfarin ár:

# Skortur á iðnaðar- og verkamönnum

**ATVINNA** Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, segir betra atvinnuástand á Húsavík nú um stundir en mörg undanfarin ár og sama eigi við um flest önnur sveitarfélög í Þingeyjarsýslum.

„Víða er skortur á trésmiðum, bifvélavirkjum og verkamönnum til framtíðarstarfa hjá iðnfyrirtækjum. Mörg fyrirtæki sækjast nú eftir yngra fólki en áður og töluvert um að forsvarsmenn fyrirtækja hringi til okkar hjá verkalýðsfélaginu og spyrji hvort ráða megi 15 ára unglinga í alvöru störf,“ segir Aðalsteinn.

Atvinnuástandið á Raufarhöfn er heldur lakara og þar voru 11 manns skráðir án atvinnu í lok júní samkvæmt skýrslu Vinnumálastofnunar. „Það hefur þrengt að atvinnulífinu á Raufarhöfn undanfarin ár og til að mynda hefur lítið verið brætt í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunar á staðnum síðastliðið ár. Það er áhyggjuefni,“ segir Aðalsteinn.

- kk



**AÐALSTEINN Á. BALDURSSON** Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur segir að nokkur einbýlishús verði byggð á Húsavík á næstunni en fá ný einbýlishús hafa verið byggð þar undanfarin ár.

Útbúnaður öryggisvarða:

# Mega ekki bera vopn

**ÖRYGGISGÆSLA** Öryggisverðir hafa á sér mismikinn búnað eftir því hvar þeir starfa að sögn Snorra Sigurðssonar, þjónustustjóra hjá Securitas. Hann segir að verðirnir megi ekki bera vopn lögum samkvæmt, það sé lögreglu einungis heimilt.

Verðirnir hafa á sér tækjabelti sem í eru hnífar með skrúfjárni, einnota hanskar og vasaljós.

Snorri segir sem betur fer sjaldgæft að öryggisverðir lendi í átökum og viðvera þeirra nægi oft til að koma í veg fyrir að átök brjótist út.

- ht

Pakistanar:

# Ekki ábyrgir

**PAKISTAN** Bretar ættu ekki að saka erlendar þjóðir um að hafa áhrif á árásarmennina í Lundúnum, segir sendiherra Pakistana hjá Sameinuðu þjóðunum. Þrír af mönnunum sem taldir eru bera ábyrgð á hryðjuverkunum í borginni sjöunda júlí eru af pakistönskum uppruna.

„Bretar þurfa að líta í eigin barm og skoða sín eigin vandamál til þess að komast að rót hryðjuverkavandans,“ segir sendiherrann. ■

## FJALLGÖNGUSLYS

**HRÖPUÐU Í ÖLPUNUM** Þrír franskir fjallgöngumenn, tveir karlar og ein kona, hröpuðu til bana er þau voru á leið niður af tindi í nágrenni Mont Blanc í frönsku Ölpunum á sunnudag. Annar hópur fjallgöngumanna varð vitni að hrapinu og gerði viðvart.



**NOTKUN ÁSTRALSKRAR ULLAR MÓTMÆLT** Félagar í dýraverndarsamtökunum PETA, fólks sem vill siðlega meðferð dýra, efndu til mótmæla fyrir utan skrifstofur Benetton í Sao Paulo í Ástralíu í gær og kröfðust þess að fyrirtækið hætti að nota ástralska ull í fatnað sinn. Dýravinirnir segja ástralska bændur fara illa með lömb.

Forvarnadeild lögreglu:

# Kaupmenn verjist ránum

**RÁN** Ekki mælist marktækur munur á því hvort ránum í lyfjaverslunum fækkar í kjölfar hertra öryggisráðstafana. „Tilfellin eru of fá til að slíkir útreikningar séu marktækir, þrátt fyrir að ránin séu auðvitað of mörg,“ segir Eiður Eiðsson hjá forvarnadeild Lögreglunnar í Reykjavík.

Eiður segir þó alveg ljóst að hertar öryggisráðstafanir skili árangri. „Það eru hreinar línur að allt slíkt bætir stöðuna og er af hinu góða,“ segir Eiður. „Við höfum því eindregið mælt með því að kaupmenn komi sér upp vörnum til þess að koma í veg fyrir rán.“

- ht




Vinnumálastofnun:

# Atvinnuleysi minna í júní

**ATVINNUMÁL** Atvinnuleysi eykst í höfuðborginni en minnkar úti á landi samkvæmt útreikningum Vinnumálastofnunar fyrir síðasta mánuð.

Þá mældust alls rúmlega 71 þúsund atvinnuleysisdagar á landinu öllu sem jafngilda því að 2.1 prósent vinnufærra manna í landinu hafi verið án atvinnu. Er það 0.1 prósentustigi minna en mældist í maí og heilum 0.7 prósentustigum minna en það var í febrúarmánuði. Atvinnuleysi kvenna jókst þó lítillega í júní en minnkaði hlutfallslega hjá körlum.

-aöe



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

**ÁREKSTUR** Tveggja bíla árekstur átti sér stað á Hofsvallagötunni í gærkvöld.

Harður árekstur:

# Ekki slys á fólki

**ÁREKSTUR** Tveggja bíla árekstur varð á gatnamótum Hofsvallagötu og Hringbrautar um hálfáttaleytið í fyrrakvöld. Engin slys urðu á fólki en bílarnir tveir skemmdust hins vegar mikið. Þurfti að flytja þá á brott með kranabíl.

Slökkviliðið var kallað á vettvang til að hreinsa upp olíu sem lak úr bílunum. Ekki er vitað um tildrög áreksturins en lögreglan rannsakar málið.

- ifv



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

**SKÁTARNIR** Sváfu vært í „hundrað metra hellinum“.

Skátar í áheitagöngu:

# Gistu eina nótt í helli

**FÓLK** „Við erum að safna peningum til að eiga fyrir ferð á skátamótið Eurojam sem haldið verður í London dagana 29. júlí til 14. ágúst. Mótið er undirbúningur fyrir alheimsmót skáta sem verður haldið árið 2007,“ segir Gunnar Örn Garðarsson einn sjö skáta sem gengu ríflega 40 kílómetra leið frá Skátaheimilinu Víkverja í Njarðvík í Kaldársel á laugardaginn og gistu svo í svonefndum hundrað metra helli.

Gunnar segir skátana hafa safnað um 70.000 krónum með göngunni sem gengið hafi einkar vel. ■

# Ævintýraleg skólatilboð



Klárlega besta fartölvutilboðið

Þú ert ljónheppninn því Medion er á tilboði í dag!

15,4" WIDE SCREEN

## MEDION® C7

MD95343

**MEDION C7 CENTRINO 3300**

- Pentium® M processor 1.7 GHz (735)
- 15.4" WXGA TFT (1280x800)
- ATI® MOBILITY RADEON ™ 9700 SE 128MB
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- 512 MB DDRRAM
- 100 GB 5400RPM diskur
- DVDRW +/- skrifari "DUAL LAYER"
- Hátalarar með bassaboxi
- 54Mbit þráðlaust netkort
- TV-Out, DVI, Firewire, S/PDIF, Bluetooth
- MediaBay kortalesari

BATTLEFIELD2 CERTIFIED

FYRSTA GREIÐSLA 1 SEPT.

**Minniskort**
í stafrænum myndavélum, MP3-spilurum, farsímum eru æ algengari og því er mikill kostur að geta stungið kortunum beint í vélina.

**Bluetooth**
Gerir þér kleift að senda gögn í og úr t.d. farsímanum, prenta þráðlaust úr þar til gerðum prenturum o.fl.

**Sjónvarpskort og fjarstýring**
Gerir þér kleift að horfa á sjónvarp beint úr tölvunni, taka upp efni til geymslu eða til að setja á DVD. Hægt að "pása" beina sjónvarpsútsendingu o.fl.

Klikkaðir kaupaukar

BÍÓMIÐI · BÍÓMIÐI •FYLGIR

17" flatskjár fylgir öllum Medion fartölvum þessa vikuna FYLGIR•

17"

5.111* Tölvukaupalán 48 mán.

14.999** Vaxtalaust 12 mán.

179.988 Staðgreitt

# Stafrænar myndavélar



**SONY**
Sony Cybershot DSC-S40

** 1.599• Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

19.188• STAÐGREITT

4.1 megapixlar

Frábær kaup

**Aðdráttur**
3x optical 4,1 Mp, Carl Zeiss Vario Tessar linsan gefur hármarks gæði og þú nærð smáatriðum sem skipta máli í fullum gæðum.

**Carl Zeiss linsa**
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.

**Litaskjár**
Vandaður 1.5" hybrid litaskjár tryggir frábær myndgæði og skerpu jafnvel þegar verið er að taka myndir í mikilli birtu.



**SONY**
Sony Cybershot 4.1 MI DSC-S80

Risa skjár

4.1 megapixlar

SONY GÆÐI

** 2.499• Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

29.988• STAÐGREITT

BT Bestu kaupin

RAFHLAÐA

**Hleðslurafhlöður**
Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.

**2" litaskjár**
Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem sem eru teknar á DSC-S80.

**MPEG Movie**
Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir.

**Carl Zeiss linsa**
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.

## Strákarnir



Hér er kominn troðfullur DVD diskur með því besta frá Strákunum.

1.999•

AS SEEN ON TV

## Playstation2 tilboð



Vinsælasti DVD spilarinn! Vinsælasta leikjatölvan!

•4.799 •4.799 •4.799

Einn af þessum leikjum fylgir!

Allur pakkinn

•14.999

BT•

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

...bara á
flugfelag.is
20. – 26. júlí
Verð miðast við flug aðra leiðina. Bara á www.flugfelag.is Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og AKUREYRAR 5.199 kr.
Milli Reykjavíkur og BÍLDUDALS 4.999 kr.
Milli Reykjavíkur og EGILSSTAÐA 5.899 kr.
Milli Reykjavíkur og SAUÐÁRKRÓKS 4.999 kr.
Milli Reykjavíkur og ÍSAFJARÐAR 4.999 kr.
Milli Reykjavíkur og GJÖGURS 4.999 kr.
Milli Reykjavíkur og HORNAFJARÐAR 5.799 kr.
Milli Akureyrar og GRÍMSEYJAR 3.499 kr.
Milli Reykjavíkur og VESTMANNAEYJA 4.299 kr.
Milli Akureyrar og VOPNAFJARÐAR/ ÞÓRSHAFNAR 4.499 kr.
Börn, 2ja–12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.
flugfelag.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FLU 29008 07/2005

Þýski stjórnlagadómstóllinn:

# Meintur al-Kaída-maður ekki framseldur



MYND/AP

**LÁTINN LAUS** Mamoun Darkazanli umkringdur fréttamönnum er hann yfirgaf fangelsið í Hamborg þar sem hann var í gæsluvarðhaldi vegna framsalsbeiðni Spánverja.

**ÞÝSKALAND, AP** Þýski stjórnlagadómstóllinn úrskurðaði í gær að maður sem grunaður er um tengsl við al-Kaída skyldi ekki framseldur til Spánar þar sem evrópska handtökutilskipunin, sem framsalsbeiðnin byggði á, bryti í bága við þýsku stjórnarskrána.

Dómstóllinn Að þessari niðurstöðu komst eftir að lögmenn Mamoun Darkazalni, sem hefur bæði þýskt og sýrlenskt ríkisfang, kærðu fyrirhugað framsal hans. Á Spáni er honum stefnt fyrir rétt vegna gruns um að hafa verið viðriðinn undirbúning hryðjuverkanna í Madríd í mars í fyrra.

Málið var álitið prófsteinn á evrópsku handtökutilskipunina, sem tók gildi í Evrópusambandslöndunum í fyrra, en hún er meðal helstu ráðstafana sem Evrópuríkin náðu samkomulagi um að grípa til í nafni hryðjuverkavarna.

Darkazanli er með hreina sakaskrá í Þýskalandi og rekur fyrirtæki í Hamborg, en eftir árásirnar á Bandaríkin 2001 og árásirnar í Madríd birtist nafn hans á lista yfir grunaða. Bandarísk yfirvöld telja fyrirtæki Darkazanli vera yfirvarp til fjármögnunar hryðjuverka. **-aa**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HORFT YFIR LAGARFLJÓT TIL EGILSSTAÐA** Fyrsta munkaklaustri landsins í háa herrans tíð verður líklega valinn staður á Egilstöðum.

Fyrsta klaustur reist á Íslandi í aldaraðir:

# Munkaklaustur á Egilsstöðum

**TRÚMÁL** Í undirbúningi er að reisa munkaklaustur austur á landi á næstu tveimur árum en fjórir munkar frá Slóvakíu sem eru hér við nám í íslensku taka að öllum líkindum að sér að reisa og reka klaustrið þegar þar að kemur.

„Okkur sýnist að Egilsstaðir komi einna helst til greina eins og staðan er nú en það á þó eftir að koma betur í ljós,“ segir séra Jakob Rolland, kanslari biskupsdæmis kaþólsku kirkjunnar hér á landi.

Jakob segir að enn sé verið að skoða hentuga staði undir klaustrið á Austurlandi en Egilsstaðir þyki líklegasti kosturinn á þessu stigi málsins. „Aðalatriðið er að þeir munkar sem hingað koma læri tungumálið til að geta haft samskipti við kaþólska á Austurlandi. Þegar því er lokið hefjast þeir handa ásamt fleirum við byggingu klaustursins en við gefum okkur tvö ár áður en það tekur til starfa.“ **-aöe**

Viðbrögð við eldsumbrotum á Suðurlandi:

# Allsherjaræfing í október

**ALMANNAVARNIR** Unnið er að viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra eldsumbrota undir Mýrdals- og Eyjafjallajöklum, jökulhlaupa til sjávar og jafnvel flóðbylgju í kjölfarið. Skipulagsvinnunni lýkur með allsherjaræfingu þar sem reynt verður á alla þætti viðbragðsáætlunarinnar. Stefnt að því að æfingin verði haldin helgina 21.-23. október og hefur hún hlotið vinnuheitið Bergrisinn.

„Markmið æfingarinnar er að láta reyna á alla þætti viðbragðsáætlunarinnar auk þess að þjálfa heimamenn,“ segir Björn Halldórsson, deildarstjóri almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra. „Einn þáttur í því er að æfa rýmingar heimila en auk þess verður lögð áhersla á boðleiðir, samskipti, samstarf og stjórnun.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MÝRDALSJÖKULL** Unnið er að viðbragðsáætlun vegna eldsumbrota í jöklinum og lýkur henni á allsherjaræfingu þar sem reynt verður á alla þætti áætlunarinnar.

Þessa dagana vinna vísindamenn að því að búa til ímyndaða atburðarás, byggða á eins raunverulegum hugmyndum og best verður á kosið, og verður æft út frá þeirri atburðarás. „Svona æfingar eru mjög mikilvægar,“ segir Björn. „Pappírarnir eru lítils virði ef það sem verið er að setja upp er ekki æft.“ **- ht**

# NISSAN PATHFINDER

SKIPT_um landslag

## 200.000 kr. AFSLÁTTUR




# KRÖFTUGT OPNUNARTILBOÐ!

Við bjóðum hvorki meira né minna en 200.000 króna afslátt af Nissan Pathfinder í tilefni opnunar á glæsilegasta bílasýningarsal landsins hjá Ingvari Helgasyni. Pathfinder eyðir einungis 10 dísil-lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Hann fer allt á fjórhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætunum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Hann er öflug listasmíð, traustur og vandaður. En fyrst og fremst sameinar Nissan Pathfinder það grófa og það fína í einum best heppnaða útivistarbíl síðari ára.

### PATHFINDER SE

Beinskiptur
174 hestöfl
5 dyra

**Tilboðsverð: 4.250.000 kr.**

**44.096 kr. á mán.***

**Sjálfskiptur: 4.450.000 kr.**

**46.164 kr. á mán.***



**VEIÐIKORTIÐ FYLGIR MEÐ!**

Með veiðikortinu má veiða nánast ótakmarkað í a.m.k. 20 vötnum víðsvegar um landið og tjalda endurgjaldslaust hjá mörgum þeirra. Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

### STAÐALBÚNAÐUR

- Þokuljós
- Krómað grill
- Leðurklætt stýri og gírstöng
- Krómaðar höldur inni í bíl
- Hiti í speglum
- Áttaviti í baksýnisspegli
- Litað gler
- 7 sæta
- Birtuskynjari í spegli
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- Innbyggt loftnet (loftnet í afturrúðu)
- Regnskynjari
- Hraðastillir (Cruise Control)

**250.000 krónum flottari!**

Þeir sem kaupa Nissan Pathfinder í júlí fá 32" dekk, krómstigbretti og dráttarkrók í kaupbæti.

PATHFINDER
ER KOMINN TIL LANDSINS
KLÁR Á GÖTUNA
Á FIMM DÖGUM



Glitnir

*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a** | **Eyrarlandi 1** | **Sæmundargötu 3** | **Holtsgötu 52** | **Dalbraut 2b** | **Víkurbraut 4** | **Búðareyri 33** | **Sindragötu 3** | **Óseyri 5** |
| 800 Selfossi | 530 Hvammstanga | 550 Sauðárkróki | 260 Njarðvík | 300 Akranesi | 780 Höfn í Hornafirði | 730 Reyðarfjörður | 400 Ísafjörður | 603 Akureyri |
| 482-3100 | 451-2230 | 453-5141 | 421-8808 | 431-1376 | 478-1990 | 474-1453 | 456-4540 | 461-2960 |

Fíton/SÍA

## „ORÐRÉTT“

*„Nei, hann var mjög stilltur og rólegur.“*

UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR TOLLVÖRÐUR UM RAPPARANN SNOOP DOGG Í DV.

*„Þetta verður hryllilegt.“*

BENEDIKT STEFÁNSSON, ÍBÚI VIÐ SUÐURGÖTU, UM NÝTT LEIÐAKERFI STRÆTÓ Í FRÉTTABLAÐINU.

nær og fjær

# tilveran

HALTUR LEIÐIR BLINDAN: PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

## Samferðamenn á háum hælum

Mikill fögnuður varð hjá okkur félögunum á sunnudagskvöld þegar fjölskyldur okkar beggja hittu okkur við Mývatn. Þarafleiðandi skildu leiðir um kvöldið þegar Guðbrandur gisti með fjölskyldu sinni á Stöng við Mývatn en Bjarki var með sinni fjölskyldu í sumarhúsi í Hnjóskadal. Fjölskylda Guðbrands ætlar að fylgja honum þessa viku og má segja að andlega hliðin sé í góðri uppsveiflu þegar manns nánustu eru nálægt.

Í dag er norðanfýla eins og Norðlendingar segja, súld og lítill hiti sem er mikil viðbrigði frá þeim tuttugu gráðum sem hafa ríkt síðustu daga. Við höfum hitt marga á ferð okkar um Mývatn. Meðal annars gekk með okkur vinkona okkar frá Grímstungu, 82 ára gömul. Við kynntumst henni fyrst þegar við gistum hjá henni fyrr í ferðinni og hún hefur gerst ötull stuðningsmaður okkar. Þá lét fólk ekki slæman skóbúnað aftra sér frá því að ganga með okkur stuttan spöl en í gær gekk með okkur ung kona á háum hælum.

Gangan er orðin eins og vinna, maður vaknar á morgnana og reimar á sig skónna.

Vel að merkja þá er þetta orðin heldur einhæf vinna. Við tölum orðið lítið saman meðan á göngunni stendur enda er Bjarki stöðugt með ipodinn í eyrunum en Guðbrandur lætur sér nægja að hlusta á fuglasönginn.

Í kvöld komum við í Narfastaði. Það verður gott að komast í heitan pott enda er það yfirleitt hápunktur dagsins.

**Kær kveðja, Guðbrandur og Bjarki**

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



SJÓNARHÓLL

HREFNUKJÖT Í MATVÖRUBÚÐUM



SALVÖR NORDAL HEIMSPEKINGUR

## Ber sig ekki eftir því

Hrefnukjöt selst eins og heitar lummur um þessar mundir að sögn hvalveiðimanna og kaupmanna og sérstaklega vinsælt að slengja hrefnunni á grillið.

Salvör Nordal heimspekingur er ekki meðal þeirra sem hefur keypt hrefnukjöt og sér ekki fram á að þar verði breyting á. „Ég smakkaði einu sinni hrefnukjöt í Nóatúni og það var ekki jafnvont og ég átti von á,“ segir hún. „Það smakkaðist þó ekki það vel að ég ætli að bera mig sérstaklega eftir því.“ Salvör segist ekki hafa sérstaka skoðun á hvalveiðum sem slíkum, hvort sem það er í vísinda- eða atvinnuskyni. „Hvalveiðar eru mér ekki ofarlega í huga og ég hef ekki lagt mig sérstaklega eftir að taka afstöðu í þeim efnum. Það eru aðrir hlutir sem mér finnst meira spennandi.“

Víetnamskur maður:

## Sendi frænda hauskúpu

Lögreglan í Ho Chi Minh borg í Víetnam handtók tvo menn á dögunum fyrir að reyna að senda ættingja annars þeirra í Bandaríkjunum hauskúpu af manni. Hauskúpuna ætlaði viðtakandinn að brúka til trúarathafna. Mennirnir heita Doan Ngoc Phang og Huynh Thai Son og hafa verið ákærðir fyrir grafarrán.

Upp um málið komst í síðustu viku þegar tollverðir fundu hauskúpuna vafða í bóluplast.

Phang segist hafa greitt Son um 1,6 milljón dong, andvirði um sex þúsund króna, fyrir hauskúpuna. Hann hugðist senda frænda sínum í Kaliforníu gripinn sem vildi nota hana til að hjálpa sér að biðja æðri öfl um velsæld. Lögreglan veit enn sem komið er ekki hvaðan hauskúpan kemur en málið er í rannsókn. ■



**HAUSKÚPA** Hauskúpan sem reynt var að senda mun vera áþekk þessari.

# Krákan kvað Nixon ómögulegan

**Bragi Einarsson, eigandi Eden, hefur í hyggju að hægja á sér og selja staðinn þó að aldrei hafi verið meira að gera. Þetta vill hann gera meðan hann gengur enn heill til skógar. Hann rifjar upp veru krákunnar Margrétar í Eden.**

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**BRAGI EINARSSON** Bragi hyggst nú selja Eden sem hann hefur átt í tæp fimmtíu ár. Hann segist eiga fullt af hugðarefnum til að snúa sér að þegar um hægist.

Flestir Íslendingar hafa einhvern tíma komið til Eden í Hveragerði. Reyndar eru erlendu ferðamennirnir einnig ófáir sem leggja leið sína þangað en það virðist vera hefð fyrir því hjá rútubílstjórum að koma við í Eden á ferðum sínum um Suðurland.

Bragi Einarsson heitir eigandi þessa griðarstaðar og hefur verið það í tæp fimmtíu ár. En nú fer að verða breyting þar á því Bragi hefur ákveðið að selja Eden.

„Það hefur aldrei verið meira að gera en nú og aðsóknin vex með hverju ári,“ segir Bragi þegar hann er spurður hvort nýr verslunarkjarni í Hveragerði sem er upp við þjóðveginn hafi ekki dregið úr aðsókninni hjá sér. „Útlendingunum fjölgar þó mest, ætli ég fái ekki nær alla erlenda ferðamenn sem til landsins koma,“ bætir hann sposkur við.

Bragi hefur vakið athygli manna á Eden með ýmsum hætti í gegnum árin og eflaust muna einhverjir eftir kráku einni sem þar hélt til á sjöunda og áttunda áratugnum, Bragi útskýrir málið. „Ég var með kráku hérna sem hét Margrét og hún gat talað íslensku, dönsku og svo hrafl í ensku. Hún vakti oft kátínu hjá gestunum og mér er sérlega minnisstætt þegar bandarískir ferðamenn komu hingað og voru að ræða um mál sem þá voru ofarlega á baugi og því varð þeim tíðrætt um Nixon. En um leið og Margrét heyrði Nixon nefndan á nafn kvað hún við „no good!“ og hristi hausinn. Þótti Bandaríkjamönnunum þetta til merkis um það að menn og dýr á norðurhjara veraldar væru vel að sér í heimsmálunum,“ segir Bragi og hlær við endurminninguni.

Myndlistarsýningar eru tíðar í Eden og segir Bragi að oftast sé langur biðlisti eftir að fá að sýna í salnum. Bragi tekur hins vegar ekkert fyrir og segir nærveru myndlistamannanna vera næga borgun.

„En nú er hins vegar kominn tími til að hætta þessu meðan ég stíg ennþá í báða fætur og láta yngri og kraftmeiri menn um hituna. Það verður svo örugglega ágætt að vakna upp til nýs veruleika,“ segir hann að lokum.

**jse@frettabladid.is**

# Kvöldganga um landbrot í Viðey

Borinn og barnfæddur Viðeyingur, Örlygur Hálfdánarson bókaútgefandi, leiðir gesti í kvöldgöngu um Viðey í kvöld. Þar segir hann ótrúlega útgerðar- og mannlífssögu staðarins. Einnig sýnir hann hið ógnvænlega landbrot sem á sér stað við Kríusand og Þórsnes en Örlygur telur að sanddæling upp úr flóanum valdi miklu tjóni.

Viðey varð á skömmum tíma ein helsta útflutningshöfn og samgöngumiðstöð landsins eftir að hið svokallaða Milljónafélag reisti stærstu útgerðarstöð landsins þar í upphafi tuttugustu aldar, með fjölda íbúðar- og fiskverkunarhúsa. Má segja að uppgangur eyjarinnar hafi orðið til þess að Reykvíkingar, sem óttuðust samkeppnina, hófust loks handa við hafnargerð.

Húsin í þorpinu voru öll rifin í upphafi seinni heimsstyrjaldar en nú er búið að setja söguskilti við hvern grunn, með mynd af viðkomandi húsi og síðustu íbúum þess. Auk þess er búið að setja upp örnefnaskilti og upplýsingaskilti um gróður og dýralíf.

Siglt verður frá Sundahöfn klukkan 19.00 en þeir sem þess óska geta keypt kaffiveitingar í félagsheimili Viðeyinga í gamla vatnstankinum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI ÖRLYGS HÁLFDANARSONAR



**GAMLI TÍMINN** Eitt íbúðarhúsanna í Viðey sem var rifið í upphafi síðari heimsstyrjaldar.





Ævintýraleg skólatilboð
15,4"
WIDE SCREEN
Þú ert ljónheppinn því Medion er á tilboði í dag!
Klárlega besta fartölvutilboðið
MEDION® C7
MD95343
MEDION C7 CENTRINO 3300
• Pentium® M processor 1.7 GHz (735)
• 15.4" WXGA TFT (1280x800)
• ATI® MOBILITY RADEON ™ 9700 SE 128MB
• Sjónvarpskort og fjarstýring
• 512 MB DDRRAM
• 100 GB 5400RPM diskur
• DVDRW +/- skrifari "DUAL LAYER"
• Hátalarar með bassaboxi
• 54Mbit þráðlaust netkort
• TV-Out, DVI, Firewire, S/PDIF, Bluetooth
• MediaBay kortalesari
BATTLEFIELD2 CERTIFIED
FireWire
FYRSTA 1 SEPT. GREIÐSLA
Minniskort
í stafrænum myndavélum, MP3-spilurum, farsímum eru æ algengari og því er mikill kostur að geta stungið kortunum beint í vélina.
Bluetooth
Gerir þér kleift að senda gögn í og úr t.d. farsímanum, prenta þráðlaust úr þar til gerðum prenturum o.fl.
Sjónvarpskort og fjarstýring
Gerir þér kleift að horfa á sjónvarp beint úr tölvunni, taka upp efni til geymslu eða til að setja á DVD. Hægt að "pása" beina sjónvarpsútsendingu o.fl.
Klikkaðir kaupaukar
17"
17" flatskjár fylgir öllum Medion fartölvum þessa vikuna
FYLGIR
FYLGIR
5.111* Tölvukaupalán 48 mán.
14.999** Vaxtalaust 12 mán.
179.988 Staðgreitt
Stafrænar myndavélar
SONY
Sony Cybershot DSC-S40
** 1.599 Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
19.188 STAÐGREITT
4.1 megapixlar
Frábær kaup
Aðdráttur
3x optical 4,1 Mp, Carl Zeiss Vario Tessar linsan gefur hármarks gæði og þú nærð smáatriðum sem skipta máli í fullum gæðum.
Carl Zeiss linsa
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.
Litaskjár
Vandaður 1.5" hybrid litaskjár tryggir frábær myndgæði og skerpu jafnvel þegar verið er að taka myndir í mikilli birtu.
SONY
Sony Cybershot 4.1 MI DSC-S80
Risa skjár
4.1 megapixlar
SONY GÆÐI
** 2.499 Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988 STAÐGREITT
BT Bestu kaupin
RAFHLAÐA
Hleðslurafhlöður
Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.
2" litaskjár
Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem sem eru teknar á DSC-S80.
MPEG Movie
Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir.
Carl Zeiss linsa
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.
Strákarnir
Hér er kominn troðfullur DVD diskur með því besta frá Strákunum.
1.999
AS SEEN ON TV
BT
Playstation2 tilboð
Vinsælasti DVD spilarinn! Vinsælasta leikjatölvan!
NET TENGI
DVD
USB
4.799
4.799
4.799
Einn af þessum leikjum fylgir!
Allur pakkinn
14.999

## SVONA ERUM VIÐ

**VERÐBÓLGA SÍÐUSTU 12 MÁNAÐA, MÆLD Í JÚLÍ**

Heimild: Hagstofan




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FELLIBYLJIR

# *Krappar hitabeltislægðir*

Fellibyljir gegna mikilvægu hlutverki í veðrakerfi jarðarinnar, þar sem þeir flytja hita og orku frá miðbaug til svalari svæða nær pólunum.

**Hvað er fellibylur?**
Fellibylur er mjög kröpp lægð, í kringum lægðarmiðjuna snýst vindur sem blæs með meira en 120 km meðalhraða og meira en tvöfalt það í hviðum. Hver fellibylur getur náð allt að 15 km upp í veðrahvolfið og er að meðaltali um 800 km að þvermáli. Bylurinn hreyfist svipað og skopparakringla með allt að 35 km hraða á klst.

**Hvernig myndast fellibyljir?**
Ýmislegt þarf til að venjuleg lægð breytist í fellibyl. Meðal áhrifamestu þáttanna eru:
- uppspretta mjög hlýs, raks lofts – sem stígur upp af sjó í hitabeltinu með yfir 26°C yfirborðshita
- nægilegt snúningsafl af snúningi jarðar – þetta fer eftir breiddargráðu.

Þegar heitur sjór hitar loftið fyrir ofan hann streymir mjög hlýtt og rakt loft upp mjög hratt og myndar þar með lágþrýstingssvæði við sjávaryfirborðið. Varmajöfnunartilhneiging andrúmsloftsins hleypir af stað sterkum vindi sem hringsnýst í átt að lágþrýstingsmiðjunni. Loftmassinn í vindinum skilar af sér hita og raka í hringekjuleiðinni niður á við. Snúningur jarðar veldur hringsnúningnum á vindinum.

**Hvaðan fær fellibylur orkuna sem knýr hann áfram?**
Mikil orka fellur til þegar uppgufun verður af heitu vatni hitabeltissjávar. Þessi orka geymist í vatnsgufunni í röku lofti. Þegar þetta loft rís losnar 90 prósent af orkunni þegar rakinn þéttist og úrkomuský hrannast upp.


MYND/GEEKPHILOSOPHER.COM

Fellibyljir myndast á bilinu frá 5. til 30. breiddargráðu og hreyfast vanalega í vesturátt og lítillega í átt að öðrum hvorum pólnum, eftir því hvort bylurinn myndast norðan eða sunnan miðbaugs.
Fellibyljir myndast í Atlantshafi (á ensku: hurricane), Kyrrahafi (e.:typhoon) og Indlandshafi (e.:cyclone). **- aa**

## SPURT & SVARAÐ

**NÝTT LEIÐAKERFI STRÆTÓ**



**ÁSGEIR EIRÍKSSON**
**FRAMKVÆMDASTJÓRI STRÆTÓ BS.**

### *Byggt á sex stofnleiðum*

Nýtt leiðakerfi strætó tekur gildi á laugardaginn kemur.

**Á hverju byggir nýja leiðakerfið?**
Grunneining nýja leiðakerfisins eru sex stofnleiðir sem ætlað er að flytja íbúa fjölmennustu svæða að stærstu atvinnu- og þjónustusvæðum. Ein leiðanna ekur úr Hafnafirði til borgarinnar, ein fer í Kópavog, tvær í Breiðholt, ein í Selás og Árbæ og ein í Grafarvog. Sex almennar leiðir þjóna miðborg Reykjavíkur og tengja hana við nærliggjandi hverfi. Sjö hverfaleiðir verða einnig starfræktar og kemur engin þeirra inn til miðborgarinnar.

**Hverjar eru helstu breytingarnar?**
Sex af nítján akstursleiðum aka á tíu mínútna tíðni á álagstímum, fram til hálfníu á virkum morgnum og milli hálffjögur og sex á virkum dögum. Akstursleiðir verða almennt lengri en færri auk þess sem ferðum verður fjölgað.

# Reglurnar eru óvíða strangari

**Óvíða eru lög um auglýsingar á áfengi jafn stífar og strangar og hér á landi. Framleiðendur segja lögin bitna á þeim því að þeir geti ekki auglýst vörur sínar meðan erlendir kollegar þeirra auglýsi í bak og fyrir í ýmsum miðlum. Lýðheilsustöð segir venjuleg markaðslögmál ekki gilda um þessar vörur.**

Á undanförnum árum hefur mikið borið á uppátækjum auglýsenda til að vekja athygli á bjór eða léttvíni með slíkum hætti að mörgum þyki lög sem um þetta gilda vera fótum troðin. Nú síðast ögraði Nóatún túlkun margra á þessum lögum með því að veita hverjum gasgrillkaupanda bjór svo lengi sem hann var yfir lögaldri. Lyktir urðu þær að Nóatún hætti þessum bjórgjöfum eftir að hafa borist beiðni frá lögreglunni í Reykjavík um að láta af þeim.



**FRÉTTASKÝRING**
LÖG UM AUGLÝSINGAR Á LÉTTVÍNI OG BJÓR

**JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON**
BLAÐAMAÐUR

Í þessu tilfelli líkt og mörgum öðrum hafa málalok þó ekki orðið til að skerpa tilfinningu manna fyrir þessum lögum sem fæstir virðast sáttir við.

**Bitnar á íslenskum framleiðendum**
„Löggjöfin eins og hún er í dag mismunar íslenskum bjór- og vínframleiðendum sem geta með takmörkuðum hætti auglýst vörur sínar meðan allt úir og grúir af erlendum áfengisauglýsingum á gervihnattastöðvunum, internetinu og í erlendum tímaritum,“ segir Andri Þór Guðmundsson forstjóri Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson. Þessu eru allir framleiðendur, auglýsendur og vín- og bjórinnflytjendur sem Fréttablaðið hafði samband við sammála.

Einn víninnflytjandi segir það viðgangast að þeir sem fari á svig við lögin komi vörum sínum frekar á framfæri en þeir sem virði þau. Sem dæmi um þetta nefnir hann að bjór er auglýstur í því yfirskyni að um sé að ræða léttöl og hafa sumir gengið svo langt í þessum efnum að þeir eru farnir að auglýsa bjórtegund sem léttöl þó að ekkert léttöl sé til af þeirri tegund.

Guðrún Björk Geirsdóttir, deildarstjóri víndeildar Austurbakka, segir mikils misræmis gæta vegna þessarar löggjafar. „Mér finnst það afskaplega skrítið að ég geti auglýst léttvín og bjór í tímaritinu Atlantica og öðrum tímaritum sem lesin eru í háloftunum þó að þar séu mikið til sömu lesendur og eru að lesa Fréttablaðið þar sem ég má hins vegar ekki auglýsa,“ segir Guðrún.

Enn fremur benda söluaðilar og auglýsingafólk á til að ítreka misræmið að á íþróttaviðburðum og jafnvel bloggsíðum fyrir börn og unglinga séu áfengisauglýsingar tíðar og því séu hömlur löggjafarinnar löngum búnar að missa marks í þessu opna og tæknivædda nútímasamfélagi.

**Áfengisauglýsingar verða alltaf til í opnu samfélagi**
„Það er engin leið að framfylgja banni við auglýsingum á áfengi nema þá með því að loka fyrir gervihnattastöðvar, internetið og innfluttning á erlendum tímaritum og ég held að það sé nú ekki til umræðu,“ segir Ingólfur Hjörleifsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra auglýsendastofa. „Við fagfólk á auglýsingastofum lítum venjulega svo á að ef einhver má selja vöru þá hlýtur hinn sami að mega auglýsa hana. En svo hefur okkur þótt sjálfsagt að settar séu einhverjar hömlur eins og til dæmis hvað varðar tóbak sem sýnt hefur verið fram á að er stórskaðlegt heilsu fólks. Við í SÍA höfum því lagt til að gerð verði fagleg rannsókn á breyttu lífsmynstri fólks svo að umræðan geti farið upp úr þessu tilfinningalega þrætustigi og í framhaldi af því ætti að endurskoða löggjöfina,“ bætir Ingólfur við.




**BJÓRAUGLÝSINGAR** Einhverjir kunna að fara framhjá stífri löggjöf um áfengisauglýsingar hér á landi. Framleiðendur, fagfólk á auglýsingastofum og víninnflytjendur óska þess helst að léttvíns- og bjórauglýsingar verði heimilaðar svo þeir þurfi ekki lengur að feta á þunnri línu eða gráu svæði. Lýðheilsustofa segir hins vegar að venjuleg markaðslögmál gildi ekki í þessum efnum.

**Tilslakanir eða ekki?**
„Ég tel eðlilegast að leyfa auglýsingar á bjór og léttvíni innan skynsamlegra marka svo að þessum línudansi fari nú að linna,“ segir Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs hjá Vifilfelli, og endurspeglar þar skoðun framleiðenda, innflytjenda og auglýsenda sem Fréttablaðið náði tali af.

Lýðheilsustöð hefur hins vegar bent á að rannsóknir sem gerðar hafa verið bendi til þess að tilslakanir í áfengismálum hafa haft aukna áfengisneyslu í för með sér sem síðan hefur leitt til fleiri slysa og sjúkdóma. Bendir stöðin á að rekja megi dauðsföll 600 þúsund Evrópubúa á einu ári til áfengisneyslu og því gildi ekki venjuleg markaðssjónarmið í þessum málum.

**Auglýsingar óvíða bannaðar**
Ísland er meðal fárra þjóða þar sem algjört bann ríkir við auglýsingum á bjór og léttu víni. Þó ganga Norðmenn mun lengra í sinni löggjöf en þar er óheimilt að auglýsa drykki sem innhalda 2,5% áfengi eða meira. Auk þess er kveðið á um að léttöl og bjór verði að vera í ólíkum umbúðum svo ekki sé hægt að auglýsa bjór undir þeim formerkjum að um sé að ræða léttöl.

Hins vegar eru víðast sett skilyrði fyrir áfengisauglýsingum þar sem þær eru leyfðar. Til dæmis eru áfengisauglýsingar óheimilar í sjónvarpi og hljóðvarpi í Belgíu og fleiri löndum. Á Spáni má ekki auglýsa áfengi sem er sterkara en 23% í sjónvarpi og ekki er heimilt að sjónvarpa áfengisauglýsingu fyrir klukkan hálf tíu á kvöldin.

Frá fjármálaráðuneytinu bárust þau svör að ekki væri von á að nýjum lögum um áfengisauglýsingar eða sölu á áfengi. ■

**AUGLÝSINGAR Á LÉTTVÍNI OG BJÓR – SKILYRÐI FYRIR LEYFI**

| | | |
|---|---|---|
| ÍSLAND | Óheimilar | |
| NOREGUR | Óheimilar | |
| SVÍÞJÓÐ | Heimilar | Ekki í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum eða tímaritum |
| DANMÖRK | Heimilar | Ekki í sjónvarpi eða útvarpi, samkvæmt útvarpslögum |
| FINNLAND | Heimilar | Ekki sterkari en 22% |
| BRETLAND | Heimilar | Má ekki beina til ungs fólks |
| SPÁNN | Heimilar | Ekki í sjónvarpi fyrir kl. 21.30, ekki sterkara en 23% |
| GRIKKLAND | Heimilar | Engin skilyrði |




# Ótrúlegt verð
## á golfsettum



Wilson

**Vönduð golfsett á frábæru verði**




899 kr

**Golfhanskar** dömu og herra
svartir, hvítir, st. S, M, L



1.699 kr

**Golfkúlur**
24 stk. í kassa




1.899 kr

**Nike golfkúlur**
12 stk í pakka




799 kr
Verð áður 1.999-

**Golf aukahlutasett**

**Ascent golfkerra**
létt og meðfærileg ál kerra sem hægt er að opna og loka með einni hreyfingu

3.999 kr

19.999 kr
Verð áður 29.999-

Wilson

**Wilson dömu golfsett**
Hægrihandar sett
Tré með grafít sköftum (3,5,7)
TrueTemper járn með stál sköftum (5,6,7,8,9,P,S)
Pútter með megin þyngd í hæl og tá
ProStaff „cart bag" poki með einfaldri axlaról

19.999 kr

19.999 kr
Verð áður 29.999-

Wilson

**Wilson herra golfsett**
Hægrihandar sett
400cc driver
Tré með grafít sköftum (1,3,5)
TrueTemper járn með stál sköftum (3,4,5,6,7,8,9,P,S)
Pútter með megin þyngd í hæl og tá
ProStaff „stand bag" poki með töföldum axlarólum og áföstum þrífót

19.999 kr

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

# skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Víða í sveitum landsins hefur byggð snúið vörn í sókn.

## Nýir þjóðflutningar

Það eru reistir tveir sumarbústaðir á dag í uppsveitum Árnessýslu, annað eins í sveitum Borgarfjarðar. Í kringum Eyjafjarðarsvæðið er verið að skipuleggja fleiri tómstundabyggðir en nokkru sinni áður, suður í Fljótshlíð eru jarðir uppseldar. Víða um landið er barist um gamlar eyðijarðir.

Þetta er ný mynd af Íslandi.

Í reynd er þéttbýlið að nema ný lönd. Höfuðborgarsvæðið er að þenjast út og spannar allt frá Snæfellsnesi í vestri til Landeyja í austri. Það sem áður hét ferðalag er núna skottúr; vegabætur og betri bílar, ásamt gríðarlegri aukningu í alls konar afþreyingu í sveitum landsins hefur gert það að verkum að æ fleiri Íslendingar kjósa að verja frístundum sínum utan borgarmarkanna. Það má jafnvel tala um tísku í þessum efnum; það er móðins að eiga sér vistlegt athvarf fjarri skarkala borgarlífsins, það er flott að eiga sér annað heimili einhvers staðar ofan í lækjarbotni eða inn til heiða.

Þeir sem þekkja til skipulagsmála í dreifbýli segjast aldrei hafa kynnst öðrum eins áhuga á sveitum landsins og gætt hefur á allra síðustu árum. Kapphlaupið um bestu löndin er víða afstaðið – og nú reynir á ímyndunarafl heimamanna sem leita um allar koppagrundir að nýjum svæðum fyrir tómstundabyggðir.

Þetta er kostuleg mynd af Íslandi.

Margar byggðir sem um langt árabil hafa átt í vök að verjast eru komnar í hraða sókn. Í Hrunamannahreppi, svo dæmi sé tekið, hefur fólksfjölgun á síðustu árum verið langt yfir landsmeðaltali. Fjölbreytt þjónusta við nýja íbúa hreppsins vindur hratt upp á sig, svo hratt reyndar að flytja hefur þurft fólk inn frá meginlandi Evrópu til að sinna þeim störfum sem eru að skapast.

Þessi nýja mynd af Íslandi hefur einnig gert það að verkum að æ fleiri bændur bregða sínu hefðbundna búi og reyna fyrir sér í ferðaþjónustu. Og möguleikar þeirra eru ekki aðeins bundnir við sumarið heldur sækir fólk í ríkari mæli út í sveitirnar á öllum tímum ársins og skapar þannig heilsárssstörf í stað tímabundinna verkefna.

Afleiðing alls þessa er og verður breytt viðhorf borgarbúa til dreifbýlisins. Þessir síðari tíma þjóðflutningar skapa aukna umhverfisvitund fólks og líklegt er að þau skil sem orðið hafa á milli borgarbúa og sveitamanna máist að mestu út á komandi árum. Á tveimur síðustu áratugum nýliðinnar aldar var einatt talað um að þjóðin væri að skiptast í tvennt; annars vegar væru það þéttbýlingarnir á suðvesturhorninu og hins vegar væri það landsbyggðarfólkið. Ef eitthvað er til í þeirri fullyrðingu þá mun byggðaþróunin sem hér hefur verið nefnd leiða saman þessar tvær þjóðir að nýju.

Síðast en ekki síst mun breytingin fela í sér stórauknar kröfur um vegabætur um allt land. Hætt er við að nýr þrýstihópur í þeim efnum, sjálfir þéttbýlingarnir, hafi ekki sömu biðlund og sveitamennirnir hafa sýnt um árabil. Krafan um þverun fjarða, göng og tvíbreiðar brýr heyrist hvað hæst frá borgarbúum á næstu árum; fólki sem vill komast eins fljótt og örugglega og hugsast getur í burt frá borginni – til síns annars heima. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Pistlar Guðbergs

Guðbergur Bergsson hefur að undanförnu skrifað daglega örpistla á vefsíðu JPV-forlags. Lætur hann sér fátt óviðkomandi. Sumum finnst þetta óþægilegt. Lesendum vefsíðunnar er boðið að segja álit sitt á skrifum Guðbergs. Hafa nokkrir notfært sér það og eru ekki allir jafn hrifnir. Einn segir: „Af hverju er maðurinn að skrifa þessa vitleysu? Dettur honum í hug að einhverjum þyki þetta sniðugt? Þeir sem hafa ekkert til málanna að leggja annað en klám og bull eru flestir búnir að læra að halda sér saman þegar þeir eru komnir á áttræðisaldur."

### Hneykslun

Sumir kveða fast að orði: „Höfundur þessa texta hvort sem hann er svona mikið flón eða bara venjulegur perri hefur gleymt að taka lyfin sín. Það hlýtur að fást eitthvað í Lyfju sem verkar stemmandi á ritræpu." Annar segir: „Hvort sem þetta gerpi er meira flón eða perri, þá hefur þessi höfundur snúið bókmenntaelítu landsins kringum sig eins og skopparakringlum áratugum saman – án þess að eiga nokkra aðra lesendur." Ólíklegt er að Guðbergur kippi sér upp við þessar athugasemdir. Hann er vanur þessu. Athyglisvert er að enginn sem finnur að skrifum Guðbergs treystir sér til að skrifa undir nafni.

### Vegaflækja

Í einum pistla Guðbergs er vikið að hinum sérkennilegu mannvirkjum við Hringbraut: „R-listinn ætlar að skilja eftir sig fágætan minnisvarða. Þetta er nýja vegaflækjan kringum Umferðarmiðstöðina. Hún minnir á teikningar arkitektsins Piranesi af fangelsum brjálæðisins. Hver flokkur innan listans virðist hafa fengið sína öfugsnúnu göngubrú, spotta sem byrjar hvergi og enda enn síður. Innan um spottana er fléttað einskonar slútandi hengingargálgum með stefnuljós fyrir flugvöll á leið út úr skipulaginu. Að Umferðarmiðstöðinni, kjarna krússindúllsins, gengur enginn strætisvagn. Komi ferðamaður með síðasta flugi frá heimsborgunum miklu, þá kemur hann að henni lokaðri og verður að bíða alla nóttina eftir leigubíl."



gm@frettabladid.is

## Skipulagsmál og framboðsmál

Það fer ekki á milli mála að sveitastjórnarkosningar verða á næsta ári. Í höfuðborginni eru framkvæmdir úti um allt. Verið að laga götu hér og götu þar. Kannski væri heppilegt að kjósa oftar þá væri meira um uppbrettar ermar til að koma hlutunum í lag. Þá væri kannski líka meira um góðar hugmyndir og meira litið til þess hvað fólki finnst um eitt og annað. Ég hlustaði um daginn á samtalsþátt um skipulagsmál í Reykjavík. Þáttastjórnandi hafði orð á því að umræða um skipulagsmál væri óvenju fjörug um þessar mundir (Þetta var rétt eftir að Sjálfstæðismennirnir spiluðu út trompinu með eyjabyggðina). Einn þátttakenda sagði skýringuna á því einfalda. Almennt vilji þeir sem sitji við stjórnvölinn ekki ræða þessi mál við borgarana, þeir vilji ákveði þetta sjálfir, og því átti íbúarnir sig ekki á því hvað er á döfinni fyrr en skurðgröfur eru mættar á svæðið. Ég óttast að þetta sé rétt. Viðhorf ráðamanna hvort heldur hjá ríki eða borg eru oft þau að samráð og samtöl við borgaranna þvælist bara fyrir.

Hörmungin, hraðbrautin, í Vatnsmýrinni er vont skipulag sem virðist eiga að versna. Skipulagið segir svo til um að við þennan hrylling eigi að bæta einu stykki bensínstöð mitt á milli Háskólans og Landspítalans. Sú bensínstöð á að svara eftirspurn þeirra sem selja bensín, ekki þeirra sem kaupa. Það verður nefnilega bara tíu mínútna gangur á milli bensínstöðva, hvort heldur er í austur eða vestur. Vegalengd sem engum er vorkunn að ganga þegar bíllinn verður bensínlaus við Njarðargötuna. En það er náttúrlega bara asnalegt að minnast á það. Það sem máli skiptir er að byggja á tónlistarhús þar sem Esso er núna með bensínstöð og auðvitað verða þeir að fá annan útsölustað í staðinn. Þeir sem eiga Esso hafa verið dyggir styrktaraðilar Framsóknarflokksins um árabil, tóku meira að segja lán til þess að flokkurinn hefði þak yfir höfuðið, það má ekki minna vera en sjá til þess að þeir geti haldið áfram að selja bensín í miðborginni. Náttúrlega bara einhvers konar öfund sem fær fólk til amast við tilhögun af þessu tagi.

Í kjölfar eyjabyggðatrompsins komu alls konar hugmyndir; grafa göng eða byggja brú yfir á Álftanes og þaðan átti maður svo að vera kominn kviss bang til Keflavíkur held ég svei mér þá. Það er sannarlega ekki skortur á hugmyndum þegar hugmyndabankinn er opnaður. Áfram er samt flugvöllurinn í miðri borginni á besta byggingarlandinu, þó hryllingurinn í Vatnsmýrinni hafi auðvitað rýrt þann stað nokkuð, og enginn þorir að taka af skarið með að flýta því að hann verði fluttur. Það eru enn þá ellefu ár til 2016, ekki kæmi mér á óvart að á þeim tíma yrði búið að koma málum, eða öllu heldur vegalagningu þannig fyrir, að menn telji sig þá hafa rök fyrir því að það „borgi sig ekki" að hreyfa við afstyrminu.

En skipulagsmálin hafa nú horfið í skuggann fyrir framboðsmálum. Allir, nema oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni, eru voða æstir út í Össur af því hann segir upphátt að þeir sem ekki eru í flokki eigi kannski erindi að stjórn borgarinnar. Oddvitinn sem minnst var á er samt með á nótunum, Össur er skiljanlega fúll út í borgarstjórann, segir hann. Allt jafn uppbyggjandi, enginn getur haft skoðun nema að hún sé sprottin af eiginhagsmunum eða eiginergelsi. Ég er sammála Össuri Samfylkingin á að opna fyrir óflokksbundnum þegar kemur að því að setja saman lista fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Ef Framsóknarflokkurinn og Vinstri grænir ná ekki því sem þeir vilja út úr búskiptaumræðunni sem stendur yfir meðal flokkanna sem standa að R-listanum þá verður bara að hafa það og reyna eitthvað nýtt. Líklegast er þetta ekki bara góð hugmynd hjá Össuri heldur frábær.

Við erum orðin dauðþreytt á ríkisstjórn sem setið hefur of lengi. Þeir sem stjórna borg geta líka verið of lengi. Þegar spurningarnar snúast um að setja upp safnráð til að tryggja flokkstryggum aðgang að listinni eða hverjir eiga að vera stjórnarformenn hjá Orkuveitunni og Strætó, þá er málið farið að snúast um frambjóðendurna en ekki fólkið. Þeir sem andæfa slíku við stjórn landsins eiga líka að andæfa slíku við stjórn sveitarfélagsins.

**Í DAG**
KOSNINGAR FRAMUNDAN



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Þeir sem stjórna borg geta líka verið of lengi. Þegar spurningarnar snúast um að setja upp safnráð til að tryggja flokkstryggum aðgang að listinni eða hverjir eiga að vera stjórnarformenn hjá Orkuveitunni og Strætó, þá er málið farið að snúast um frambjóðendurna en ekki fólkið.*



Púkinn.com kynnir:
2005 MV Agusta F4 1000
Eitt rosalegasta götuhjól í heiminum
Til sýnis í dag á milli 14:00 og 20:00
Sjón er sögu ríkari • Verð kr. 2.744.000,-
Púkinn.com
Grensásvegi 14 • 108 Rvk • S: 566-6820



FRIENDS
VIRKA DAGA KL. 20:30
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS

# GOLF
## [ sumarið er tíminn ... ]



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN


Sigurgísli Skúlason
*Golf er eins og kynlíf*
Bls. 2

Hinrik Hilmarsson golfdómari
*Enga forgjafasvindlara, takk!*
Bls. 4

Golftískan
*Klassísk og hress*
Bls. 6

Árni Sævar Jónsson
*Golfkennari í þrjátíu ár*
Bls. 8

# Golf á hvíta tjaldinu

***Golf er vinsæl bíómyndaíþrótt þrátt fyrir að ekki margar kvikmyndir hafi verið gerðar um það. Viðskiptasamningar í kvikmyndum eru oft gerðir á golfvellinum og Tony Soprano er til að mynda mikill golfari. Þá er erfitt að gleyma því þegar Snoop Dogg var kylfusveinn Vince Vaughn í Starsky & Hutch. Hann viðurkenndi reyndar að hann vissi ekki mikið um golf en heilmikið um gras.***

TIN CUP er af mörgum talin ein af betri myndum um golfíþróttina. Hún fjallar um Roy McAvoy sem er uppgjafa atvinnugolfari og býr í Winnebago. Einn góðan veðurdag fær hann heimsókn frá hinni fallegu dr. Molly Griswold sem vill fá að læra hjá honum. Síðar kemur í ljós að hún er kærsta fyrrum keppninautar McAvoy, David Simms. Hún hvetur hann engu síður til þess að taka kylfurnar aftur fram og reyna að komast á US Open.

HAPPY GILMORE Gamanmyndin Happy Gilmore segir frá samnefndum dreng sem alinn er upp af ömmu sinni. Hann dreymir um að verða íshokký spilari en getur það ekki vegna þess að hann kann einfaldlega ekki að standa á skautum. Þegar amma hans gleymir að borga skattinum á að taka húsið af henni. Gilmore neyðist því til að finna leið út úr vandræðunum. Hann kemur við á æfingasvæði fyrir golfara og kemst þar í raun um að hann getur hitt golfbolta með miklum tilþrifum. Á golfvellinum telst Gilmore-stíllinn ekki við hæfi en þeim sem tekst að slá líkt og hann gerði ná góðri lengd

CADDYSHACK Í þessari mynd er gert mikið grín að golfíþróttinni. Allir þeir sem spila golf eru gamlir og ríkir en þeir sem vinna á velllinum er fátækir og heimskir. Aðalhetjan er Danny kylfuberi og gerir nánast hvað sem er til þess að ná sér í pening svo að hann komist í háskóla. Myndin var drepfyndin á sínum tíma en ekki er víst að hún hafi elst jafn vel.

THE LEGEND OF BAGGER VANCE Dramatísk kvikmynd í meira lagi. Segir frá Rannulph Junnah sem er besti kylfingurinn í Savannah. Honum gengur vel, á fallega kærustu sem er vellauðugur landeigandi. Þegar fyrri heimsstyrjöldin hefst er Junnah sendur af stað í hættulega sendiför og snýr ekki aftur fyrr en eftir fimmtán ár. Þegar þar er komið við sögu þá er kreppan í algleymingi. Tengdafaðir hans hefur framið sjálfsmorð og selja á ættaróðalið, golfvöllinn. Junnah neyðist því til þess að finna gömlu sveifluna og nýtur til þess aðstoðar kylfusveinsins, Bagger Vance.



Sú golfmynd sem hvað mest var lagt í segir frá kylfusveininum Bagger Vance sem kemur kylfinginum Rannulph Junnah til aðstoðar. Will Smith og Matt Damon leika stærstu hlutverkin.

Landsmótið í golfi

21. - 21. júlí

í beinni á

SÝN



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMAN

Hægt er að fá að prófa kylfurnar áður en þær eru keyptar á þar til gerðu svæði í golfbúðinni.

# Tekur viðskiptavini sína ekki á sálfræðinni

***Sigurgísli Skúlason er menntaður sálfræðingur en rekur golfbúð í Hafnarfirði, nánar til tekið á Dalshrauni. Hann segir lykilinn í golfinu vera þann að kylfingurinn þarf að hafa gaman af íþróttinni.***

Sigurgísli Skúlason býr í Kópavogi, rekur golfbúð í Hafnarfirði en kemur frá Keflavík. Þar að auki er hann menntaður sálfræðingur. „Það er sálfræði í öllu,“ segir hann og hlær, bætir við að hann taki ekki viðskiptavini sína á sálfræðinni. Sjónvarpið er í gangi og verið er að fylgjast með Opna breska í beinni, sem segir kannski sitt um vinsældir golfsins. Allir eru að spila.

Golfbúðin í Hafnarfirði er frekar vinaleg búð og liggur við að hún sé hverfisbúð. Sigurgísli segir það þó ekki vera því þeir selji golfhluti til allra landshluta. „Auðvitað koma Hafnfirðingar mikið hérna inn,“ segir hann og finnst þeir vera góðir viðskiptavinir.

Sigurgísli er með allar vinsælustu tegundirnar í golfheiminum frá Ping til Nike auk merki búðarinnar, McGregor. „ Allar golfbúðir í dag eru í smásölu og heildsölu,“ segir hann.

Golfið hefur smám saman verið að fikra sig upp meðal vinsælustu íþrótta landsins og Sigurgísli segir orsökina meðal annars liggja í því að allir geti stundað hana.“Við fáum níræða viðskiptavini og þriggja ára gamla.“ Hann segir grundvallatriðið þó vera að hafa gaman af golfinu. „Þetta er eins og kynlíf. Þú þarft ekki að vera góður í því en þú verður að hafa gaman af því,“ segir hann og hlær. „Það eru tveir hausar sem skipta máli, hausinn á kylfunni og hausinn á kylfinginum,“ bætir hann við.

Sigurgísli segir að byrjendur ættu að forðast að kaupa sér það sem er dýrast og best, þó auðvitað sé hægt fá dýr byrjendasett. „Dýrustu kylfurnar eru yfirleitt hannaðar fyrir afreksgolfara.“, segir hann. „Ég hef sett kylfinga í fjóra hópa. Byrjendur eru þeir sem eru með 25 í forgjöf og ofar. Þeir sem eru með 15 og 25 eru meðalgóðir, þeir sem eru mili 10 og tólf eru nokkuð góðir og þeir sem eru með 5 og neðar eru mjög góðir en það eru ekki nema tvö prósent kylfinga sem eru með slíka forgjöf,“ segir Sigurgísli og telur að stærstur hluti þeirra sem stunda golf sé með 18 og yfir.

# 38 GOLFVELLIR

## EITT SÍMANÚMER: 534-5000




**ÞANN 2.ÁGÚST HEFST SALA Á GOLFPÖKKUM GB FERÐA OG ICELANDAIR**

GB FERÐIR ICELANDAIR



# Konur læra ensku og spila golf

*Erla og Kristjana Aradætur ætla að standa fyrir jómfrúarferð til Englands í september.*

Erla Aradóttir hefur á undanförnum árum verið með enskuskóla og sent nemendur sína í Kent School of English. Í september ætlar hún hins vegar að bjóða upp á nýjungu en þá gefst konum kostur á því að læra ensku við skólann og fá enn fremur tækifæri til að spila golf á North Foreland-golfvellinum. „Ferðin verður í viku og verður enskukennslan á morgnana og golf eftir hádegi," segir Erla en hún er nýbyrjuð að slá sjálf. „Ég ákvað að fá systur mína Kristjönu með í lið þar sem hún er ögn reyndari kylfingur en ég," bætir hún við og hlær en þær eiga ekki langt að sækja íþróttahæfileikana enda systur handknattleikskappans Kristjáns Arasonar. Kylfingum með forgjöf gefst kostur á að spila á 18. holu velli en auk þess er líka æfingavöllur þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. „Þá verður einnig enskur golfkennari konunum innan handar og stutt í enska sveitakrárnar," segir Erla. North Foreland-golfvöllurinn er staðsettur við hvítar klettastrendur og þykir mjög fallegur. Að sögn Erlu var mikið spurt um hvort ekki stæði til að sameina þessa tvo þætti og sagðist Erla reikna með því að karlpeninginum yrði fljótlega boðið með. „Stærsti hlutinn af nemendum mínum hefur verið konur og því ákváðum við að gera þetta svona núna en það verður ekki langt að bíða þess að karlarnir fái að koma með."










**Hinrik Hilmarsson golfdómari** „Það á að vera metnaður hvers kylfings að vera með eins rétta og lága forgjöf og mögulegt er."

# Komast ekki upp með að brjóta reglurnar

*Golf er heiðursmannaíþrótt. Á venjulegum golfmótum eru dómarar ekki við hvert fótmál. Að vera kylfingur er því spurning um heiðarleika hvers og eins.*

Eitt af því sem krefst heiðarleika er forgjöfin sem hver kylfingur í golfklúbbi fær. „Forgjöfin er hugsuð þannig að misgóðir kylfingar geti spilað saman á jafnréttisgrundvelli," segir Hinrik Hilmarsson, golfdómari. „Þannig á kylfingur sem er með 10 í forgjöf í raun tíu högg á kylfing sem er með 0 í forgjöf," bætir hann við. Þessir tveir kylfingar geta því keppt við hvorn annan.

Fyrir fimm árum síðan var tekið upp nýtt kerfi, svokallað PGA-forgjafakerfi, sem kemur frá Bandaríkjunum. Til þess að slíkt kerfi virki þurfti að meta alla velli og er grunnforgjöfin miðuð við forgjöf vallarins. Allir vellir eru metnir út frá mörgum þáttum, svo sem lengd, breidd brauta, stærð flata, fjöldi glompa, vatnstorfæra og svona mætti lengi telja. Hver þáttur fær ákveðna tölu sem er slegin inn í forrit sem reiknar út „slope" eða vægi. „Þetta þýðir að kylfingar fá misháa leikforgjöf eftir því hversu erfiður völlurinn er," segir Hinrik.

Til þess að kylfingur fái forgjöf þurfa þeir að spila ákveðin fjölda hringja. „Það er algengur misskilningur að byrjendur í golfi fái 36 hjá körlum og 42 hjá konum. Kylfingar þurfa að spila þrjá 18 holu hringi eða fimm 9 holu hringi til þess að fá 36 eða 42. Eftir það geta menn byrjað að spila fyrir forgjöf," segir Hinrik. Meðalpunktar hjá kylfinga eiga að vera 36, ef að kylfingur er með fleiri punkta heldur en það þá lækkar forgjöfin en ef hann er með lærra þá hækkar hann, reyndar aldrei meira en um 0,1. „Það er ákveðið grátt svæði sem nær frá 33 punktum og upp í 36."

Meðal kylfinga er orðið forgjafasvindlari ákaflega neikvætt slanguryrði. Forgjafasvindlari er kylfingur sem er með hærri forgjöf en geta hans segir um. „Það á að vera metnaður hvers kylfings að vera með eins rétta og lága forgjöf og mögulegt er," segir Hinrik og bætir við að klúbbarnir séu í auknu mæli að koma í veg fyrir þetta svindl sem geti verið ansi hvimleitt á mótum. „GR ætlar til dæmis að gera þá kröfu að hver kylfingur skili inn fjórum skorkortum til þess að viðhalda forgjöfinni."

Almennt séð ræður þó heiðursmannasamkomulagið ríkjum út á velli og segir Hinrik meðal annars að leikmenn á atvinnumótaröðinni dæmi jafnmörg víti á sig sjálfan og dómarar. „Það er enginn heilagur í þessari íþrótt," segir Hinrik og skemmst er að minnast þess þegar Tiger Woods var ávíttur fyrir að berja kylfu sinni í teiginn. „Siðareglurnar eru uppfærðar á fjögurra ára fresti og í reglunum frá árinu 2004 er mótsnefnd gefið leyfi til að vísa kylfingi úr keppni ef hann brýtur reglurnar og jafnvel dæma hann í keppnisbann en þetta er nýlunda."



Ernie Els er þekktur fyrir mjög mjúka og áreynslulausa sveiflu.

# Álags-punktar

***Golfið er af flestum talin vera mjög áhættulítil íþrótt. Það er þó margt sem ber að varast.***

Golf er ekki talin neitt sérstaklega hættuleg íþrótt. Kylfingar þurfa yfirleitt ekki að hafa áhyggjur af því að vera kýldir eins og í hnefaleikum eða tæklaðir eins og fótbolta nema að það liggi eitthvað sérstaklega illa á meðspilaranum.
Þó leynast hættur í golfi eins og í öðrum íþróttum. Erlendis verða árlega fjölmargir kylfingar fyrir eldingu en á Íslandi er mesta hættan við veðráttuna sú að verða rennandi blautur og vindbarinn eftir að hafa gengið fjóra tíma í norðvestan 22 og láréttri rigningu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur enginn kylfingur orðið fyrir eldingu hérlendis og það hlýtur að teljast jákvætt.
Helsta hættan við golfíþróttina er að fá golfkúlu í sig eða hljóta einhvers konar álagsmeiðsl sem tengjast þá sveiflunni sjálfri og beitingu líkamans.
Þegar snúið er upp á líkamann eins og í aftur og framsveiflu er mesta álagið á bak, mjaðmir, hné og axlir. Nokkuð algengt er að atvinnumenn eða þeir sem stunda golfið af miklu kappi, glími við meiðsli af þessum sökum. Meiðsli á olnboga og úlnlið eru einnig þekkt. Höggið sem kylfingurinn fær við að slá í boltann svo ekki sé nú talað um í jörðina bitnar helst á olnboga og úlnlið. Ef menn eru viðkvæmir fyrir þessu geta þeir fengið sinabólgur og tennisolnboga eða jafnvel handarbrotnað ef þeir slá fast í jörðina.
Eins og í öllum íþróttum er hæglega hægt að koma í veg fyrir álagsmeiðsli með því að stunda líkamsrækt og hita vel upp og teygja áður en leikið er. Þá er einnig mikilvægt að vera ekki stífur í sveiflunni og halda ekki um kylfuna eins og verið sé að halda í höndina á besta vini sínum sem er að falla niður af 100 metra bjargi. Frekar á að halda utan um hana eins og verið sé að halda utan um tannkremstúbu og passa að kreista ekkert af tannkreminu út. Með þessu slaknar á öllum vöðvum og gerir sveifluna áreynslulausari.

*trausti@frettabladid.is*



***Helstu álagspunktar*** Á þessari teikningunni má sjá hverjir eru helstu álagspunktarnir í golfsveiflunni.

## stjörnugolfarar }



JACK NICHOLSON

### HÆTTUR AÐ BERJA BÍLA

Hollywood-leikarinn Jack Nicholson varð kannski best þekktur fyrir iðkun sína á golfinu þegar hann réðst að bílstjóra í Los Angeles með golfkylfu í hendi. Síðan þá hefur hann látið sér nægja að berja kúluna áfram á vellinum eins og flestir golfarar. Hann er meðlimur í einum frægasta golfklúbbi Kaliforníu og spilar oft með Clint Eastwood verðandi Íslandsvini.



## stjörnugolfarar }



MICHAEL JORDAN

### LIÐTÆKUR KYLFINGUR

Konungur háloftanna var búinn að kynnast þessari íþrótt áður en hann lagði skóna á hilluna. Þegar bandaríska draumaliðið keppti á Ólympíuleikunum í Barcelona 1992 voru ekki einungis körfuboltaskórnir með því golfsettið fékk einnig að fljóta með. Hann spilaði meðal annars 27 holur daginn fyrir úrslitaleikinn. Þá stendur Michael Jordan einnig fyrir árlegu golfmóti þar sem frægum einstaklingum er boðið að spila með. Meðal þeirra sem Jordan spilar oft með er Charles Barkley.


ECCOES OF THE WORLD



ALLIR HELSTU GOLFSPILARAR LANDSINS NOTA ECCO

Nr. 39124
Stærðir: 40 - 47



Nr. 39883
Stærðir: 35 - 42
Litir: svart/hvítt/ljósbrúnt



Nr. 39543
Stærðir: 35 - 42



Nr. 39194
Stærðir: 40 - 47
Litir: svart/hvítt



Kringlan 553 8050

ecco




**Nevada Bob**
Anorak 17.900 krónur Buxur 19.900 krónur Hattur 4.600 krónur Sokkar 990 krónur Skór 12.900 krónur Regnhanski 1.490 krónur



Skór 15.990 krónur
Golfbúðin



Stakkur 7.900 krónur
Bolur 5.200 krónur
Buxur 7.400 krónur
Sokkar 890 krónur
Golfskór 18.900 krónur
Verslunin Parfimm



Bolur 5.900 krónur
Buxur 7.400 krónur
Golfskór 14.900 krónur
Skyggni 1.990 krónur
Verslunin Parfimm



Skór 12.900 krónur
Golfbúðin

# Klassískir litir í bland við aðra hressari

***Golftíska fyrir konur á Íslandi er bundin við einfaldan hlífðarfatnað sem kemur í mörgum litum.***



**Hole-in-one**
Skór 16.900 krónur

Golftískan getur ekki verið hvernig sem er því á golfvellinum gilda ákveðnar reglur um klæðaburð. Bolir þurfa að vera með sérstöku sniði og þurfa allir að vera með kraga, hvort sem er hefðbundinn kragi eða rúllukragi. Einnig mega þeir ekki vera of efnislitlir og eru einungis sérstakir hlírabolir leyfðir. Konur á Íslandi þurfa þó ekki að hafa miklar áhyggjur af of efnislitlum klæðum því ekki gefst oft tækifæri til að klæðast þeim á golfvöllum hér á landi. Mest er um regn- og vindfatnað fyrir konur og gerir það íslensku golftískuna töluvert sér á parti. Verslanir hér á landi eru með dágott úrval af léttari fötum sem golfkonur kaupa áður en lagt er af stað í ferðalög til annarra landa. Mikið er selt af svörtum fötum en einnig eru klassískir litir í golftískunni hvítur og sandlitaður. Tískan í dag er svo mikið að blanda öðrum litum við þá hefðbundnari, til dæmis í rauðum eða ljósbláum lit. Skórnir eru oftast tvílitir í einum dökkum og öðrum bjartari lit.



**Hole-in-one**
Taska 12.200 krónur

**Hole-in-one**
Jakki 4.950 krónur Buxur 4.800 krónur Belti 1.350 krónur Regnhlíf 2.480 krónur



**Nevada Bob**
Polobolur 7.400 krónur Pils með buxum undir 5.900 krónur Skyggni 1.400 krónur Sokkar 990 krónur Golfskór 10.400 krónur Leðurhanski 2.290 krónur

**Hole-in-one**
Skór 11.900 krónur

**Hole-in-one**
Bolur 7.800 krónur
Pils 8.500 krónur
Taska 12.200 krónur

**Golfbúðin**
Regnjakki 16.900 krónur
Flíspeysa 3.990 krónur
Regnbuxur 10.990 krónur

**Golfbúðin**
Vesti 7.990 krónur
Rúllukragabolur 4.990 krónur
Buxur 7.500 krónur


hröð
sending
Fólk á ekki að þurfa að bíða lengi eftir því
að fá sendinguna sína, hvar sem það býr!
Þess vegna sendast Landflutningar-Samskip út um
allt með alls konar vörur allan liðlangan daginn.
Daglega eru 40 brottfarir frá Reykjavík til áfangastaða
víðs vegar um landið. Í flestum tilfellum er sendingin
afgreidd til viðskiptavinarins innan sólarhrings.
Upplýsingar í síma
458 8000
og á landflutningar.is
Landflutningar
SAMSKIP
Hraðar og öruggar sendingar í þéttbýli sem dreifbýli

stjörnugolfarar }



HUGH GRANT

## KYNTÁKN Á TEIGNUM

Hinn enski Hugh Grant varð heimsfrægur á einni nóttu þegar hann var gripinn glóðvolgur með vændiskonunni Divine Brown. Síðan þá hefur margt vatn runnið til sjávar og Grant eyðir peningum sínum í golfkennslu og golfdót. Enda á hann heima í mekka golfsins og hefur því góða aðstöðu til að ná framförum á því sviði. Grant er einnig svo heppinn að hann getur nánast valið sér félaga í golfið og hefur sést á vellinum með ekki ómerkari aðila en sjálfum Colin Montgomrie.



***Ungur nemur...*** Árni Sævar ásamt þeim Birni Guðmundssyni og Örnu Rún Oddsdóttur en þau eru í afrekshóp GA.

# Man tímanna tvenna

***Ferill Árna Sævars Jónssonar, golfkennara hjá Golfklúbbi Akureyrar, spannar vel yfir 30 ár.***

„Það er tvennt ólíkt að kenna golf í dag og þegar ég byrjaði fyrir rúmum 30 árum síðan," segir Árni Sævar Jónsson, golfkennari hjá Golfklúbbi Akureyrar. Árni hefur einna lengsta starfsreynslu í faginu en hann hóf að leiðbeina áhugasömum fyrir tæpum 35 árum síðan. Hann segir tvo hluti sérstaklega hafa breyst varðandi golfkennslu síðustu árin. „Kylfurnar og boltarnir hafa gjörbreyst. Margir vilja meina til batnaðar en ég er ekki viss um það. Þeir eru allnokkrir sem telja að hægt sé að stjórna boltunum of mikið þessa dagana og vilja fá gömlu boltana aftur. Allmargir geta tekið högg með dræver í dag og skotið vel yfir 200 metra en það er sama lengd og ég náði best hér á árum áður. Núna fer ég 250 metra án þess að hita upp."

**Tæknin sú sama**

Tæknin við golf segir Árna þó vera svipaða og hún var áður. „Sveiflan er undirstaða alls annars og hún hefur ekki tekið breytingum á þessum tíma. Það þarf enn þá að hafa marga hluti á hreinu eigi sveiflan á teig að vera eðlileg og góð en ýmislegt er auðveldara nú. Til að mynda er nú hægt að mæla og mynda sveifluna með upptökutækjum og nemandinn séð fljótt og örugglega hvað hann gerir rétt og hvað vitlaust. Áður notuðumst við við ljósmyndir en það er eðlilega ekki sami hlutur. Tæknin hefur þannig jákvæð áhrif að mörgu leyti en hún skiptir litlu máli ef undirstöðuatriðin eru ekki í lagi.


# Golfmót VISA 23. júlí




## Punktakeppni með forgjöf og höggleikur án forgjafar

**Vinningar:**

**Verðlaun fyrir 4 efstu sætin í punktakeppni með forgjöf:**

1. 100.000 Vildarpunktar frá Vildarklúbbi Icelandair til farseðlakaupa hjá ICELANDAIR
2. Flug fyrir tvo til einhvers áfangastaðar ICELANDAIR í Evrópu.

3. - 4. Vöruúttekt hjá Hole in One golfvöruverslun að upphæð 20.000 kr. hvor.

**Verðlaun fyrir 4 efstu sætin í höggleik án forgjafar:**

1. 100.000 Vildarpunktar frá Vildarklúbbi Icelandair til farseðlakaupa hjá ICELANDAIR
2. Flug fyrir tvo til einhvers áfangastaðar ICELANDAIR í Evrópu.

3. - 4. Vöruúttekt hjá Hole in One golfvöruverslun að upphæð 20.000 kr. hvor.

**Nándarverðlaun á öllum par þrjú brautunum.**

**Aukaverðlaun fyrir holu í höggi á 2. braut:**

***1.000.000 kr. innborgun á VISA-kreditkortið.***

Allir keppendur fá teiggjöf og í mótslok verður dregið úr skorkortum þeirra sem verða á staðnum.

**Skráning:**
Mótið er haldið á velli **GKG, Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar**, við Vífilsstaði laugardaginn 23. júlí nk.
Einungis **VISA-kreditkorthafar** geta tekið þátt í mótinu. Hámarksforgjöf er 24 hjá körlum og 28 hjá konum.
Skráningargjald er 2.000 kr. og skuldfærist af VISA-kreditkorti leikmanns. Síðasti skráningardagur er 22. júlí.

**Skráning og frekari upplýsingar hjá GKG í síma 565 7373.**

GKG

VISA






Á KASSANUM
Með Illuga Jökulssyni.
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 18.

GOTT FÓLK McCANN


# Eldingar geta verið mjög varasamar

***Íslendingar eru ekki vanir því að þrumur og eldingar séu daglegt brauð. Fyrir kylfinga erlendis getur þetta verið mjög varasamt.***

Sífellt verður algengara að íslenskir kylfingar fari í sérstakar golfferðir til útlanda. Þó að skemmtilegt sé að leika golf á Íslandi þá jafnast fátt við að leika á fallegum, svo ekki sé talað um frægum, golfvöllum erlendis. Það eru samt ekki allir sem átta sig á því að þegar leikið er erlendis steðjar ein hætta að kylfingum öðrum fremur. Eldingar.

Það hljómar kannski langsótt en á hverju ári verða kylfingar úti í heimi fyrir eldingum. Rekja má þó nokkur dauðsföll til þessa og meðal annars lést enskur kylfingur fyrir fáeinum árum þegar hann fékk eldingu í sig á á Chigwell-vellinum skammt frá London. Félagi hans slasaðist illa. Í lok júní síðastliðins bárust fregnir frá Ohio í Bandaríkjunum um að kylfingur hefði látist með sama hætti. Frægir kylfingar hafa líka orðið fyrir þessari lífsreynslu. Eitt frægasta dæmið er hinn margverðlaunaði Lee Trevino, sem reyndar er hættur að leika með þeim bestu í dag.



***Ummerki eftir eldingu*** Á myndinni má sjá ummerki eftir eldingu á flöt á golfvellinum Phalen í Minnesota í Bandaríkjunum.

Reyndar er það svo að flestum golfvöllum er lokað um leið og stormur nálgast. Oft er kallkerfi notað til að reka kylfinga af vellinum, enda stórhættulegt að leika golf þegar hætta er á eldingum. Golfvöllur með trjám, vötnum, hæðum og golfbílum er kjörið svæði fyrir eldingar að slá niður. Það segir sig náttúrlega sjálft að um leið og kylfingur heyrir þrumur í fjarska á hann að hætta að leika. Það að taka áhættuna á að klára brautina sem viðkomandi er á býður hættunni heim. Ef stormurinn kemur skyndilega eiga kylfingar að fara frá golfbílnum og kylfunum, forðast tré, hæðir og vötn og ef þeir eru í golfskóm með stáltökkum eiga þeir að fara úr þeim og drífa sig upp í klúbbhús. Ef kylfingur er mjög langt frá klúbbhúsinu á hann að fara á stað sem stendur lágt eða í sérstakt skýli sem ver menn fyrir eldingum en þau verða sífellt algengari á völlum erlendis.

*trausti@frettabladid.is*

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 3.53 | 13.34 | 23.13 |
| AKUREYRI 3.12 | 13.19 | 23.23 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## heilsa o.fl.

Tíu ráð til að bæta svefninn

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

*Góðan dag!*

Í dag er þriðjudagur 19. júlí, 200. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 5*

**Flokkar**


Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar


ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heiðu finnst mjög gaman að fara út að skokka á sumrin þó hún hafi ekki verið nógu heppin með veður í ár.

# Skokkar til að njóta útiverunnar

***Söngkonan Aðalheiður Ólafsdóttir, Heiða eins og flestir þekkja hana, reynir að passa mataræðið þó það sé erfitt á sumrin og nýtur þess að fara út að skokka og njóta útiverunnar.***

„Ég hef farið mikið í Sporthúsið að æfa undanfarið en nú er kortið mitt útrunnið þannig að ég ætla að kaupa mér kort í Hreyfingu. Þegar ég er í ræktinni fer ég yfirleitt á hlaupabrettið, í tíma og í tækin og reyni að brenna aðeins,“ segir Heiða.

„Núna fer ég mikið út að skokka því það er komið sumar, ef má kalla sumar. Mér finnst rosalega gott að fara út á sumrin og þótt ég skokki þá er ég enginn langhlaupari. Ég geri þetta meira vegna útiverunnar,“ segir Heiða sem hugsar líka um mataræðið. „Ég reyni að hugsa um það sem ég læt ofan í mig. Ég hef líka reynt að hafa bara einn nammidag en ekki hafa alla daga nammidaga en það gengur misvel á sumrin.“

„Það gengur upp og ofan að halda sér í formi yfirleitt en ég er alltaf með það á bak við eyrað að hreyfa mig og passa mataræðið. Ég tek tarnir þar sem ég er voðalega dugleg en get síðan verið óttalega löt inn á milli. En heilsunnar vegna reyni ég að hreyfa mig enda getur hreyfingin gert undur og stórmerki fyrir líkama og sál.“

lilja@frettabladid.is

# Reykingafólk missir frekar tennurnar

***Með því að hætta að reykja fær fólk síður tannholdssjúkdóma.***

Sexfalt fleira reykingafólk fær alvarlega tannholdssjúkdóma en þeir sem ekki reykja. Fólk sem hættir að reykja er einnig í minni hættu á því að missa tennurnar vegna slíkra sjúkdóma, þetta kemur fram í rannsókn á tengslum tannholdssjúkdóma og reykinga sem gerð var við Háskólann í Newcastle.

„Tannlæknar hafa árum saman vitað að reykingafólk býr við verri tannholdsheilsu en þeir sem ekki reykja. Þetta er í fyrsta sinn sem við sýnum fram á að með því að hætta að reykja samhliða meðferð gegn tannholdssjúkdómum er hægt að bæta tannholdið til muna,“ sagði dr. Philip Preshaw, einn þeirra sem standa að rannsókninni, í samtali við CNN fréttastofuna. ■



Tannlæknar hafa árum saman tekið eftir því að reykingafólk hefur verri tannheilsu en hinir reyklausu.

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í heilsu*

**Hettusótt** hefur nýlega greinst í þremur einstaklingum hér á landi en sex ár eru síðan hún greindist hér síðast. Þetta kemur fram í Farsóttafréttum sem eru gefnar út af Landlæknisembættinu. Einstaklingarnir þrír eru á aldrinum 19 til 25 ára og höfðu tveir þeirra fyrir skömmu verið á ferð í Englandi þar sem vitað er að hettusóttarfaraldar hafa brotist út.



**Sjúkraflutningar** í Árnessýslu flytjast úr höndum sýslumannsembættisins um næstu áramót. Embættið hefur sagt upp samkomulagi þess efnis við Heilbrigðisráðuneytið. Heilbrigðisstofnun Suðurlands tekur yfir flutningana en ráðast þarf í talsverðar breytingar á húsnæði stofnunarinnar til þess að pláss sé fyrir sjúkrabílana og næg aðstaða fyrir sjúkraflutningamenn.



**Unglingsstúlkur** í Bandaríkjunum eru að þyngjast vegna þess að þær hreyfa sig ekki jafn mikið og þær gerðu þegar þær voru börn. Rannsókn frá Háskólanum í Nýju Mexíkó sýnir fram á þetta þar sem einungis nokkra klukkustunda ganga á dag getur komið í veg fyrir þyngdaraukningu. Bandarískar stúlkur eru að meðaltali fimm til tíu kílóum lengra frá kjörþyngd á unglingsaldri en þegar þær voru börn.

**413** slys voru skráð í Slysaskrá Íslands vikuna 3. til 9. júlí. Vikulega eru birtar upplýsingar um fjölda skráðra slysa á vefsvæði Slysaskrárinnar sem er að finna á vef Landlæknisembættisins. Á þriggja mánaða fresti er ítarlegra yfirlit birt og er von á næsta yfirliti einhvern tímann í ágúst.

heilsa@frettabladid.is




UNIKA

ÚTSALA

Lítið útlitsgölluð vara á frábærum afslætti

Ljósaseríur 2 fyrir 1

Stólar: Áður: 16.900
Nú: 9.800



Útsalan hefst í dag þriðjudag kl. 10

15-80% afsláttur

15% afsláttur af nýjum vörum fram yfir helgi, mikið úrval *

* Dagana 19-25 júlí, gildir á öllu nema pöntunarvöru.

Fákafeni 9 Sími: 568 6700 opið: mán-fös. 10-18, lau. 11-16

## Tannþráður

Tannþráður er mikilvægt tæki til að tryggja heilbrigðar tennur. Með því að nota tannþráð reglulega er hægt að koma í veg fyrir tannholdskvilla og tannsteinsmyndun. Tannþráðurinn losar líka matarleifar sem festast milli tannanna og valda andfýlu.





FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Brennslan í spinningtímunum er svo gríðarleg að það er eiginlega ekki hægt að ná sama árangri á venjulegu hjóli," segir Bjarney.

# Eru hjólreiðar og spinning sama sportið?

***Fyrir mörgum er spinning bara hjólatúr fyrir innipúka. Verið er að þjálfa sömu vöðvana og hreyfingin er sú sama. Munurinn er þó töluverður og sunnudagshjólatúr með börnunum jafnast hvergi nærri á við spinningtíma.***

Hjólreiðar eru góð líkamsrækt. Yfir vetrartímann svitnar fólk í spinningtímum líkamsrækarstöðvanna en á sumrin má sjá fólk þeysast á reiðhjólum út um allan bæ. Tækin eru svipuð og hreyfingin er sú sama en er spinning og hjólreiðar sama líkamsræktin?

Bjarney Þórarinsdóttir, spinningkennari hjá ISF, hefur kennt spinning síðustu níu árin. Hún segir að ekki sé hægt að bera spinning saman við frístundahjólreiðar en erfiðar fjallahjólreiðar séu sambærilegar við spinningtímann.

„Brennslan í spinningtímunum er svo gríðarleg að það er eiginlega ekki hægt að ná sama árangri á venulegu hjóli. Í það minnsta ekki nema taka virkilega á því. Í 40 mínútna spinningtíma brennir maður allt að 900 hitaeiningum. Þú þarft að hafa brekkur og ansi erfiða leið til að brennslan sé sambærileg á venjulegu hjóli. Þetta er vissulega sama líkamsrækt þannig séð en spinningtíminn tekur meira á," segir Bjarney.



Hjólreiðar eru góð alhliða hreyfing sem flestir geta stundað. Þar er brennslan töluvert minni en í spinningtíma en útiveran gerir sitt gagn á móti.

Hjólreiðar reyna fyrst og fremst á læri, kálfa og rass en áreynsla á aðra vöðvahópa er einnig talsverð. Kviðvöðvarnir þjálfast vel og bakið styrkist. Bjarney segir að um góða alhliða hreyfingu sé að ræða og óþarfi að gera einhverjar auka æfingar á hjólinu eins og til dæmis armbeygjur fram á stýrið. „Þegar spinning var nýtt var verið að láta fólk gera alls konar æfingar á hjólinu. Við mælum ekki með því í dag og það er heldur ekki æskilegt að gera slíkt á venjulegu hjóli," segir Bjarney.

Rétt líkamsstaða skiptir miklu máli þegar hjólað er og þá skiptir engu máli hvort um spinninghjól eða venjulegt reiðhjól er að ræða. Staðan er líka alveg jafn mikilvæg hvort sem verið er að púla í marga klukkutíma eða skreppa út í búð með börnunum. „Röng staða skemmir fyrir. Fólk fær til dæmis oft vöðvabólgu af því að hjóla og þá er það yfirleitt vegna þess að það spennir axlirnar of mikið," segir Bjarney og bendir á að röng líkamsstaða sé mjög algeng í hjólreiðum og spinning. „Ég er búin að kenna í níu ár og sama fólkið er enn að fara í ranga stöðu. Maður dettur einhvern veginn í ranga líkamsstöðu og þarf að passa sig á því. Það á við um alla," segir Bjarney.

*thorgunnur@frettabladid.is*

# Heilablóðföll barna algeng

***Margir tengja heilablóðföll við gamalt fólk en í nýrri rannsókn kemur í ljós að ungabörn eru allt eins líkleg til að fá þau.***

Í nýrri rannsókn kemur fram að tíðni heilablóðfalla er næstum jöfn hjá ungabörnum og eldra fólki. Rannsakendurnir könnuðu sjúkraskýrslur yfir tæplega tvö hundruð þúsund börn í Norður-Kaliforníu á fimm ára tímabili. Rannsóknin leiddi í ljós að eitt af hverjum fimm þúsund börnum fengu heilablóðfall stuttu eftir fæðingu og er svipuð tíðni og hjá eldra fólki.

„Að flestra mati eru ungabörn ekki í hættu á að fá heilablóðföll, en þau koma þó fyrir hjá börnum og geta valdið alvarlegri fötlun sem varir ævilangt," segir dr. Donna M. Ferriero, prófessor í taugasjúkdómafræðum og barnalækningum við háskólann í San Francisco, ein af þeim sem stóðu að rannsókninni.



Næstum því áttatíu prósent af börnunum sem fengu heilablóðföll urðu fyrir varanlegum skaða. Í sumum tilfellum kom skaðinn ekki í ljós fyrr en löngu seinna, til dæmis þegar börnin fóru að nota hendurnar og önnur reyndist ekki vera í lagi. Þetta eru mjög merkilegar niðurstöður að mati rannsakendanna og hvetja þeir foreldra til að fylgjast vel með börnum sínum og hafa á bak við eyrað að þau eru líka í hættu á að fá heilablóðföll. ■



Margir veiktust illa af inflúensu í vetur.

## Aukin dánartíðni vegna inflúensu

Í BYRJUN ÁRS VAR MARKTÆK AUKNING Á DÁNARTÍÐNI HÉR Á LANDI.

Dánartíðni í ár náði hámarki fyrstu tvær vikurnar í febrúar en að meðaltali látast um 35 manns í hverri viku. Þetta kemur fram í Farsóttafréttum sem Landlæknisembættið gefur út. Aukningin er þó marktæk vegna þess að hún er ekki innan þeirra skekkjumarka sem embættið setur sér. Líklegt er þó talið að megi skýra aukninguna að með mörgum inflúensutilfellum í byrjun ársins. Skæð inflúensa gekk um landið í vetur og náði hámarki í lok janúar eða rétt áður en dauðsföllin voru hvað flest. Í byrjun mars var dánartíðnin búin að ná meðaltalinu aftur en um svipað leyti var síðasta tilfellið á inflúensu A greint í vetur.

Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17
maður lifandi
Borgartúni 24

LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 12.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 17.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

LUTEIN EYES 24mg
Styrkir augnbotnanna
og gott fyrir sjónina
Sendum
í póstkröfu
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn.is
Útsölustaðir m.a: Yggdrasil, Fjarðarkaup, Maður lifandi, Lífsins lind -Hagkaup, Lyfjaval og Árnes apotek Selfossi.

metasys®
ORKA - ÚTHALD - ÁRANGUR
Aukin orka meira úthald!
Ég er útskriftarnemi frá íþróttabraut KHÍ, spila körfubolta í úrvalsdeild, nemi í golfkennslu og jafnframt golfleiðbeinandi hjá golfklúbbi Sauðárkróks. Þegar mikið er að gera þarf maður eitthvað "EXTRA,, til að halda út bæði góðu þoli og einbeitingu svo eðlilegar framfarir geti átt sér stað bæði í leik og í starfi. Þess vegna mæli ég eindregið með notkun Metasys hylkjanna fyrir þá sem vilja auka orkuúthaldið og ná árangri! Auk þess er Metasys er 100% náttúruleg vara úr jurtaríkinu sem veldur engum aukaverkunum og er troðfullt af andoxunarefnum.



Gunnlaugur Hafsteinn
100% náttúrulegt
metasys® áætlunin til að léttast
Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is • sími 5517020

smoothie ávaxtadrykkur
úr pressuðum ávöxtum



100% hreinn fyrir þig
arka • Sími 899 2363

um heilsu }

## Ertu syfjaður greyið?

TÍU LEIÐIR TIL AÐ KOMA JAFNVÆGI Á SVEFNINN.

1 Haltu þig við ákveðna áætlun og ekki sofa út um helgar. Reyndu að vakna á sama tíma á hverjum degi – þá verður þú ekki andvaka á næturnar.



2 Ekki borða eða drekka mikið fyrir háttatímann. Borðaðu léttan kvöldmat tveimur klukkustundum áður en þú leggst til hvílu. Ef þú drekkur of mikið þarftu oft að vakna til að fara á salernið. Ekki borða kryddaðan eða feitan mat því hann getur valdið brjóstsviða. Ekki drekka áfengi því það veldur hrotum og þú gætir vaknað oft um nóttina.

3 Forðastu koffein og nikótín. Það eru örvandi efni sem halda þér vakandi. Alls ekki reykja í rúminu því það getur verið mjög hættulegt.

4 Farðu í ræktina. Ef þú vilt sofa betur þá er best að fara í ræktina seinni part dags. Ef þú æfir þig reglulega áttu betur með að festa svefn og nýtur svefnsins betur.

5 Kældu þig niður. Lækkaðu hitann aðeins því það er miklu betra að sofa í aðeins köldu herbergi. Notaðu viftu eða loftræstikerfi til að halda herberginu svölu.



6 Sofðu aðallega á nóttunni. Ekki fá þér lengri en klukkutímalúr á daginn, ekki seinna en klukkan 15. Ef þú vinnur á nóttunni ættirðu að hafa myrkragluggatjöld í herberginu. Ef þú vinnur á daginn og átt erfitt með að vakna hafðu þá dregið frá.

7 Hafðu hljótt. Slökktu á útvarpinu og sjónvarpinu. Notaðu eyrnatappa til að útiloka hljóð sem þú getur ekki stjórnað, eins og umferð og flugvélar.



8 Keyptu þér gott rúm. Ef þú deilir rúmi vertu þá viss um að það sé nóg pláss fyrir þig. Notaðu rúmið aðeins til að sofa í og stunda kynlíf. Farðu upp í rúm þegar þú ert þreytt/ur og slökktu ljósin. Ef þú sofnar ekki innan þrjátíu mínútna ættirðu að standa upp og gera eitthvað annað og leggjast aftur þegar þú ert þreytt/ur. Ekki neyða þig í svefn – það eykur bara stressið.

9 Þvoðu þér. Slakaðu á fyrir svefninn með heitri sturtu eða baði.

10 Ekki treysta á svefnpillur. Talaðu við lækninn þinn áður en þú tekur svefntöflur. Taktu minnsta mögulega skammt sem þú getur og reyndu að sofna af sjálfsdáðum.

# Konur óttast krabbamein

***Bandarísk könnun hefur leitt í ljós að krabbamein er sá sjúkdómur sem konur hræðast mest.***

Þótt krabbamein sé vissulega algengt þá sýnir tölfræðin að konur eiga meiri hættu á að deyja úr hjartasjúkdómum heldur en krabbameini. Óttinn við krabbamein er samt mun meiri en óttinn við hjartasjúkdóma. Í könnun sem bandarískir fræðimenn framkvæmdu kom í ljós að aðeins 10 prósent kvenna óttuðust hjartasjúkdóma meðan óttinn við krabbamein var gífurlegur. Sá ótti er alls ekki byggður á misskilningi enda er krabbamein næstalgengasta dánarorsökin – strax á eftir hjartasjúkdómunum.

Þótt það sé aldrei gott að lifa í ótta hefur ótti kvenna við krabbamein sínar jákvæðu hliðar. Óttinn leiðir nefnilega til þess að fleiri konur láta skoða sig reglulega. Regluleg skoðun er nauðsynleg til þess að hægt sé að greina krabbameinið á frumstigi áður en það veldur verulegum usla.



Brjóstakrabbamein er sú tegund krabbameins sem konur eru hræddastar við.



Klamydía smitast við snertingu slímhúða, til dæmis við samfarir. Smokkurinn er besta vörnin.

# Ertu með klamydíu?

***Norskar konur geta keypt sjálfspróf í apótekum til að athuga hvort þær séu smitaðar af klamydíu. Próf fyrir karlmenn er enn ekki komið á markað.***

Klamydía er afar algengur kynsjúkdómur og hefur tíðni hans aukist mikið undanfarið. Árið 2003 greindust til að mynda tæplega 2000 einstaklingar með sjúkdóminn á Íslandi.

Margir sem smitast af klamydíu eru einkennalausir og geta gengið með sjúkdóminn lengi án þess að vita af því. Nú hafa Norðmenn þróað sjálfspróf fyrir konur sem virkar ekki ósvipað og þungunarpróf. Klamydíuprófið sýnir réttar niðurstöður í 98 prósent tilfella og hefur því gefið góða raun. Til að taka prófið þarf að taka strok innan úr leggöngum eða sýni úr útferð. Klamydíu fylgir oft mikil útferð, fylgikvilli sem karlmenn verða sjaldan varir við. Sjálfspróf fyrir karlmenn eru því erfiðari í þróun.

Ungt fólk er í miklum áhættuhóp fyrir klamydíusmit og flestir eru tregir til að láta skoða sig. Með sjálfsprófi sem þessu má komast hjá vandræðalegum læknisskoðunum og hægt er að skoða sig sjálfur án mikilla vandræða. Sé niðurstaðan jákvæð er hins vegar nauðsynlegt að leita til læknis þegar í stað.

Klamydíu er auðvelt að meðhöndla með sýklalyfjum en nái hún að grassera lengi getur hún gert mikinn skaða, jafnvel valdið ófrjósemi.


**Vertu fallega sólbrún(n) - innan frá**

**Vísindalega staðfest. Imedeen Tan Optimizer - hylki verka innan frá og veita gylltan húðlit, sem helst lengur en þig hefur nokkurn tímann dreymt um.**

**Hylkin undirbúa húðina fyrir sólina, minnka roða og viðkvæmni fyrir sól, verja húðina gegn öldrun af völdum sólar og örva myndun á fallegri sólbrúnku.**

IMEDEEN®

www.imedeen.com





## Stór hluti barna fær of lítið D-vítamín

NAUSYNLEGT er að gefa skýrar ráðleggingar um neyslu D-vítamíns meðal ungra barna og kanna hvernig ráðleggingum er fylgt til að koma í veg fyrir of litla og of mikla inntöku þess, segir m.a. í grein í nýjasta hefti læknablaðsins. Þar fjalla þær Inga Þórsdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir, báðar doktorar í næringarfræði, um D-vítamín í fæðu ungra íslenskra barna. Komust þær að þeirri niðurstöðu að meira en fjórðungur barna á fyrsta ári og helmingur tveggja ára og sex ára barna fengi innan við helming af ráðlögðum dagskammti (RDS) af D-vítamíni.

Nánar er fjallað um rannsókn sérfræðinganna í vefútgáfu Læknablaðsins, laeknabladid.is

Morgunblaðið, 12. júlí 2005





**Hraust börn með BarnaVít**

BarnaVít inniheldur fullan dagsskammt af D-vítamíni

Börn eru í stöðugum vexti. Þau mynda stöðugt nýjar frumur, sem eru háðar því að fá nauðsynleg næringarefni til að gegna sínum hlutverkum. Þörf er á D-vítamíni svo að kalk nýtist til myndunar beina og tanna.

Tryggðu barni þínu nauðsynleg næringarefni til vaxtar, þroska og hreysti. BarnaVít eru bragðgóðar fjölvítamín- og steinefnatöflur fyrir börn og unglinga til að tyggja eða sjúga.

heilsuhúsið

Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi






Gallerý fiskur

Opið í veitingahúsi öll kvöld nema sunnudaga

Í verslun er boðið uppá m.a.:

Heimabakað rúgbrauð

Saltfisk á rösti kartöflu með grillaðri papriku og chilli rækjum

Laxafiðrildi með dijonsinnepi púðursykri og salthnetuhjúp

Grillpinna með humar, lax og lúðu

Fiskipönnukökur í indverskum stíl

**Veitingahús:** mán.-fös. 11:30-15:00 & 18:00-22:00, lau. 18:00-22:00
**Verslun:** mán.-fös. 10:00-18:30
**Nethylur 2, 110 RVK. S: 587 2882**

www.galleryfiskur.is

Yggdrasill

**Erum flutt að Skólavörðustíg 16 í stærra og glæsilegra húsnæði. Margar nýjar vörur og tilboð. *tilbúnir réttir beint í ofninn, *ekta ítalskur ís og margt fleira.**

**Verið velkomin á Skólavörðustíginn**

**Yggdrasill**

Lífrænt ræktaðar vörur frá 1986 • S: 562 4082




# Við rúllum þeim upp!

HVORT SEM TEKIÐ ER MIÐ AF KYNI, BÚSETU EÐA ALDRI ER FRÉTTABLAÐIÐ MEST LESNA BLAÐ ÍSLANDS.

Sama hvernig á það er litið er meðallestur Fréttablaðsins afgerandi mestur af íslenskum dagblöðum. Við þökkum lesendum jákvæðar viðtökur og bendum auglýsendum á að nota það blað sem flestir Íslendingar lesa.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

Tölur skv. Gallupkönnun í júní 2005

## Rafvirkjun




**Raflagnir og dyrasímar**
Raflagnir og dyrasímaþjónusta
Endurnýjum í eldri húsum
Töfluskipti
Tilboð
RAFNEISTI
Löggiltur rafverktaki
Sími 896 6025

## Viðgerðir

**PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.**
Nýlagnir/ breytingar
almennt viðhald.
**Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.**




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554-0661. www.velaverkjs.is

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Innanhúsviðgerðir og nýlagnir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709. Lítil bið.

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Innanhúsviðgerðir og nýlagnir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709. Lítil bið.

# HEILSA

## Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.

Herbalife. Vara sem virkar! Elín S. 847 9178 www.heilsufrettir.is/elinbjork.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife á toppnum í 25 ár! Shapeworks-Nouri Fusion www.arangur.is s. 586 8786.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Tískustólar verð kr.14,900 www.rum.is snorrabraut 56 RVK s.551-5200 Glerárgötu 36 Akureyri 461-5300

Til sölu skenkur úr mahoní v. 25 þús. Uppl. í s. 588 2454.

Til sölu hillusamtæða, skenkur og borðstofuborð með 4 stólum á 50 þús. Uppl. í s. 867 8851.

Sófasett til sölu 3+2+1, gott verð. Uppl. í síma 869 7829.

## Antík



Til sölu vínskápur og tveir glerskápar. Upplýsingar gefur Auður í síma 862 0620.

## Heimilistæki

Til sölu Gorenje ísskápur með frysti að neðan, hæð 165, áferð glansandi stál. Einnig Bosch uppþvottavél og lítill IKEA fataskápur með rennihurðum. Sími 895 1402.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur

Vel með farinn Brio kerruvagn, millenium típa, til sölu. 15 þús. Yfirbreiðsla, net og systkinapallur getur fylgt með. Uppl. í síma 846 0105, Helga/Guðmundur.

## Dýrahald

**Hundabúr-Hvolpagrindur**
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Heimili óskast fyrir árs gamla tík og átta mánaða fress. S. 588 3930.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



**Fjölskylduparadís**
Stór og góð aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi, húsbíla og hjólhýsi. Sundlaug, veiði, strandblak og fótbolti. Gisting og veitingar. FRÍTT í sund fyrir dvalargesti. Hótel Eldborg, Snæfellsnesi www.hoteleldborg.is & s. 435 6602.



Sumarfrí við Eyjafjörð. Allt sem til þarf í gott sumarfrí: Gisting - grill - hestar - reiðhjól - kanó - golf - sund - hvalaskoðun - veiði - gönguferðir - nálægð við vinsæla ferðamannastaði. Gistiheimilið Árgerði við Dalvík. Sími 555 4212 og 862 2109 www.argerdi.com

## Fyrir veiðimenn




Tóti Tönn og Ingó Ásgeirs fengu 42 laxa á þessa túpu. fæst á www.frances.is

**Lundaháfar.**
360 sm tvískipt skaft
kr. 21.810.-
Spækur - kross - net
kr. 12.800.-
Tilboð 27.600.-
Sportvörugerðin
Skipholti 5 s. 562 8383.

www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is




Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

**Veiðileyfi Stóru-ármót**
Viltu komast í Laxveiði fyrir 5.900 kr, með húsi. Klukkutíma frá Reykjavík. Upplýsingar í síma 868 4043 og www.svfr.is.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Lítil íbúð til leigu á Akureyri. Aðeins reglus. Uppl. í s. 462 1559 / 898 7319.

Viltu prófa Ísafjörð til leigu er 5-6 herbergja í íbúð í miðbænum með húsgögnum næsta vetur. Þ.e. frá 1 september til 1 juns. Uppl. í s. 846 7490.

**Sumarhús á Spáni**
Til leigu íbúð með 3 svefnh. kælingu og fl. Vikuna 17-24 ágúst á Caboroig við Torrevieja. Leiguv. 30 þús. Uppl. Siggi í s. 821 8883.

Til leigu 2 herb. íbúð á Ásvallagötu. Björt falleg íbúð. Uppl. í s. 588 1334 & 865 1095.

4ra herb.íbúð til leigu á góðum stað í Hfj. Langt.leiga. V. 108 þús. m. hússj. Uppl. Guðmundur í s. 694 9309.

Parhús á Selfossi til leigu, 4 svefnherb. + bílskúr. Uppl. í síma 896 6268.

3ja-4ra herb. íbúð á tjarnargötu í Rvk. Leigist til 1. sept. '05. Uppl. í s. 868 0743.

## Húsnæði óskast

Ungt reglusamt par óskar eftir íbúð sem fyrst, jarðhæð/kjallara. Greiðslugeta 60-70 þús. Meðmæli. Uppl. í s. 891 8979.

4 manna fjölsk. óskar eftir einbýli, raðhús eða parhús í kópav. sem fyrst. Gr.geta 100-140þús á mánuði. Uppl. í s. 891 9690.

Óska eftir 4ra herb. íbúð í Rvk. frá næstu mánaðamótum til langtímaleigu. Uppl. í síma 847 9665.

## Sumarbústaðir



Bjálkahús 23 og 37 m2 + 15m2 svefnloft. Ódýr, einföld og fljótleg í uppsetningu. Uppl. Altækni s/f 869-9007 Heimasíða www.bjalkahus.com

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Uppl. í s. 567 4046 & 892 2074.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Fullt starf og hlutastarf**
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastarf. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is.**

**Select og Shell**
Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is.**

**Bifreiðastjórar ath..**
Okkur hjá Icelandexcursions Allrahanda ehf, óskum eftir að ráða bifreiðastjóra með rútupróf vantar til aksturs strætisvagna í framtíðarstarf, einnig vantar rútubílstjóra til sumarafleysinga, mikil vinna.
**Upplýsingar gefur Rúnar s. 540 1313 & 660 1303.**

Óskum eftir handlögnum verkamönnum og vörubílstjóra á bíl með krana.
**Uppl. í síma 899 9189 & 869 1415. Hellur og Gras ehf.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Rizzo Pizzeria. Okkur vantar fólk til starfa strax. Uppl. á staðnum Hraunbæ 121.

**Ræstingar**
Vantar fólk í 50-100% vinnu. Allar upplýsingar um störfin eru í s. 578 1450. Nostra ehf.

Hornið óskar eftir að ráða gott starfsfólk í eldhús og þjóna í sal. Góð laun í boði og gott starfsumhverfi. Uppl. í síma 864.0499, einnig eru umsóknareyðublöð á staðnum.Veitingahúsið Hornið.

Matráðskona óskast á lítinn veitingastað fyrir hádegi. Góð laun í boði fyrir góða manneskju. Uppl. í s. 824 8825.

**Steinsteypusögun!**
Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Uppl. í síma 893 3236.

Menn vana múrverki og trésmiðavinnu vantar til starfa við húsaviðgerðir. S. 616 1569.

Sérverkefni. 800-1.200 þús á mánuði. Árangurstengt, metnaður skilyrði. S. 844 1268

**Bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**Bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Kópavogi hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**Ræsting í Smárahverfi**
Fastráðning byrjar 20. júlí kl. 07.00 til 13.00 mán. til föstd. S. 533 6020 raestir@raestir.is

Unglingur óskast í sveit. Svör sendist til DV, Skaftahlíð 24 eða á smaar@frettabladid.is. merkt "sveit".

**Hellulagnir**
Vantar menn í hellulagnir. Uppl. í síma 899 9189 & 869 1415 Hellur og Gras ehf.

**Sumarvinnna**
Óskum eftir duglegu fólki í garðslátt. Aldur 17-22 ára. Með bílpróf. Umsóknir á www.gardlist.is

Leikfanga og ritfangaverslun óskar eftir starfsfólki allan daginn. Svör berist til Fréttablaðsins merkt "stílabók"

Getum bætt við vönum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. Dekkjahöllin, s. 462 3002 & 471 2002.

**Málarar**
Óska eftir að ráða málara strax. Mikil vinna. Uppl. í síma 697 3592.

BT sögun óskar eftir starfsfólki í steipusögun, kjarnaborun og múrbrot. Mikil vinna framundan. Uppl. í síma 892 7544.


## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 | 98,9 Bylgjan | FRÉTTABLAÐIÐ | Létt 96,7 | vísir

Jeppakerrur,
**Víkurvagnar**

Hemlahlutir í bíla
**Fálkinn**

Rafmótorar – gírmótorar
**Fálkinn**

Sandblásturstæki,
**Jákó, 564-1819.**

Gönguparadís,
**www.borgarfjordureystri.is**

Framlengingarspeglar
**Víkurvagnar**

Legur í bíla
**Fálkinn**

Skrautrunnar og fjölærar plöntur á frábæru verði.
**Gróðrarstöðin Storð Dalvegi Kópavogi.**

Brúðargjafir,
**Gallerí List, Skipholti.**

Ódýr harðfiskur.
**Verslunin Svalbarði.**

80% afslátttur.
**Sjónarhóll.**

80% afsláttur.
**Gleraugnaverslunin Sjónarhóll.**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**www.arsalir.is**

Allt í ferðalagið og útileguna.
**Rúmfatalagerinn... Aðeins ódýrari.**

Garðborð.. Verð frá 990.
**Rúmfatalagerinn.. Aðeins ódýrari.**

Læknum með höndunum,
**salkaforlag.is**

Hagstæðar hýsingar á lénum.
**Tölvuvinnslan sími: 456-4010.**

Tjöld og svefnpokar í miklu úrvali.
**Rúmfatalagerinn,, Aðeins ódýrari.**

Tölvur, tölvuviðgerðir.
**Tölvukaup**

**hamraborgkopavogi.is**

Iðnaðarsápur,
**Ísaco, 565-7744.**

Garðstólar..
Verð frá 299.
**Rúmfatalagerinn.. Aðeins ódýrari.**

Fallegar tækifærisgjafir,
**Gallerí List, Skipholti.**

Garðhúsgagnaútsalan í fullum gangi.
**Rúmfatalagerinn.. Aðeins ódýrari.**

Úrval málverka og grafíkmynda,
**Gallerí List, Skipholti.**

Stakir jakkar 2 fyrir 1, aldrei meira úrval.
**Herrafataverslun Birgis.**

Bílabónsápur,
**Ísaco, 565-7744.**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**533-4200.**

Fallegir Leirmunir,
**Gallerí List, Skipholti.**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Vélahlutaþvottavélar,
**Jákó, 564-1819.**

Margt að sjá.
**Iðnaðarsafnið, Akureyri.**

**Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð**

Hringu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á Bylgjunni, Létt og Talstöðinni og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is
Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.



# Í harðri keppni við fótboltann

***David Barnwell, golfkennari Golfklúbbs Reykjavíkur, segir marga krakka taka golf fram yfir aðrar hefðbundnar íþróttir - ólíkt því sem áður var.***

„Ég man þegar ég kom hingað fyrst að þá gekk ekkert að fá unga stráka í golfið því þeir vildu frekar vera í fótbolta,“ segir David Barnwell, einn golfkennari Golfklúbbs Reykjavíkur. David hefur kennt Íslendingum golf í 20 ár og segir áberandi hvað áhugi unga fólksins hafi aukist.
David kennir reglulega krökkum íþróttina og þakkar Tiger Woods þann gríðarlega áhuga sem orðinn er meðal yngsta aldurshópsins.



***Slegið í Básum*** David Barnwell, golfkennari, hefur kennt Íslendingum golf í tvo áratugi.

„Áður gekk illa að fá krakkana í golfið vegna annarra íþrótta en nú kvarta þjálfarar í fótbolta og líkum íþróttum yfir hversu miklum tíma krakkarnir eyða í golfið. Þetta er alveg svart og hvítt og hefur breyst á síðustu tíu árum.“

### *Krókurinn beygist á öllum aldri*

Sem dæmi um hversu útbreidd íþróttin er orðin meðal landsmanna nefnir David að til hans komi krakkar frá sjö ára aldri og reglulega kennir hann einnig ellilífeyrisþegum sem nálgast níræðisaldurinn. „Þarna er líka um hugarfarsbreytingu að ræða gagnvart golfinu. Áður var sá stimpill á að engir léku golf nema ríkt og frægt fólk en því er ekki til að heilsa hér því allir vilja ólmir prófa og margir festast. Mér er stórlega til efs að til sé önnur íþrótt sem kemst með tærnar þar sem golfið hefur hælana hvað vinsældir varðar.



***Básar*** Þessi aðstaða hefur gjörbreytt öllum æfingamöguleikum fyrir kylfinga á höfuðborgarsvæðinu.



***Skór á hillu*** Hinn þjóðsagnakenndi kylfingur Jack Nicklaus lék sitt síðasta stórmót í Skotlandi fyrir síðustu helgi. Margir áhugamenn munu sakna Gullbjörnsins.

## LOKAHÖGGIÐ

Síðasta kaflanum á löngum og afar farsælum ferli kylfingsins Jack Nicklaus lauk fyrir síðustu helgi þegar kappanum tókst ekki að komast gegnum niðurskurðinn á Opna breska mótinu en mótið var síðasta stórmótið sem hann tók þátt í. Nicklaus sló sínu síðasta höggi laust fyrir klukkan sex á föstudaginn var og mikill fjöldi safnaðist saman til að votta honum virðingu sína og kveðja einn fremsta kylfing síðustu áratuga með eftirminnilegum hætti. Þrátt fyrir heiðarlega tilraun og ágæta spilamennsku tókst honum ekki að komast áfram en afrek hans í fortíðinni lifa áfram um ókominn tíma.

## DRAUMURINN VARÐ EKKI AÐ VERULEIKA

Skotinn Colin Montgomerie hefði að líkindum upplifað draum sinn um helgina ef ekki hefði verið til kylfingur að nafni Tiger Woods. Colin varð annar á Opna breska um síðustu helgi en hann er sem kunnugt er einn af fáum Skotum sem gert hafa flatirnar frægar í golfheiminum undanfarin ár. Var hann ákaft hylltur af heimamönnum á St. Andrews en allt kom fyrir ekki. Þó er bót í máli að Colin komst bakdyramegin inn á mótið og spilaði að öllum líkindum sinn besta leik á árinu.



***Annað sæti*** Góður stuðningur landa sinna dugði Colin Montgomerie ekki til sigurs um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES




# Tiger Woods í aðalhlutverki

*Úlfar Jónsson hefur lýst golfi á Sýn í tæp tíu ár. Hann velur hér nokkur af sínum eftirlætis atvikum úr sjónvarpsútsendingum*

Úlfar Jónsson er margreyndur Íslandsmeistari í golfi en hefur að undanförnu aðallega einbeitt sér að kennslu og lýsingu þó að keppnisandinn sé ekki langt undan. Á þessum tíu árum sem að Úlfar hefur lýst hefur einn kylfingur nánast einokað íþróttina, en það er að sjálfsögðu Tiger Woods. Það fer því mikið fyrir honum á topp fimm listanum sem Úlfar valdi.



**Tiger á Masters í ár** Vippið hjá honum á sextándu sýndi að Tiger Woods finnur alltaf leið til þess að vinna. Þegar hann er í ham er hann einum gæðaflokki fyrir ofan aðra.



**Phil Mickelson á Masters 2004** Frábært að sjá þennan kylfing takast loksins að vinna risamót. Honum tókst að slá fínt annað högg og setti niður fimm metra langt pútt. Hann fékk reyndar forsýningu frá Chris DiMarco sem var nokkrum sentimetrum lengra frá en hann en í sömu línu.



**Tiger Woods á Masters 1997** Tiger sigraði þarna á sínu fyrsta risamóti með tólf högga mun. Eitthvað sem ekki hafði sést áður. Það er kannski klisja að segja þetta en golfið verður aldrei samt. Árin áður höfðu verið frekar einsleit og menn voru að vinna hvern annan. Tiger gjörbreytti íþróttinni, sló lengra, var betur þjálfaður, hafði meiri sjálfstjórn og gerði það að verkum að gæðin í golfinu eru orðin meiri.



**Tiger Woods á móti Bob May árið 2000** Þegar þarna var komið við sögu hafði Tiger unnið tvo stór mót og gat unnið það þriðja þegar hann keppti við Bob May á PGA-mótinu. Hann setti niður eitt mesta pressupútt sögunnar því May hafði sett sitt niður og Tiger þurfti að setja í til þess að knýja fram bráðabana. Ef hann hefði unnið væri hann fyrsti kylfingurinn í fimmtíu ár til þess að ná þrennunni. Þetta var ótrúlega spennandi mót og Tiger setti púttið niður. Hann vann síðan mótið eftir umspil.



**Ryder Cup 2004** Bandaríska liðið var gjörsamlega yfirspilað á eigin heimavelli. Langer, sem flestir höfðu talið að væri ekki mjög félagslyndur, náði að stappa stálinu í sína menn. Leikmenn í Evrópu ferðast mikið saman og þess vegna er allt önnur og miklu meiri stemning hjá þeim. Þeir bandarísku eru meira út af fyrir sjálfan sig. Tiger Woods og Phil Michelson voru látnir spila saman þrátt fyrir að þeim líki ekkert vel við hvorn annan. Mjög eftirminnilegt.




Ferðataskan í sumar
Besti
ferðafélaginn
Léttur öllari
FAXE BREWERY
FAXE
PREMIUM
DANISH LAGER BEER
12
33 cl FAXE PREMIUM

# Perla á Costa Brava

***Það hefur verið vinsælt meðal kylfinga að fara til Spánar og njóta þess að spila á stutt-ermaskyrtu í 30 stiga hita. PGA golf de Catalunya er nýr völlur skammt frá Barcelona.***

Spánn hefur verið afar vinsæll áfangastaður fyrir íslenska kylfinga enda margir af bestu völlum Evrópu á Spáni. Frægastur þeirra er án efa Valderrama, sem hýsti Ryder Cup-keppnina árið 1997. Valder-rama er í suðurhluta landsins ekki langt frá hinum vinsæla sólstrand-arbæ Torremolinos. Þegar Íslend-ingar fara til Spánar að leika golf er algengast að þeir fari einmitt á þetta svæði.

Færri vita hins vegar að á Costa Brava á norðaustur Spáni eru líka margir gullfallegir golfvellir. Blaða-maður Fréttablaðsins lék einn þeir-ra fyrir mánuði síðan og varð ekki fyrir vonbrigðum. Völlurinn sem leikinn var heitir PGA golf de Cata-lunya og er í um 45 mínútna akstursfjarlægð frá Barcelona.

Golfvallahönnuðurinn Stan Eby hannaði völlinn ásamt fyrrum at-vinnukylfingunum Neil Coles and Angel Gallardo. Óhætt er að segja að þeim hafi tekist vel upp því völl-urinn er gríðarlega fallegur og skemmtilegur að leika á. Hann er 6.588 metrar og par 72. Völlurinn er mjög hæðóttur, brautirnar eru umluktar trjám og tjarnir eru í leik á um helmingi þeirra.

Þótt völlurinn hafi aðeins verið tekinn í notkun árið 1999 þá hefur hann þegar skipað sér á sess meðal þeirra bestu á Spáni og þegar verið notaður í evrópsku mótaröðinni. Í aprílhefti tímaritsins Golf Digest Magazine var hann sagður sá áttundi besti á Spáni.

Vallargjaldið á PGA golf de Cata-lunya er mismunandi eftir því hvenær árs leikið er. Gjaldið er frá fjögur þúsund krónum upp í sex þúsund. Það kostar um þrjú þúsund krónur að leigja golfbíl.

Óhætt er að mæla með því fyrir kylfinga sem eru á leið í borgarferð til Barcelona eða á Costa Brava ströndina að taka golfsettið með og kíkja PGA golf de Catalunya. Það verður enginn svikinn af því. Að-eins tekur um 45 mínútur að keyra þangað frá Barcelona.



***Völlurinn*** PGA golf de Catalunya var valinn sá áttundi besti á Spáni.



***Brautirnar*** Þær eru umluktar trjám og tjarnir eru í leik á helming þeirra.

## stjörnugolfarar }



DEAN MARTIN

Fáir ef einhverjir hafa verið jafn miklir golfáhugamenn og Dean Martin. Í viðtali sem tekið var við hann sagði Dean að ef hann fengi tækifæri til þess að gera hlutina upp á nýtt vildi hann sennilega verða atvinnumaður í golfi. Dean Martin eyddi öllum sínum frítíma í golf og jafnvel vinnutíma líka, því hann sagðist ekki hafa tíma fyrir æfingar undir sjónvarpsþætti eða söngsýningar, hann þyrfti að spila golf.






U.S. Kids Golf
WORLD CHAMPIONSHIP
*The Joy of Competition*



# Golfvörur
## sérhannaðar fyrir krakka



U.S. Kids Golf kylfurnar eru hannaðar fyrir sérstakan aldur/hæð og fást að sjálfsögðu fyrir rétt- og örvhenta.

Allar kylfur eru með **Graphite** sköftum og geta því ungir kylfingar fengið allar golfvörur við sitt hæfi.

Kynntu þér stærðarkerfið og fáðu ítarlegri upplýsingar um vörurnar okkar á www.krakkagolf.is.



„Bestu kylfur sem völ er á fyrir krakka", segir Hörður Arnarson unglingalandsliðsþjálfari

Kylfurnar sem golfkennarar mæla með fást á eftirtöldum stöðum:

GOLFVERSLUN NEVADA BOB ÞINN LEIKUR | ÚTILÍF | Golfbúðin | ALBATROS HAFNARFIRÐI

Golfklúbbur Akureyrar, Golfklúbburinn Akranesi, Golfklúbbur Sauðárkróks, Golfklúbburinn Keilir, Golfklúbbur Reykjavíkur

**www.krakkagolf.is**

U.S. Kids Golf



# Golfskór
## frá Etonic á ótrúlegu tilboði

**Öllum Etonic skóm fylgir sett af tökkum + lykill, verðmæti 1.200 kr.**

verð áður 7.900 **nú 3.700 afsl. 55%**
Etonic Stabilite leðurskór (kvenna og karla)

verð áður 5.900 **nú 2.700 afsl. 55%**
Etonic Lite (karla)

Mikið úrval af Golfkerrum á 30% afsl.



Mynd:
þriggja hjóla kerra
verð kr. 14.900,-

**30% afsláttur**
**kr. 10.500,-**

Golfbúðin
Dalshrauni 13 Hafnarfirði
Sími 565 1402 | Fax 564 1467 | golfbudin.is

# HÓLMSVÖLLUR



18.teigur Það er ekki slæmt útsýnið frá 18. teig. Það nær yfir nánast allan völlinn. Hún er par fimm hola og með góðu höggi er hægt að fara inná flötina í tveimur.

# Stórar flatir og þykkur kargi

***Íslandsmótið í höggleik fer fram á Hólmsvelli í Leirunni. Völlurinn hefur verið lengdur töluvert og karganum leyft að vaxa. Það verður þó veðrið sem gæti leikið stærsta hlutverkið um helgina.***

Það verður mikið um dýrðir þegar Íslandsmótið í höggleik fer fram. Að þessu sinni heldur Golfklúbbur Suðurnesja mótið og verður leikið á Hólmsvelli í Leirunni. Allir bestu kylfingingar landsins mæta til leiks. Golfklúbburinn var stofnaður í mars árið 1964. Árið 1973 ákváðu klúbbfélagar að byggja 18 holu golfvöll og fengu sænska golfvallararkitektinn Nils Skjöld til þess að hanna hann. Það var síðan 1986 að sá völlur var vígður í fullri stærð. Fyrir byrjendur er Jóelsvöllur sem er níu holu par þrjú völlur auk þess æfingasvæði fyrir alla.
Hólmsvöllur er sjávarvöllur. Hann hefur verið lengdur töluvert og er kominn yfir sex þúsund metra. Hér áður fyrr var sagt að hægt væri að slá nánast hvar sem er því völlurinn er frekar opinn og karginn var ekki mikill. Nú hefur hann hins vegar fengið að vaxa töluvert og er á mörgum stöðum ansi þykkur. Flatirnar á Hólmsvelli eru mjög stórar og því þurfa kylfingar á Landsmótinu að spá vel í allar lengdir sem breytast dag frá degi. Það er þó hins vegar ljóst að veðrið kemur til með að spila mjög stórt hlutverk í því hvernig kylfingar koma til með að spila. Íslandsmótið hefst á fimmtudaginn og stendur fram á sunnudag. Að því loknu verður verðlaunaafhending í Bláa Lóninu.



Vilhjálmsbrú Einn af fallegri stöðum á vellinum. Það er gengið yfir þessa brú þegar komið er á 16.flötina en hún var gerð til minningar um Vilhjálm Vilhjálmsson sem lést langt fyrir aldur fram.

**1. holan – Kríumóar**
Fyrsta holan heitir Kríumóar. Kríumóar er par fimm hola og ætti að vera auðveld byrjunarhola. Þó hefur karganum verið leyft að vaxa fyrir miðju holunnar þannig að kylfingar mega ekki vera of langir. Annað höggið ætti að staðsetja eftir því hvar pinninn er og þetta gæti verið auðveldur fugl.

**2. holan – Gapastokkur**
Gapastokkur er par fjögur hola og hér þarf teighöggið að vera langt og lenda vinstra megin á brautinni. Annað höggið þarf síðan að vera hátt og lenda á flötinni í flugi.

**3. holan – Bergvíkin**
Bergvíkin er ein frægasta golfhola landsins og meðal þeirra falllegustu. Hún er par þrjú hola og telst gott að ná pari. Ef kylfingar sjá boltann sinn á leið út í sjó segja gárungarnir að gott sé að kalla nafn Þorgeirs og þá fái boltinn „vinaskopp“ og komi aftur inn á völlinn.

**4. holan – Melbær**
Strax að lokinni Bergvíkinni tekur við erfiðasta holan á vellinum – Melbær. Hún er par fjögur hola. Þar má finna tvær nýjar glompur vinstra megin á brautinni. Kylfingar teljast góðir ef þeir ná pari.

**5. holan – Stóravör**
Stóravör er mjög löng par fjögur hola og er karginn hér mjög erfiður. Með góðu upphafshöggi er þó hægt að ná góðu skori.

**6. holan – Hrúðunes**
Hrúðunesið er par fimm hola og ef kylfingum tekst að komast klaklaust frá fyrstu fimm holunum ætti gott skor að vera innnan seilingar. Í upphafshögginu er gott að lenda boltanum vinstra megin á brautinni.

**7. holan – Hólmssund** Hólmssund er par fjögur hola sem liggur upp í mót. Hún getur reynst erfið í mótvindi og flötin er langt frá því að vera auðveld.

**8. holan – Garðhús**
Garðhús er par þrjú hola sem liggur upp í móti. Á þessari holu hættir mönnum til að leika með einu járni of lítið.
Í vindi er þessi hola langt frá því að vera auðveld.

**9. holan – Sundvarða** Sundvarðan er ein af auðveldari holum vallarins og þeir bestu slá upphafshögg sín oft nálægt flötinni. Það er því góður möguleiki að ná fugli hér.

**10. holan – Gerðið**
Gerðið er par fjögur hola og liggur í smá hundslöpp. Það er því gott að lenda upphafshögginu hægra megin. Flötin er nokkuð stór og hallar þannig að ekki er gott að fara mjög langt inn á hana.

**11. holan – Lindarbær**
Lindarbær er par fjögur hola og er ákaflega skemmtileg. Þarna eru nokkrar hættur sem ber að varast, meðal annars vatn sem liggur rétt fyrir framan flötina. Hér er gott að ná pari.

**12. holan – Ráðagerði**
Ráðagerði er par fjögur hola með tæplega fimmtíu metra metra flöt. Kylfingar þurfa því að staðsetja sig eftir því hvar pinninn er.

**13. holan – Laugartjörn**
Ótrúlega löng par þrjú hola með risastórri flöt. Slegið er yfir síki og gott að ná pari hér.

**14. holan – Ritunípa**
Par fimm hola sem gefur kylfingum möguleika á að ná sér í góðan fugl.



Frá teig Guðmundur Rúnar Hallgrímsson klúbbmeistari í GS slær upphafshöggið sitt. Veðrið gæti skipt sköpum á Landsmótinu sem fer fram í Leirunni á Hólmsvelli.

**15. holan – Grænigarður**
Liggur í hundslöpp frá vinstri til hægri.Ef kylfingar ná að staðsetja sig vinstra megin á brautinni hafa þeir flötina opna fyrir framan sig. Annar góður fuglmöguleiki.

**16. holan – Lindin**
Feikilega falleg par þrjú hola þar sem skotið er yfir smá vatn. Hér er gott að taka bara einu járni meira. Það er síðan gengið yfir Vilhjálmsbrúna til að komast á flötina.

**17. holan – Rásin**
Á Rásinni, sem er par fjögur hola, er mjög mikilvægt að vera á braut. Það er notalegt að fá par á þessari holu.

**18. holan – Berghólar**
Að standa á teig á 18. holunni, Berghólum sem er par fimm hola, er magnað enda býður hún upp á útsýni yfir nánast allan völlinn. Ef kylfingum tekst að halda sér á braut í upphafshöggi ættu þeir að geta komið sér inn á í tveimur. Aldrei slæmt að ljúka hring á fugli.






Bergvíkin Þessi par þrjú hola hefur fengið marga kylfinga til þess að skjálfa. Þeir ættu þó ekki að hafa miklar áhyggjur því ef golfkúlan er á leið út í sjó. Ef þeir kalla „Þorgeir" kastast hún stundum upp á flötina.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 29001 07/2005

**LANDSMÓT Í GOLFI.** Hólmsvöllur í Leiru frá 21. til 24. júlí.

Komdu og sjáðu alla helstu snillinga landsins keppa um eftirsóttustu verðlaunin í íslensku golfi.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

# TÝNDUR



Lýst er eftir Darra Logasyni. Darri er 185 cm á hæð og með skolleitt hár. Hann hvarf fyrir u.þ.b. fimm mínútum. Síðast þegar heyrðist til Darra var hann að tala við kærustuna sína í síma en þá rofnaði sambandið allt í einu. Hann var í miðri setningu. Hún skilur ekkert hvað hann var að spá. Eru þau ekki örugglega saman ennþá? Er hann kannski ekkert skotinn í henni lengur? **Ef þú sérð Darra, segðu honum að nota SOS næst þegar inneignin klárast.**

1400 1400 1400 1400 1400 1400 1400 1400

Fiton/SIA

**SOS**

**LÁTTU VITA AF ÞÉR**

**SOS LÁN**

Við lánum þér 100 krónur ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS LAN** í síma **1400**.

**SOS HRINGDU**

Láttu hringja í þig ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS símanúmer** (þess sem á að hringja í þig) í síma **1400**.

og vodafone

Heyrumst!

Komdu í **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** og fáðu nánari upplýsingar.




allt

Allt um heilsu
á þriðjudögum
í Fréttablaðinu.







*Notuð atvinnutæki og fólksbílar*

***Smelltu þér á sölutorgið á Glitnir.is og skoðaðu framboðið!***

Á sölutorginu er að finna til sölu notaða fólksbíla og atvinnutæki, s.s. vinnuvélar, iðnaðarvélar, skrifstofu- og tölvubúnað.

**Þar eru ítarlegar upplýsingar og myndir auk þess sem hægt er að reikna út greiðslubyrði lána og senda tilboð.**

*Breytum hugmyndum í veruleika*

Glitnir

Kirkjusandi • 155 Reykjavík • glitnir.is • sími 440 4400



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






# EIGNALISTINN

fasteignasala www.eigna.is

Félag Fasteignasala

Síðumúli 9 • 108 Reykjavík • Sími: 530 4600 • Fax: 530 4609 • eigna@eigna.is

Sigurður Örn Sigurðarson löggiltur fasteignasali



## HAFNARFJÖRÐUR

**VESTURBRAUT – GAMLI BÆR.**

3ja hæða hús sem þarfnast endurnýjunnar bæði að utan sem og að innan. Bílskúr 32,3 fm. Lóð 377 fm

**TILBOÐ ÓSKAST Í EIGNINA Í NÚVERANDI ÁSTANDI.**



## GRAFARVOGUR

**VEGHÚS – GETUR LOSNAÐ FLJÓTLEGA**

Góð 4ra herb. 112,8 fm íbúð á 2. hæð í vel viðhöldnu fjölbýli. Þvottahús innan íbúðar, baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, baðkar og sturta. Mjög gott skáparými í herbergjum, eldhús með góðri sprautulakkaðri innréttingu. Sameignin er mjög góð. **V: 20,1 millj.**



## REYKJAVÍK

**NJÁLSGATA**

2ja herb. 56,9 fm miðhæð. Töluvert endurnýjað í íbúðinni. Lítið en snyrtilegt eldhús, baðherbergi með sturtu, ágætlega rúmgott svefniherbergi með fataskápum, forstofa með fataskáp.Parket á gólfum, góð geymsla og sameiginlegt þvottarými á jarðhæð. **V: 13,3 millj.**



## BREIÐHOLT

**AUSTURBERG – LAUS VIÐ KAUPSAMNING**

4ra herb. með aukaherbergi í kjallara, þvottahús innan íbúðar. Rúmgóð stofa með útgengi út á frekar stórar suðursvalir. Rúmgott baðherbergi, hjónaherbergi með góðu skápaplássi. Útbúið hefur verið herbergi úr hluta af geymslu í kjallara( aðgangur að salerni)

**V: 19,2 millj. ÓLAFUR SÝNIR ÍBÚÐINA S: 822-4610**



**REYKJAVÍK - BRÁVALLAGATA**

Góð 3ja herbergja, 84 fm miðhæð í velviðhöldnu húsi.

Mikið endurnýað í íbúðinni t.d rafmagn, eldhús ofl. Góð herbergi, rúmgóð geymsla í kjallara. Góðar suð-vestur svalir. Laus 1. sept.05

**Verð: 18,5 millj.**



**ÁLFTAMÝRI**

Góð 3ja herb. íbúð á 4.hæð í vel viðhöldnu húsi á þessum eftirsóknarverða stað. Svefniherbergi með fataskápum. Suður- svalir, þvottahús og geymsla í sameign. **V: 14,950. millj. TIL AFHENDINGAR 15. ÁGÚST.**



**SELJAHVERFI - TEIGASEL**

67 fm, 2 herbergja íbúð á 2 hæð í 3 hæða fjölbýli. Forstofa með fataskáp / Stofan er rúmgóð með suðursvölum / Baðherbergi með baðkari og t.f. þvottavél og þurrkara / Svefnherbergi með góðu skápaplássi – gott útsýni / Eldhús með upprunalegri innréttingu – gott útsýni / Stór sameign með hjóla- og vagnageymslu og þvottahúsi, ásamt rúmgóðri sérgeymslu. **12,5 millj. LAUS VIÐ KAUPSAMNING.**

# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.177,86 **+0,01%**

**Fjöldi viðskipta:** 110
**Velta:** 501 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Burðarás** | +1,26% | **Össur** | -1,27% |
| **FL Group** | +0,35% | **HB Grandi** | -1,20% |
| | | **Atorka** | -0,52% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,00 -0,24% ... Bakkavör 38,30 +0,00%... Burðarás 16,10 +1,26%... FL Group 14,45 +0,35% ... Flaga 4,73 +0,00% ...HB Grandi 8,20 -1,20% ... Íslandsbanki 13,55 +0,00% ... Jarðboranir 21,60 -0,46% ... KB banki 546 +0,00% ... Kögun 58,80 +0,00% ... Landsbankinn 17,30 +0,00% ... Marel 58,20 +0,00% ... SÍF 4,82 +0,00 ...Straumur 12,15 -0,41% ... Össur 78,00 -1,27%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn...*

## DeCode fimm ára

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, mun opna Nasdaq hlutabréfamarkaðinn í New York á miðvikudaginn. Tilefnið er að fimm ár eru liðin frá því



að deCode genetics var skráð á hlutabréfamarkað þar vestra. Ekki mun Kári berja í bjöllu eins og margir hafa séð þegar viðskipti hefjast með félag í kauphöllinni í New York (NYSE) heldur mun hann ýta á takka. Er það viðeigandi þar sem um er að ræða tæknifyrirtæki á Nasdaq. Að því loknu skrifar hann nafn sitt á rafrænt eyðublað. Áður en þetta gerist mun Kári halda stutta tölu og að athöfninni lokinni verður myndskeið um fyrirtækið sýnt nokkrum sinnum á risaskjá á turni Nasdaq við Time Square það sem eftir lifir dagsins. Skógafoss verður þar í aðalhlutverki og lögð áhersla á yfirvegaða framrás fyrirtækisins, sem er nokkuð úr takti við öll blikkandi auglýsingaspjöldin í kring. Verður athöfnin send um allan heim í gegnum gervihnött og á vefsvæðinu nasdaq.com.

## Svínin í KB banka

KB banki var lengi stærsti kjötframleiðandi landsins en nú virðist sem bankanum sé að takast að losa sig við þessi framleiðslufyrirtæki sem hann hirti upp í skuldir. Áður en að því kom þurfti að koma á betra jafnvægi á kjötmarkaðnum, til að gera þennan bisness söluvænlegri í augum væntanlegra kaupenda. Virðist sem ástandið sé að batna og verð á kjöti á uppleið. Fyrirtækin Móar, Reykjahlíð og Ali eru aftur komin í hendur einstaklinga en ennþá situr KB banki uppi með Brautarholt, svínabú á Kjalarnesi. Þar réðu Brautarholtsfeðgar áður ríkjum og er möguleiki á að þeir taki aftur við rekstrinum af bankanum. Umræður um það hafa farið fram þó að staðan sé enn óbreytt. Hún getur þó breyst á næstunni eins og raunin varð með Móa, Reykjahlíð og Ali.



## MARKAÐSFRÉTTIR...

Verð á íbúðarhúsnæði lækkaði um eitt prósent að jafnaði í **Bretlandi** á fjögurra vikna tímabili fram til 9. júlí.

Samkeppnismáladómstóll Evrópusambandsins hafnaði ósk um áfrýjun norræna flugfélagsins **SAS** á úrskurði frá árinu 2001 vegna samkomulags sem félagið gerði við danska flugfélagið **Maersk Air** um samstarf á norrænum flugmarkaði.

Kínverskur bílaframleiðandi hefur lagt fram formlegt tilboð í breska bílaframleiðandann **MG Rover**. Kínverska fyrirtækið segist ætla að halda áfram bílaframleiðslu í verksmiðju **MG** í Birmingham og einbeita sér að því að þróa og framleiða nýjar gerðir bíla.



**MARKS OG SPENCER** Einn framkvæmdastjóra fyrirtækisins tekur nú við starfi stjórnarformanns hjá heildsölunni Booker, sem er í eigu Baugs.

# Wilson til Booker

Charles Wilson, einn þriggja framkvæmdastjóra bresku verslunarkeðjunnar Marks and Spencer, hyggst hætta hjá félaginu og taka við starfi stjórnarformanns hjá heildsölunni Booker sem er í eigu Baugs.

Wilson tók við starfi hjá Marks og Spencer fyrir rúmu ári og var einn nánasti samstarfsmaður stjórnarformannsins Stuart Rose. Wilson lék stórt hlutverk hjá fyrirtækinu og hafði yfirumsjón með umfangsmiklum sparnaðaraðgerðum. Hlutabréf í Marks og Spencer féllu í verði um tæp tvö prósent þegar fréttirnar bárust.

Booker er stærsta heildverslun Bretlands. Hjá fyrirtækinu starfa 8.900 manns.

- jsk



**ÁNÆGÐIR Í NOREGI** Frank Reite bankastjóri Kredittbanken, Jostein Sætrenes verðandi bankastjóri Kredittbanken og Bjarni Ármannsson forstjóri Íslandsbanka.

# Útlán Kredittbankans dragast saman

**Hagnaður eykst um 120 milljónir króna milli ára.**

Hagnaður Kredittbankans á fyrstu sex mánuðum ársins var 18,9 milljónir norskra króna eða tæpar 190 milljónir króna. Á sama tíma í fyrra var hagnaðurinn 7,3 milljónir norskra króna eða rúmar 70 milljónir króna. Hagnaðurinn skýrist af meiri vaxtamun í formi hagkvæmari fjármögnunar og aukningu á öðrum tekjum. Kredittbankinn er í eigu Íslandsbanka.

Útlán hafa aðeins dregist saman á fyrri hluta ársins en í tilkynningu frá bankanum segir að gæði lánasafnsins hafi að sama skapi aukist talsvert. Einnig hefur KredittBanken verið umboðsaðili fyrir mörg ný lán sem Íslandsbanki skráir hjá sér. Þetta eru lán sem eru af þeirri stærðargráðu að KredittBanken getur ekki veitt lánin beint til viðskiptavina. Í heildina hefur því starfsemi bankans aukist.

KredittBanken bauð í alla hluti í FactaNor As og á bankinn nú alla hluti í félaginu. FactaNor var stofnað árið 1989 og velti árið 2004 um 2,8 milljörðum norskra króna eða rúmum 27 milljörðum íslenskra króna. Hjá fyrirtækinu starfa 24 manns og hagnaður eftir skatta var rúmlega 30 milljónir íslenskra króna árið 2004.

- dh

# Mikil óvissa um olíuverð

**Olíuframleiðslu í Mexíkó að stórum hluta lokað vegna öryggisráðstafana.**

Olíuverð hefur hækkað í kjölfar þess að lokað var fyrir meirihluta olíuframleiðslu í Mexíkó af öryggisástæðum vegna fellibylsins Emily. Þetta kemur fram í Morgunkornum Greiningar Íslandsbanka. Störf voru tímabundið lögð niður í ríkisfyrirtækinu Petroleos Mexicanos sem framleiðir um 83 prósent af framboði landsins eða 2,8 milljónir tunna á dag. Í Morgunkornum segir að um sé að ræða rúm þrjú prósent af heildarframleiðslu hráolíu í heiminum og því hafi tíðindin haft talsverð áhrif á olíuverð í framtíðarsamningum.

Hráolía hefur hækkað umtalsvert síðasta árið og náði hámarki 7. júlí síðastliðinn að hluta til vegna ótta við framleiðslurof sökum veðurfars að því er segir í Morgunkornum. Fellibylurinn Emily sé fimmti stormurinn sem herji á Mexíkóflóa frá því að fellibylstímabilið hófst í byrjun júní. Í könnun á vegum Bloomberg hafi komið í ljós að 21 af 59 greinendum spái því að olíuverð lækki í næstu viku en 18 telji að það muni hækka enn frekar og 20 greinendur hafi spáð lítilli sem engri breytingu. Mikil óvissa virðist því ríkja um þróun olíuverðs á næstunni

- dh



**FELLIBYLURINN EMILY HÆKKAR OLÍUVERÐ** Fimmti stormurinn á Mexíkóflóa frá byrjun júní.








**ÞINGLÝSTUM KAUPSAMNINGUM FÆKKAR** Hátt í 2.500 fasteignir skiptu um eigendur á öðrum ársfjórðungi.

## Velta eykst á fasteignamarkaði

**Fjöldi kaupsamninga dregst saman frá fyrsta ársfjórðungi.**

Fjöldi kaupsamninga á öðrum ársfjórðungi dróst saman um fjögur prósent frá fyrsta ársfjórðungi 2005. Velta jókst á sama tíma um 11 prósent og meðalupphæð hvers kaupsamnings var 23,7 milljónir króna. Meðalupphæð annars ársfjórðungs í fyrra var 16,7 milljónir króna.

Velta hefur aukist um 46 prósent frá öðrum ársfjórðungi 2004 en fjöldi kaupsamninga hefur aukist um þrjú prósent.

Á öðrum ársfjórðungi 2005 var 2.429 kaupsamningum þinglýst á höfuðborgarsvæðinu og heildarupphæð veltu nam 57,5 milljörðum króna.

- dh

## Baugur býður í Whittard

Baugur hefur boðið í bresku te- og kaffiheildsöluna Whittard of Chelsea, segir í Sunday Times. Í blaðinu segir jafnframt að Baugsmenn hyggist sameina Whittard heilsumatvælafyrirtækinu Julian Graves, sem þeir keyptu árið 2003.

Whittard er metið á rúma þrjá milljarða króna og hafa tvö önnur tilboð borist í fyrirtækið.

- jsk



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON STJÓRNARFORMAÐUR BAUGS** Baugur hefur boðið í bresku te- og kaffiheildsöluna Whittard samkvæmt breskum fjölmiðlum.

# Hærri ávöxtun en versnandi staða

**Eignir lífeyrissjóðanna jukust um fimmtung á síðasta ári. Raunávöxtun var yfir tíu prósent annað árið í röð. Tryggingarfræðileg staða þeirra fór versnandi þrátt fyrir góða ávöxtun.**

Hreinar eignir lífeyrissjóðanna jukust um fimmtung á síðasta ári að því er fram kemur í skýrslu um afkomu og starfsemi þeirra sem Fjármálaeftirlitið tók saman. Þær voru 987 milljarðar króna í lok síðasta árs en fóru yfir eitt þúsund milljarða í febrúar síðastliðnum og hafa vafalítið hækkað enn frekar síðan.

Raunávöxtun lífeyrissjóðanna nam 10,4 prósentum að meðaltali á síðasta ári samanborið við 11,3 prósent árið áður. Miklar hækkanir á innlendum hlutabréfamarkaði skiluðu miklu til lífeyrissjóðanna.

Séreignarsparnaður, sem er í vörslu lífeyrissjóða, hækkaði um 27 milljarða króna á síðasta ári og nam 111 milljörðum í árslok.

Mikill vöxtur í lífeyrissjóðakerfinu er í formi séreignarsparnaðar.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**LÍFEYRISSJÓÐIRNIR** Raunávöxtun lífeyrissjóðanna var annað árið í röð yfir tíu prósent samkvæmt úttekt Fjármálaeftirlitsins. Tryggingarfræðileg staða þeirra versnaði vegna hærri lífslíkna og vaxandi örorkugreiðslna.

Sem hlutfall af heildareignum lífeyrissjóðanna er hlutdeild þessa sparnaðar um ellefu prósent. Iðgjöld til séreignarlífeyrissparnaðar voru rúmir sautján milljarðar á síðasta ári. Skuldbindingar lífeyrissjóðanna hafa verið að hækka á undanförnum árum vegna hækkandi lífslíkna og vaxandi örorkugreiðslna. Samkvæmt könnun Fjármálaeftirlitsins hefur tryggingarstaða lífeyrissjóðanna versnað frá fyrra ári þrátt fyrir að ávöxtunin hafi verið ein sú besta frá upphafi. Alls var staða 27 samtryggingadeilda af 40, sem njóta ekki bakábyrgðar ríkis, banka eða sveitarfélaga, neikvæð. Fjórar samtryggingadeildir voru með meiri halla en tíu prósent, halli átta deilda var á bilinu fimm til tíu prósent og fimmtán deilda á bilinu núll til fimm prósent.

Fjármálaeftirlitið fer fram á að þeir sjóðir sem hafa meiri en tíu prósenta halla breyti samþykktum sjóðsins til að ná jafnvægi. Það sama þarf sjóður að gera ef hallinn er fimm til tíu prósent að meðaltali á fimm ára tímabili.

eggert@frettabladid.is

Töfra tæki

Magimix matvinnsluvélin léttir þér lífið



vilborga@centrum.is

magimix

Magimix matvinnsluvélin er óvenjulega stílhreint, kraftmikið og endingargott töfratæki fyrir alla þá sem kunna að meta gæði og góðan mat. Vélin er sérstaklega auðveld í notkun og hárbeittir stálhnífar tryggja fullkominn skurð.

Verð frá: kr. 17.190 stgr.

GJAFABRÉF

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is





**EDGAR DEGAS (1834-1917)** fæddist þennan dag.

*„List er ekki það sem þú sérð, heldur það sem þú lætur aðra sjá.“*

***Edgar Degas var franskur listmálari. Hann missti sjónina um fimmtugt og gerðist þá myndhöggvari.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Risaeðlubeinagrind afhjúpuð*

Risastór risaeðlubeinagrind var afhjúpuð í Náttúrugripasafni í London þennan dag árið 1983. Píparinn og steingervingaáhugamaðurinn Bill Walker hafði í janúar rekist á risastóra kló sem tilheyrði kjötætu í leirgryfju í Surrey. Þegar hann fann steininn sem klóin var í bankaði hann í steininn með þeim afleiðingum að klóin datt í sundur. Steingervingafræðingar endurbyggðu klónna og töldu að hún væri um 125 milljón ára gömul. Þessu var lýst sem fundi aldarinnar. Vísindamennirnir urðu að bíða þar til jarðvegurinn þornaði og hófu þá tveggja vikna uppgröft á beinagrindinni í maí en beinin fylltu þrjá flutningabíla.

Tegund risaeðlunnar var áður óþekkt auk þess sem þetta var í fyrsta sinn sem kjötæturisaeðla fannst í bergi frá þessu tíma. Sérfræðingar töldu að dýrið hefði líklega verið um fimm metrar á hæð, svipað og tvöfaldur strætó. Líklega hafi það vegið um tvö tonn og hlaupið á um 30 kílómetra hraða á klukkustund.

Fundur Bill Walkers var frá krítartímabilinu þegar risaeðlur voru á hápunkti sínum. Risaeðlur ráfuðu um jörðina fyrir 220 milljónum ára en urðu útdauðar fyrir um 70 milljónum ára. Tilvera þeirra varð mönnum fyrst ljós árið 1841.



**19. JÚLÍ 1983** Líklega hefur risaeðlan litið út eitthvað á þennan veg.

## MERKISATBURÐIR

**1799** Rósettusteininn finnst við mynni Nílar. Hann er talinn lykillinn að ráðningu híeróglýfurs.

**1813** Gengið er á hæsta tind Íslands, Hvannadalshnúk, í fyrsta sinn.

**1965** Fyrsti forseti Suður-Kóreu deyr í útlegð.

**1989** Bygging þyrlupalls í Kolbeinsey hefst en eyjan er nyrsti grunnlínupunktur fiskveiðilögsögunnar.

**1996** Radovan Kardzic, forseti Bosníu Serba, segir af sér.

**2001** Árni Johnsen tilkynnir að hann ætli að segja af sér þingmennsku.

**2001** Davíð Oddsson hafði á þessum degi gegnt embætti forsætisráðherra lengur en nokkur annar.

## ANDLÁT

**Kristján Hólm Loftsson** frá Bólstað, lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi í Fossvogi föstudaginn 8. júlí.

**Þórunn Einarsdóttir** fóstra, Lindargötu 57, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut, þriðjudaginn 12. júlí

**Kolbrún Kristinsdóttir**, Sunnuvegi 4, Hafnarfirði, lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 16. júlí.

**Lárus Óskar Gamalíelsson** lést á sjúkradeild Sólvangs laugardaginn 16. júlí.

## JARÐARFARIR

11.00 **Ásta Kristín Erlingsdóttir** grasalæknir, verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

11.00 **Ingólfur Þormóðsson**, dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, verður jarðsunginn frá Höfðakapellu.

14.00 **Gestur Bjarnason** frá Fremri-Hvestu í Arnarfirði, verður jarðsunginn frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði.

15.00 **Björg Aradóttir** frá Hólmavík, verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

15.00 **Ólafur Ólafsson** frá Syðra-Velli í Flóa, áður til heimilis að Lækjarkinn 28, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Halldór Jónsson**

frá Sunnutúni Eyrarbakka,
Baugstjörn 6 Selfossi.

Lést á Sjúkrahúsi Suðurlands laugardaginn 16. júlí.

**Valgerður Jóna Pálsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Ingunn Hinriksdóttir** | **Sigurður Ingólfsson** |
| **Jón Halldórsson** | **Svana Pétursdóttir** |
| **Stefán Anton Halldórsson** | **Erna Friðriksdóttir** |
| **Páll Halldórsson** | **Ingibjörg Eiríksdóttir** |
| **Anna Oddný Halldórsdóttir** | **Jón Arnar Sigurðsson** |

**afabörn og langafabörn**



*Ástkær maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, tengdasonur og bróðir,*

**Eyjólfur Sig. Bjarnason**

Víðivangi 8, Hafnarfirði.

Verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju Hafnarfirði fimmtudaginn 21. júlí kl. 13.00.

**Guðfinna Vigfúsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Ásta Eyjólfsdóttir** | **Hermann Jónsson** |
| **Sigurborg Eyjólfsdóttir** | **Sverrir Kristinsson** |
| **Vigfús Eyjólfsson** | **Rakel Þórðardóttir** |

**Atli, Tryggvi, Ísak, Ingimar Bjarni, Eyjólfur Árni, Vigfús Sigurðsson og systkini hins látna.**



*Hjartkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorvaldur Ísleifur Helgason**

fv. verkstjóri,
Hæðargarði 29,

er lést laugardaginn 9. júlí sl. verður jarðsunginn, frá Bústaðakirkju, fimmtudaginn 21. júlí kl. 15.00. Kransar og blóm afþakkaðir, en þeir er vilja minnast hins látna er bent á líknarstofnanir.

| | |
|---|---|
| **Haukur H. Þorvaldsson** | **Guðleif Sigurðardóttir** |
| **Málfríður Á. Þorvaldsdóttir** | **Stefán Pálsson** |
| **Helgi Þorvaldsson** | **Aileen A. Þorvaldsson** |
| **Margrét Þorvaldsdóttir** | **Guðmundur Gíslason** |
| **Þorvaldur Í. Þorvaldsson** | **Hrefna Brynjólfsdóttir** |
| **Sigurður Þorvaldsson** | **Guðrún S. Reynisdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn**



**SIGFÚS BJARTMARSSON** Skáldið hefur gefið skriftum lítinn gaum það sem af er ári og ver mestum tíma með syni sínum.

SIGFÚS BJARTMARSSON SKÁLD ER FIMMTUGUR

# Afmælisgjafir eru illa séðar

„Ég hélt upp á afmælið á föstudaginn var,“ segir Sigfús Bjartmarsson skáld fimmtugur í dag. „Mér fannst eiginlega ekki hægt að bjóða fólki í veislu á þriðjudegi og tók því forskot á sæluna.“ Sigfús segist sjaldan gera mikið úr afmælum en ákvað að bregða út af venjunni og leigja sal og bjóða vinum og vandamönnum í veislu. „Þetta var virkilega góð kvöldstund. Ég setti þau tilmæli á boðskortið að gjafir væru illa séðar, en það gegndu því ekki allir. Ég á ekki von á því að halda svo veglega upp á afmæli aftur nema kannski þegar ég verð 75 ára.“

Sigfús sendi frá sér ljóðabókina *Andræði* í fyrra sem hlaut góðar viðtökur og var meðal annars tilnefnd Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Hann hefur þó lítið sinnt skriftum það sem af er ári heldur varið tímanum í „hálfgerðu fæðingarorlofi“ með syni sínum Núma Jörgen. „Hann varð einmitt eins árs á sunnudaginn þannig að tímamótin safnast upp á þessu heimili,“ segir Sigfús kankvís. „Ég geri annars ráð fyrir því að byrja að skrifa eitthvað aftur á næstunni en býst ekki við að gefa út bók í ár enda fer skilafresturinn að renna út hjá forlögunum. Annars er aldrei að vita nema maður eigi eftir að rjúka í gang.“

Í ljóðum sínum rýnir Sigfús oftar en ekki í samfélagið eins og það kemur honum fyrir sjónir en hann segir yrkisefnin ávallt breytast á milli bóka. „Ég get ekki skrifað sömu bókina tvisvar og reyni sífellt að finna hjólið upp á nýtt. Það verða aðrir að dæma um hvort það hafi tekist.“ ■

## AFMÆLI



**Erró** er 73 ára.



**Hafsteinn Austmann** listmálari er 71 árs.



**Birgir Ísleifur Gunnarsson** seðlabankastjóri er 69 ára.

**Mjöll Hólm** söngkona er 61 árs.



**Guðmundur Týr Þórarinsson** (Mummi) er 47 ára.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BENEDIKT LAFLEUR** Vill vekja athygli á hinum ómenguðu og ósnortnu Vestfjörðum.

# Fyrstur að synda alla Vestfirði

Benedikt Lafleur listamaður og formaður Sjósundfélags Íslands ætlar að verða fyrsti maðurinn til að synda alla firði á Vestfjörðum. Hann leggur af stað í ágúst og ætlar sér allt að tvær vikur í ferðalagið.

„Ég fæ nú stundum svona brjálæðislegar hugmyndir,“ segir Benedikt sem telur ferðina vel framkvæmanlega. „Þetta er ekkert egótripp,“ hlær hann og segir uppákomuna vera óð til Vestfjarða en Benedikt vill draga athygli fólks að Vestfjörðum þar sem þeir séu ómengaðir og ósnortnir. „Í huga manns eru Vestfirðir eins og villta vestrið,“ segir Benedikt sem vill efla ferðaþjónustuna á svæðinu.

Benedikt segir sjósund hafa hreinsandi áhrif fyrir sálina og vera eins og góða hugleiðslu. Benedikt syndir í hvaða veðri sem er og hefur sérstaklega gaman af því að synda í öldugangi. Hann hugar þó einnig að öryggi og verður bátur með honum á leiðinni enda segir hann sjósundin enga áhættufíkn. ■


Loksins á Íslandi
Einn vinsælasti ávaxtasafi í heimi!
Engu vatni, sykri eða rotvarnarefnum er bætt í safann!
APPLE JUICE
Not from Concentrate
Florida's Natural
PREMIUM
NOT FROM CONCENTRATE
100% PURE APPLE JUICE
PASTEURIZED
NO PULP
ORIGINAL
Florida's Natural
PREMIUM
Squeezed From OUR FRESH Oranges
NOT FROM CONCENTRATE
IT'S AS CLOSE TO THE GROVE AS YOU CAN GET
Þennan verður þú að prófa!



## Heyrst hefur ...

... að Ólafur Stefánsson sé byrjaður að mæta á fótboltaæfingar hjá ÍR, sem spilar í 2. deildinni í fótbolta. Ólafur, sem þótti afar liðtækur knattspyrnumaður á sínum yngri árum, er staddur á Íslandi í sumarfríi og fer augljóslega fjölbreyttar leiðir til að halda sér í formi fyrir komandi leiktíð með Ciudad Real í spænska handboltanum.

# sport

sport@frettabladid.is

**KÖRFUBOLTAMAÐURINN HELGI JÓNAS GUÐFINNSSON:** HRAKFARIRNAR HALDA ÁFRAM

# *Það á ekki af manni að ganga*

Helgi Jónas Guðfinnsson er einn allra besti leikstjórnandi á Íslandi en undanfarin ár hafa þrálát bakmeiðsli gert honum lífið leitt og því hefur hann ekki geta spilað að fullu með liði sínu. Fréttablaðið greindi frá því fyrir skömmu að Helgi væri á góðri leið með að ná þokkalegri heilsu í fyrsta sinn í langan tíma og hygðist leika með Grindvíkingum af fullum krafti í úrvalsdeildinni næsta vetur, en sumarið byrjaði ekki gæfulega fyrir hann.

„Ég held ég hafi verið búinn að mæta á tvær æfingar þegar ég lenti í því að handarbrotna þegar ég var að skutla mér á eftir bolta. Ég fann nú ekkert fyrir þessu fyrst, en skömmu síðar fann ég að ekki var allt með felldu og við skoðun kom í ljós að ég var brotinn á baugfingursbeininu á handarbakinu á skothendinni. Þetta hefur engu að síður gróið mjög vel og ég er kominn úr gipsinu núna. Ég má ekki byrja að spila strax og verð að gefa þessu nokkrar vikur enn til að jafna sig, en úr því að þetta gerist svona yfir sumarið, er maður ekkert að svekkja sig allt of mikið yfir þessu,“ sagði Helgi sem sagðist hafa óttast að þurfa að vera mun lengur frá vegna meiðslanna en raun bar vitni. „Ég hugsaði bara að það ætti ekki af manni að ganga í þessu meiðslaveseni,“ sagði Helgi hlæjandi, en sér fram á að verða kominn á fullt á æfingum með Grindvíkingum fljótlega. Hann getur þó ekki verið með liði sínu á Bílavíkurmótinu sem hófst í gærkvöld, en það er æfingamót þar sem Suðurnesjaliðin þrjú, Grindavík, Njarðvík og Keflavík, ásamt Fjölni leiða saman hesta sína.



## > Við hrósum ...



... Kára Árnasyni, leikmanni Djurgarden og íslenska landsliðsins í knattspyrnu, en hann og félagar hans í sænska liðinu stefna hraðbyri á meistaratitilinn þar í landi. Liðið hefur nú fjögurra stiga forystu í deildinni og hefur Kári leikið lykilhlutverk á miðjunni lengst af leiktíðar.

## > Vissir þú að ...

.... að lið Fylkis í Landsbankadeildinni hefur aðeins hlotið 22% mögulegra stiga á heimavelli sínum í Árbænum. Þar hefur liðið leikið sex leiki og aðeins hlotið fjögur stig á meðan útivöllurinn hefur reynst liðinu afar drjúgur. Þar hefur liðið hlotið 87% mögulegra stiga og er fyrir vikið í efri helming Landsbankadeildarinnar.


HÚSEIGN Fasteignamiðlun





EYRARGATA – SIGLUFIRÐI

**Stærð í fermetrum: 143,1 • Fjöldi herbergja: 7**
**Tegund eignar: Tvíbýli • Verð: Tilboð óskast!**

Lýsing eignar: Sjarmerandi hús í hjarta Siglufjarðar. Húsið er timburhús með bárujárnsklæðningu. Um er að ræða hæð og ris alls 143,1 fm. gólflötur íbúðarinnar er þó stærri því stærstur hluti efstu hæðar hússins er undir súð og mælast fermetrar ekki með í skráningu ef þeir eru undir 1.80 cm í lofthæð. Allt gólf nema á baði og búri er með upprunalegum gólfborðum sem hafa verið pússuð og lökkuð. Húsið sem er staðsett á Siglufirði með fjöllin á þrjá vegu og hafið á þá fjórðu og ríkri menningarsögu sem staðurinn hefur uppá að bjóða er mjög ákjósanlegur staður fyrir sumarhús eða heilsársheimili.

Allar nánari upplýsingar veitir:
**Áslaug Baldursdóttir,**
sölufulltrúi
í síma: 822-9519



*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*
*Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100*



HÚSEIGN Fasteignamiðlun

ÍRABAKKI



**Stærð í fermetrum: 83**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Tegund eignar: Fjölbýli**
**Verð: 15,500,000**

Lýsing eignar: Forstofa er með flísum á gólfi og góðum fataskáp. Tvö barnaherbergi eru í íbúðinni og eru þau með parket á gólfi, Hjónaherbergið er rúmgott með góðum skápum og parket á gólfi. Baðherbergið er með flísum í hólf og gólf og fallegri innréttingu auk baðkars. Eldhúsið er með fallegri innréttingu en skipt var um borðplötu og blöndunartæki fyrir 2 árum, parket á gólfum. Inn af eldhúsi er borðstofa með gott útsýni í vestur. Stofan er rúmgóð með parketi á gólfi og tölvurými. Útgengt er út á vestur svalir sem eru mjög rúmgóðar og þar er hægt að horfa niður í garð þar sem leiktæki og sandkassar eru fyrir börnin. Geymsla og hjólageymsla fylgir með. Lóðin er í górðii rækt og er mjög falleg á þessum árstíma. Hússjóður sér um þrif og sorpgeymslu, hita og umhirðu á sameiginlegum garði. Sölumaður: Ástþór Helgason 898 1005

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*
*Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100*



HÚSEIGN Fasteignamiðlun

GRUNDARGATA SIGLUFIRÐI



**GRUNDARGATA SIGLUFIRÐI**

Einstaklega rúmgott iðnaðarhúsnæði með leyfi sem íbúð og vinnustofu. Húsið er á þremur hæðum. Á jarðhæð er um 3ja m. lofthæð. Gömul gólfborð á miðhæð hússins. Eldhús á miðhæð og salerni á jarðhæð. Auðvelt er að fjarlægja gólfborð og opna alveg upp þar sem stál eða járnbitar hafa verið settir sem halda uppi miðhæðinni og hægt er að nota ef húsnæðið væri notað sem iðnaðarhúsnæði. Eignin býður upp á ævintýralega möguleika! Frábært tækifæri á ótrúlegu verði. Laust til afhendingar!

**Stærð í fermetrum: 302,4**
**Fjöldi herbergja**
**Tegund eignar: Einbýli**
**Verð: Tilboð óskast!**

Allar nánari upplýsingar veitir:
**Áslaug Baldursdóttir,**
sölufulltrúi
í síma: 822-9519



*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*
*Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100*


# Eyjamenn úr fallsæti

**Eyjamenn nældu sér í sín fyrstu stig á útivelli í Landsbankadeildinni í sumar með 2–2 jafntefli gegn Keflavík í gærkvöld. Stigið fleytir liðinu upp úr fallsæti.**

Keflavík 2-2 ÍBV

Keflavíkurv., áhorf.: 675 Egill Már Markússon (5)

*1–0 Hörður Sveinsson, víti (41.)*
*1–1 Gestur Gylfason, sjálfsmark (48.)*
*2–1 Ólafur Jón Jónsson (67.)*
*2–2 Pétur Óskar Sigurðsson (81.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–9 (5–6) |
| Varin skot | Ómar 3 – Birkir 3 |
| Horn | 3–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 5–9 |
| Rangstöður | 2–3 |



**SANNGJARNT JAFNTEFLI** Gunnar Hilmar Kristinsson hjá Keflavík sést hér freista þess að ná boltanum af Matthew Platt, leikmanni ÍBV. Það var hart barist í Keflavík í gær og hefðu bæði lið getað skorað fleiri mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÓTBOLTI** Það var mikil barátta í leikmönnum beggja liða í gærkvöld þegar Keflavík og ÍBV gerðu sanngjarnt 2-2 jafntefli í Keflavík. Keflvíkingar byrjuðu betur og fengu ágætt marktækifæri strax á annarri mínútu, en Guðmundur Steinarsson skaut þá rétt framhjá markinu. Bæði lið skiptust síðan á að sækja án þess að skapa mikla hættu upp við mark andstæðinganna. Keflavík sótti ágætlega upp kantana og þá sérstaklega hægra megin, þar sem Hólmar Örn Rúnarsson sýndi oft ágæt tilþrif.

Leikmenn áttu í erfiðleikum með að hemja boltann í vindinum í fyrri hálfleik, en það blés hressilega á leikmenn beggja liða. Keflvíkingar fengu síðan umdeilda vítaspyrnu, en Bjarni Hólm Aðalsteinsson braut þá á Hólmari Erni Rúnarssyni eftir að Hörður Sveinsson hafði sent boltann fallega til hans. Hörður tók spyrnuna og skoraði örugglega framhjá Birki Kristinssyni í markinu. Þetta var hans fimmta mark í síðustu tveimur leikjum með Keflavík, en hann skoraði öll fjögur mörk Keflavíkur í Evrópukeppninni gegn FC Etzella frá Lúxemburg.

ÍBV átti ágætar sóknir eftir markið og komst Pétur Óskar Sigurðsson næst því að jafna þegar hann slapp í gegnum vörnina en Guðjón Antóníusson náði að verjast skotinu fimlega á síðustu stundu. ÍBV byrjaði seinni hálfleikinn af miklum krafti og náði að jafna leikinn. Ian Jeffs skaut þá að að marki en Ómar varði skotið beint í Gest Gylfason og í netið. Frekar klaufalegt sjálfsmark á að líta hjá Gesti, sem gat þó lítið við þessu gert.

Keflavíkurliðið hresstist nokkuð við þetta og náði að jafna með ágætu skallamarki hjá Ólafi Jónssyni. Vestmannaeyingar sóttu í sig veðrið og gáfust ekki upp. Pétur Óskar Sigurðsson jafnaði leikinn eftir ágæta sendingu Atla Jóhannssonar frá vinstri, en varnarmenn Keflavíkur hefðu þó átt að gera betur því boltinn fór á milli nokkurra varnarmanna þegar Atli sendi boltann fyrir markið. Jafntefli var sanngjörn úrslit í leiknum en það hefðu hæglega getað komið fleiri mörk í leikinn ef færin hefðu verið nýtt betur.

Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV, var ánægður í leikslok. „Við spiluðum ágætlega í dag. Það er stígandi í leik okkar núna og vonandi náum við að byggja á þessum úrslitum. Það var gleðilegt að ná að skora tvö mörk á útivelli, en það er í fyrsta skiptið í sumar sem við náum því. Mér fannst þetta sanngjörn úrslit og ágætlega spilaður leikur miðað við aðstæður.“

**magnush@frettabladid.is**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild karla:*

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-ÍBV | 2–2 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **10** | **10** | **0** | **0** | **28–5** | **30** |
| VALUR | 10 | 8 | 0 | 2 | 21–5 | 24 |
| **FYLKIR** | **11** | **5** | **2** | **4** | **20–16** | **17** |
| KEFLAVÍK | 11 | 4 | 4 | 3 | 18–23 | 16 |
| **ÍA** | **10** | **4** | **2** | **4** | **9–11** | **14** |
| KR | 11 | 4 | 1 | 6 | 13–16 | 13 |
| **ÍBV** | **11** | **3** | **1** | **7** | **10–23** | **10** |
| ÞRÓTTUR | 11 | 2 | 3 | 6 | 12–17 | 9 |
| **GRINDAVÍK** | **10** | **2** | **3** | **5** | **10–17** | **9** |
| FRAM | 11 | 2 | 2 | 7 | 10–18 | 8 |

*Sænski boltinn:*

| | |
|---|---|
| DJURGARDEN-SUNDSVALL | 4–0 |

**Kári Árnason** lék allan leikinn fyrir Djurgarden en Sölvi Geir Ottesen kom ekki við sögu.

Shaun Wright-Phillips, nýjasti samherji Eiðs Smára Guðjohnsen:

# Býst aldrei við að eiga fast sæti í liði

**FÓTBOLTI** Vængmaðurinn ungi Shaun Wright-Phillips gekk formlega í raðir Chelsea í gær og undirritaði fimm ára samning við félagið. Margir hafa leitt líkum að því að Phillips eigi eftir að þurfa að sitja mikið á varamannabekk liðsins vegna hinnar miklu samkeppni sem er um hverja stöðu í liðinu. Phillips segist ekki óttast þessa samkeppni, heldur muni hann þrífast á henni eins og hann hefur gert allan sinn feril.

„Ég hef verið að afsanna hrakspár síðan ég kom inn í þessa deild og ég bjóst satt að segja aldrei við því að geta gengið út frá því að eiga fast sæti í nokkru liði. Ég er staðráðinn í að standa mig hjá Chelsea og nýta tækifærin mín vel, samkeppni er ekkert ný fyrir mér og hún á eftir að hjálpa mér að vaxa sem leikmaður.

Takmark mitt er að vinna titla með Chelsea og standa mig vel fyrir stjórnina, þjálfarana og stuðningsmennina,“ sagði hinn smávaxni Wright-Phillips. **- bb**

## ÚR SPORTINU

**F**orráðamenn **Lyon** í Frakklandi vilja fá 32 milljónir punda fyrir miðjumanninn **Mickaël Essien** ef **Chelsea** ætlar sér að fá hann til sín frá félaginu. Talsmaður Lyon segir að félagið meti hann í sama flokk og **Steven Gerrard** og því vilji það fá jafn hátt tilboð og **Chelsea** bauð í Gerrard. Essien sjálfur er mjög óánægður með stöðu sína hjá Lyon og vill fyrir alla muni fara til Chelsea. Í þessu tilviki er það græðgi þeirra Lyon-manna sem heldur honum í Frakklandi.



**A**rsene Wenger, knattspyrnustjóri **Arsenal**, hefur látið forráðamenn **Sevilla** heyra það eftir að þeir hótuðu að kæra Arsenal til FIFA vegna ólöglegra viðræðna við miðjumanninn **Julio Baptista.** Arsenal hefur mikinn áhuga á að fá leikmanninn í sínar raðir fyrir næstu leiktíð en Sevilla hefur í þrígang hafnað tilboði félagsins. „Við ræddum fyrst við forráðamenn Sevilla en á einhverjum tímapunkti verður að ræða við leikmanninn sjálfan. Við verðum að vita hvort hann hafi áhuga á að koma til liðsins, annars er lítið vit í því að bjóða í hann fúlgur fjár,“ sagði **Wenger** þegar hann var spurður um hótanir Sevilla.



**A**rsenal er ekki eina liðið sem rennir hýru auga til **Baptista** því síðdegis í gær bárust fregnir af því að **Tottenham** hefði boðið 14 milljónir punda í leikmanninn. „Við höfum fengið tilboð frá Tottenham sem er hærra en það sem við fengum frá **Arsenal**,“ sagði talsmaður Sevilla en vildi ekkert tjá sig um hvort tilboðinu hefði verið tekið eður ei. Gefur það til kynna að þessi yfirlýsing sé aðeins til að espa forráðamenn Arsenal upp og fá þá til að hækka sitt tilboð enn frekar, sérstaklega þar sem fjármagn félagsins er orðið meira eftir söluna á **Patrick Vieira** til Juventus.



**D**avid Beckham leggur mikla áherslu á að landi sinn **Michael Owen** verði áfram í herbúðum **Real Madrid** á næsta tímabili. Beckham kveðst vera leiður á öllum þeim orðrómi sem segir **Owen** á leið til Englands og segir að honum líði mjög vel á Spáni. „Hann er frábær framherji og góður vinur. Auðvitað vill ég halda honum. Honum hefur vegnað vel hér og hann hefur aðlagast fljótt. Það er engin ástæða fyrir því að hann ætti að fara,“ segir Beckham.

**S**teve McLaren, knattspyrnustjóri Middlesbrough, greindi frá því í gær að enski landsliðsmaðurinn **Owen Hargraves** hefði hafnað boði um að ganga til liðs við félagið. McLaren þekkir vel til hins 24 ára gamla **Hargraves** frá tíma sínum sem aðstoðarmaður enska landsliðsins, en leikmaðurinn hefur áður lýst yfir löngun sinni yfir að spila í Englandi.

**M**ilan Baros og **Jersey Dudek** eru ekki í leikmannahópi Liverpool sem mætir TNS frá Wales í síðari leik liðanna í forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Hvorugur þeirra kom við sögu í fyrri leiknum þó að báðir hefðu verið heilir heilsu, en þá sat **Baros** á bekknum allan leikinn en **Dudek** var ekki í hópnum. Þykjast fjölmiðlar ytra vita að Rafael Benitez kjósi að hafa þá ekki í hópnum svo að þátttökuréttur þeirra í Meistaradeildinni með öðrum liðum útilokist ekki. Fari svo að þeir kumpánar, sem lengi hafa verið orðaðir við sölu frá **Liverpool**, leiki gegn TNS munu þeir ekki geta spilað í Meistaradeildinni með öðrum liðum og er það sannarlega eitthvað sem gæti orðið til þess að áhugi liða á þeim félögum minnki.

**Í**talski sóknarmaðurinn **Alberto Gilardino** skrifaði í gærkvöld undir samning við **AC Milan** í heimalandi sínu. **Gilardino**, sem leikið hefur frábærlega með Parma síðustu tvö ár, var gríðarlega eftirsóttur og greiðir Milan 17,2 milljónir punda fyrir leikmanninn.



**Í NÝJU HLUTVERKI** Páll Einarsson hefur leikið áður í vörninni en stærsta hluta síns ferils hefur hann þó stjórnað leik Þróttaraliðsins á miðjunni. Hann er sem fyrr markahæstur í liðinu með þrjú mörk og hér sést eitt þeirra verða að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þróttarar héldu hreinu annan leikinn í röð:

# Gerðist síðast fyrir heilum sjö árum

**FÓTBOLTI** Þróttarar hafa náð í fjögur stig í fyrstu tveimur leikjunum undir stjórn Atla Eðvaldssonar og það þrátt fyrir að hafa aðeins skorað eitt mark í þeim.

Lykillinn að stigasöfnun liðsins liggur fyrst og fremst í bættum varnarleik liðsins en það hefur haldið hreinu í báðum leikjunum, fyrst í 0-0 markalausu jafntefli við Skagamenn og svo í 1-0 sigri á Fylkismönnum uppi í Árbæ.

Atli hefur lagt áherslu á að bæta vörnina og það hefur þegar skilað sér enda fékk Þróttur 17 mörk á sig í fyrstu 9 leikjum tímabilsins og náði aðeins að halda einu sinni hreinu í fyrri umferðinni – í 4-0 sigri á ÍBV.

Atli byrjaði strax á því að breyta leikkerfinu úr 3-5-2 í 4-4-2 og færði fyrirliðann Pál Einarsson aftur í miðja vörnina. Þetta tvennt hefur gefist mjög vel og hefur Páll verið einn allra besti leikmaður liðsins í þessum tveimur leikjum.

Það þarf að fara heil sjö ár aftur í tímann til að finna tvo leiki í röð sem Þróttarar spiluðu án þess að fá á sig mark í efstu deild. Síðan hefur Þróttur aðeins haldið hreinu í 4 leikjum í efstu deild (1998, 2003 og 2005). Það var um mánaðamótin maí og júní 1998, í 3. og 4. umferð þegar Þróttarar héldu hreinu í tveim leikjum í röð. Fyrst í markalausu jafntefli gegn Fram í Laugardalnum og svo í 1-0 sigri á útivelli gegn Grindavík. Páll Einarsson lék í vörninni í fyrri leiknum í forföllum Kristjáns Jónssonar sem var þá í leikbanni og skoraði síðan sigurmarkið í seinni leiknum. Þá var hann aftur kominn á miðjuna þar sem hann hefur spilað nánast samfellt síðan þá eða þar til Atli tók við.

Nú stjórnar Páll hins vegar varnarleiknum með glæsibrag. Næstir til þess að reyna finna leiðir í Þróttaramarkið verða Framarar en nágrannarnir mætast á sunnudaginn kemur í einum af úrslitaleikjum fallbaráttu Landsbankadeildarinnar í sumar.

ooj@frettabladid.is





FRAM Open,
golfmót FRAM verður haldið föstudaginn 22. júlí 2005
á hinum glæsilega Selsvelli á Flúðum.
Mótið hefst kl. 13:00 og verður ræst út
á öllum teigum samtímis.
Rúta fer frá FRAMhöllinni kl. 11:00.

Leikið er í karla- og kvennaflokki og eru veitt verðlaun
fyrir höggleik án forgjafar og punktakeppni með forgjöf.

Glæsileg verðlaun! Verðlaun veitt fyrir að vera næstur
holu á par 3 brautum og dregið úr skorkortum í mótslok.

Þátttökugjald er kr. 4.000,- en innifalið er flatargjald
og grillhlaðborð eftir mótið.

Skráning er í síma 894-7400 eða á brynjar@fram.is

FRAMarar skráið ykkur og takið með ykkur gesti.
ALLIR VELKOMNIR!






Topp 10!

AF 10 MEST LESNU BLÖÐUM VIKUNNAR
VERMIR FRÉTTABLAÐIÐ SJÖ EFSTU SÆTIN.

Sama hvernig á það er litið er meðallestur Fréttablaðsins afgerandi mestur af íslenskum dagblöðum. Við þökkum lesendum jákvæðar viðtökur og bendum auglýsendum á að nota það blað sem flestir Íslendingar lesa.

Tölur skv. Gallupkönnun í júní 2005

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun



NAUSTABRYGGJA

**Stærð í fermetrum: 155 • Fjöldi herbergja: 4 • Tegund eignar: Fjölbýli m/lyftu og bílastæði í bílageymslu • Verð: 29.800.000**

Lýsing eignar:

Stórglæsileg eign á 2 hæðum fyrir vandláta eignin er skráð 106 fm en hún er ca 155 fm. Öll nýstandsett, með tækjum og innréttingum fyrir vandláta,fallegt ljóst parket er á íbúðinni. Lyfta er í fjölbýlinu og sér stæði í bílageymslu. Fallegt útsýni. Þetta er eign sem býður upp á mikla möguleika. ALLAR FREKARI UPPLÝNGAR GEFUR ÁSTÞÓR HELGASON GSM: 898-1005

Sölumaður: Ástþór Helgason Gsm: 898-1005

Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100


# STUÐ MILLI STRÍÐA | Hundur í bandi

**MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR** ER YFIR SIG HRIFIN AF NÝRRI TÆKNI TOLLGÆSLUNNAR.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ferðir á tónleika flokkuðust sem hin stórbrotnasta skemmtun þegar ég var unglingur. Sautjándi júní var alltaf nokkuð þéttur og skemmtilegur enda sport að fá að vera foreldralaus í miðbæ Reykjavíkur. Mín kynslóð var alls ekkert að eltast við erlendar stórstjörnur heldur vildum við bara hlusta á það sem við þekktum. Okkur nægði Ný dönsk, Sálin og Todmobile. Þeir eftirminnilegustu eru án efa Kóka-kóla-tónleikarnir sem haldnir voru að haustlagi 1992. Þangað hélt vinahópurinn í heild sinni og ef mig minnir rétt var haldið hressilegt teiti á undan. Á þessum tónleikum uppgötvaði ég að bjór var ekki svaladrykkur.

Þegar ég stóð í anddyrinu í Egilshöll og beið eftir því að stórrapparinn Snoop Dogg léti sjá sig reikaði hugurinn til baka. Þegar ég horfði á ungmennin sem voru flest öll í sínu fínasta pússi spruttu fram spurningar. Vorum við vinirnir í alvörunni svona?

Ég hætti fljótlega að taka út unglingatískuna þegar ég kom auga á manninn með hundinn í bandinu. Þar var á ferð ósköp venjulegur maður í rauðri peysu með hund í bandi. Við nánari athugun kom í ljós að hundurinn var merktur tollgæslunni. Hann óð um anddyrið í Egilshöll eins og hann ætti lífið að leysa og þefaði af gestum. Þegar hundurinn var búinn að þefa í ákveðinn tíma af fórnarlambinu, birtist úlpuklæddur maður með bakpoka. Maðurinn líktist helst dönskum túrista. Þar var þó enginn ferðalangur á ferð heldur starfsmaður tollgæslunnar sem var dulbúinn á slíkan hátt. Svo dró hann tollgæslupassa upp úr brjóstvasanum og fór með fórnarlambið á bak við. Svona endurtók sagan sig trekk í trekk og við vorum orðnar óheyrilega spenntar yfir því hvað gerðist næst!

Ég er ekki viss um að unglingar hafi tekið stökkbreytingum frá því að ég fór á Kókakóla-tónleikana en eitt er víst að ég man ekki eftir neinum manni með hund í bandi.

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott








ÚTSALA!

Enn meiri afsláttur

Guðrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

# Drýas með tvenna tónleika

Tríóið Drýas heldur tvenna tónleika í Reykjavík dag. Klukkan 12.15 verður Drýas með tónleika í bókasal Þjóðmenningarhússins og lokatónleika í Iðnó klukkan 20.

Á efnisskránni er eingöngu íslensk tónlist, sönglög og hljóðfæratónlist eftir þekkta höfunda eins og Atla Heimi Sveinsson, Jórunni Viðar, Hjálmar H. Ragnarsson, Snorra Sigfús Birgisson og Sigvalda Kaldalóns en einnig hefur hinn ungi tónsmiður, Hreiðar Ingi Þorsteinsson, útsett lag sérstaklega fyrir tríóið. Íslensk þjóðlög skipa veglegan sess á dagskránni, þar á meðal splunkunýjar útsetningar eftir íslenska tónskáldið Jónas Tómasson.

Tríóið Drýas er skipað þeim Herdísi Önnu Jónasdóttur sópran, Þorbjörgu D. Hall á selló og Laufeyju S. Haraldsdóttur á píanó. Þær stunda allar nám við tónlistardeild Listaháskóla Íslands og stefna á útskrift þaðan næsta vor.



**TRÍÓIÐ DRÝAS** Heldur tvenna tónleika í dag og eru þeir fyrri í Þjóðmenningarhúsinu klukkan 12.15 og þeir seinni í Iðnó klukkan 20.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og eru allir velkomnir.

# Shadow Parade á Gauknum

Í kvöld heldur hljómsveitin Shadow Parade tónleika á Gauki á Stöng ásamt Indigo, Pétri Ben og Halla.

Shadow Parade eru þeir Beggi söngur, Jón Gunnar Biering Margeirsson gítar, Andri Magnússon bassi, Magnús Örn Magnússon trommur, Örn Eldjárn Kristjánsson gítar, Bjarni Margeirsson hljómborð.

Hljómsveitin, sem varð til í byrjun árs 2004, vinnur nú að upptökum á sinni fyrstu plötu og búast þeir við því að afrakstur þeirrar vinnu skili sér í búðir eftir áramót. Hljómsveitin er með vefsíðuna www.shadowparade.com þar sem hægt er að fræðast um þá og fylgjast með þeim.

Húsið opnar klukkan 21 og fá fyrstu gestirnir geisladisk með tónlist hljómsveitanna sem troða upp. Aðgangseyrir er 500 krónur.



**SHADOW PARADE** Beggi, Jón Gunnar Biering Margeirsson, Andri Magnússon, Magnús Örn Magnússon, Örn Eldjárn Kristjánsson og Bjarni Margeirsson eru Shadow Parade.



Gæða garðhúsgögn
afar vönduð og þægileg sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum viði
Val húsgögn
20 ára reynsla á Íslandi
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið
virka daga 10-18
Laugardaga 11-16




www.toyota.is




Ég er Yaris

Þótt sköpunargleði endurspeglist í allri hönnun Yaris er hann raunveruleikinn uppmálaður. Yaris sker sig úr hvort heldur sem litið er til straumlínulögunar hans, óvenju þægilega hárrar sætisstöðu, mismunandi sætastillingar eða snjallrar geymsluhönnunar. Yaris er raunverulega hagkvæmur bíll í rekstri sem hentar annasömu borgarlífi einstaklinga sérlega vel. **Komdu og reynsluaktu Yaris í raunveruleikanum og búðu þig undir óvænta ánægju.**

**Verð frá 1.299.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070







HÚSEIGN
Fasteignamiðlun

REYKJAVÍKURVEGUR
Stærð í fermetrum: 67,8 • Fjöldi herbergja:3 • Tegund eignar: Ris íbúð
Verð: 15.500.000,-
Lýsing eignar: GULLFALLEG 3JA HERBEGJA RISÍBÚÐ Í HJARTA HAFNARFJARÐAR Björt stofa og borðstofa með útgengi út á nýlegan pall með glæsilegu útsýni til allra átta. Eldhús með nýlegri innréttingu og glæsilegum stáltækjum, gaseldavél og t.f uppþvottavél. Baðherb. með kari og sturtu, tvö svefnherbergi. Íbúðin er talsvert undir súð og er heildarfm. Fjöldi gólfflatar 82 fm. GULLFALLEG EIGN SEM VERT ER AÐ SKOÐA – LAUS FLJÓTLEGA ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR AUÐUR ÓLAFSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 8929599 EÐA 585-0106
Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100




# Við elskum þig Snoop!

**[ TÓNLEIKAR ]**

**UMFJÖLLUN**

**Snoop Dogg í Egilshöll sunnudagskvöldið 17. júlí. Upphitunarbönd voru Forgotten Lores, Hjálmar og Hæsta hendin.**

Rapparinn Snoop Dogg er engum líkur. Það sýndi hann og sannaði á tónleikum sínum í Egilshöllinni síðastliðið sunnudagskvöld. Klæddur bláum og hvítum samfestingi sem líktist einna helst blöndu af náttfötum og skrautlegum indverskum silkiklæðum mætti hann á sviðið kokhraustur, tilbúinn til að sýna Íslendingum hver væri kóngurinn í rappinu. Með sínar frægu fléttur í hárinu, vopnaður demantsslegnum míkrafón og gylltu byssuhálsmeni söng hann sín bestu lög áhorfendum til mikillar skemmtunar.

Snoop fór reyndar ekki upp á svið fyrr en klukkutíma á eftir áætlun. Forgotten Lores hóf leikinn og stóð sig ágætlega, sérstaklega undir það síðasta. Það var frekar erfitt að ná því sem rapparnir þrír voru að segja en engu síður greinilegt að þarna eru hæfileikaríkir tónlistarmenn á ferð. Reggísveitin Hjálmar tók við af þeim og stóð sig að vonum vel enda ein skemmtilegasta sveit landsins. Náði hún upp fínni stemmningu með sjóðheitum tónum sínum. Af Hjálmum tók við rappsveitin Hæsta hendin. Einhver vandræði voru með míkrafónana á köflum og því fór rappið stundum fyrir ofan garð og neðan. Mesta stemningin náðist þegar Erpur fékk félaga sína í Rottweiler með sér upp á svið.

Snoop var loksins kynntur til sögunnar á óvenjulegan hátt um hálfellefuleytið. Tveimur breiðtjöldum hafði verið komið fyrir við sviðið og í loftið fór erótísk stuttmynd með Snoop í aðalhlutverki. Eftir að hafa borið unaðsolíu á tvær hálfnaktar meyjar og látið vel að þeim lendir Snoop þar í miklum byssubardaga og rétt sleppur með skrekkinn. Þá kviknuðu ljósin á sviðinu og bófarapparinn sjálfur var mættur í öllu sínu veldi. Sannarlega flott innkoma.

Fyrsta lag kvöldsins var Murder was the Case af plötunni frábæru Doggystyle. Erfitt var að greina melódíuna í laginu, eins og átti eftir að gerast síðar um kvöldið, vegna hljómburðarins og ekki heyrðist mikið í Snoop, sem reyndi þó sitt besta. Allt átti þetta þó eftir að skána. Á meðal fleiri slagara sem Snoop tók voru Gin & Juice og Drop it Like it's Hot og þegar hann tók Doggystyle undir það síðasta átti hann salinn.

Snoop var afar duglegur við að fá áhorfendur í lið með sér og lét þá kyrja hvað eftir annað hversu yndislegur hann væri á milli þess sem hann lýsti yfir ást sinni á Íslandi. „We love you Snoop," var látið flakka hvað eftir annað honum til mikillar hrifningar og stundum virtist sem hann hefði meiri áhuga á sjálfum sér en áhorfendunum fyrir framan sig. Allt var þetta engu síður hluti af því leikriti sem Snoop setur upp þar sem hann er guðinn sem allir eiga að dýrka. Undir það síðasta var hann reyndar farinn að hljóma meira eins og predikari en rappari, en hvað um það. Guðinn Snoop stóð fyrir sínu í Egilshöll og lofaði í lokin annarri messu hér á landi við fyrsta tækifæri.

**Freyr Bjarnason**


**SNOOP DOGG** Rapparinn heimsfrægi hafði áhorfendur í hendi sér í Egilshöll í fyrrakvöld.

**NIÐURSTAÐA:** Rappguðinn Snoop mætti sterkur til leiks í bláu náttfötunum sínum og átti auðvelt með að fá áhorfendur í lið með sér. Stóð hann vel undir nafni sem klámfenginn og sjálfhverfur bófarappari.

# Eminem ætlar að hætta

Rapparinn Eminem ætlar að hætta að gera sólóplötur og fara í tónleikaferðir. Þetta hefur dagblaðið Detroit Free Press eftir nánum samstarfsmönnum rapparans. Segja þeir að Eminem ætli að halda sína síðustu tónleika í Dublin 17. september og að síðasta plata hans, Encore, verði líklega hans síðasta í röðinni.

Að sögn Proof, samherja Eminem í hljómsveitinni D-12, vill hann einbeita sér að því að taka upp plötur fyrir aðra listamenn, rétt eins og lærifaðir hans, Dr Dre, gerði á sínum tíma. „Em telur sig hafa afrekað allt sem hann getur í rappinu," sagði Proof. Paul Rosenberg, umboðsmaður Eminem, segir að engin ákvörðun hafi verið tekið varðandi framtíð hans en telur að Encore hafi verið endirinn á fyrsta kaflanum á ferli hans.

Eminem sló í gegn undir lok tíunda áratugarins með harðskeyttu rappi og beittum textum. Hann hefur selt tæplega 29 milljónir platna á ferli sínum. Platan Encore hefur selst í tæplega 5 milljónum eintaka síðan hún kom út síðasta haust. ■


**ENDALOKIN NÁLGAST** Rapparinn heimsfrægi ætlar að halda sína síðustu tónleika í Dublin í september.


**MADAGSKAR** Teiknimyndin hefur notið mikilla vinsælda bæði hér á landi og erlendis.

# 15 þúsund áhorfendur

Alls hafa rúmlega 15 þúsund manns séð teiknimyndina Madagaskar síðan hún var frumsýnd í síðustu viku. Fleiri sáu myndina fyrstu fimm dagana heldur en Star Wars Episode III og War of the Worlds og því er um að ræða stærstu fimm daga frumsýningaropnun ársins.

Tæplega 11 þúsund sáu myndina um helgina sem þykir einnig vera mjög góður árangur. Þekktir leikarar á borð við Ben Stiller, David Schwimmer, Jada Pinkett Smith og Ali G ljá raddir sínar í myndinni með þessum góða árangri. ■





# Nýja Harry Potter bókin fær blendnar viðtökur

Nýja og sjötta bókin í röðinni, Harry Potter and the Half-Blood Prince, kom í bókabúðir um allan heim á laugardaginn var. Gagnrýnendur hafa nú margir hverjir lesið bókina og gefið sinn dóm á þessu nýja afkvæmi höfundarins J.K. Rowling. Suzy Feay í blaðinu Independent kallaði bókina „blaðurslega, ekki nógu þétta og of langa“. Michiko Kakutani hjá The New York Times líkti bókinni hins vegar við klassík eins og Lord of the Rings bækurnar og sagði hana „stórkostlega hugmyndaríka sköpun og algjörlega sérstæðan heim, jafn ótrúlegan og jafn dauðlegan og okkar eigin heimur er“.

Robert McCrumb sagði í The Observer að bókin væri allt frá því að vera afar flókin yfir í hreint og beint hversdagsleg. Hann sagði þó plottið sem gengur út á að finna „the Half-Blood Prince“ vera hugmyndaríkt.

Mörg dagblöð buðu ungum lesendum að gefa sína gagnrýni á bókina og fengust þar misjafnar undirtektir. James Noble, tíu ára, skrifaði í dagblaðinu The Mail á sunnudaginn: „Mér fannst byrjunin á bókinni vera leiðinleg því það eina sem persónurnar gerðu var að tala.“



**J.K. ROWLING** Höfundurinn leyfði dóttur sinni að lesa bókina áður en hún fór í útgáfuhófið í Edinborgarkastala og sagði hún að hláturrokur frá henni hefðu gefið sér góða tilfinningu.

Rosie Jenkins, einnig tíu ára, var ein af þeim heppnu sem fengu að hitta Rowling í útgáfuhófinu í Edinborgarkastala. Hún sagði bókina „strax í byrjun steypa lesandanum niður í dimman, kaótískan heim fullum af hasar“. Einnig bætti hún við að bókin væri drungalegri og mun meira spennandi en hinar en sagði það gera bókina skemmtilegri og að erfitt væri að hætta að lesa hana.

Ljóst er að þótt bókin fái einhverja neikvæða dóma þá er ólíklegt að þeir eigi eftir að draga úr sölu hennar. Talið er að tíu milljónir eintaka hafi selst á fyrsta sólarhringnum. Fyrstu fimm bækurnar hafa selst í yfir 265 milljón eintökum í 200 löndum og hafa verið þýddar yfir á 62 tungumál. ■

# Hrærigrautur af ýmsum stefnum

Rokksveitin Lights on the Highway hefur gefið út samnefndan frumburð sinn. Á plötunni eru tólf lög sem voru tekin upp í byrjun ársins og sá Axel „Flex“ Árnason, fyrrverandi meðlimur í 200.000 naglbítum, um upptökustjórn. Á meðal laganna sem prýða plötuna eru Said Too Much og Jamesons's State sem bæði hafa fengið mikla spilun í útvarpi.

„Það er alveg frábært að platan sé loksins að koma út,“ segir Kristófer Jensson, söngvari Lights on the Highway. „Við erum ekkert búnir að spila í smá tíma og við hlökkum því mikið til að byrja að spila aftur.“



**LIGHTS ON THE HIGHWAY** Hljómsveitin var stofnuð fyrir tveimur árum og er að gefa út sína fyrstu plötu.

Kristófer á erfitt með lýsa tónlist Lights on the Highway. „Ég vil helst leyfa fólki að dæma sjálft en þetta er hrærigrautur af ýmsum stefnum.“

Lights on the Highways var stofnuð fyrir tveimur árum af Kristófer og Agnari Eldberg, gítarleikara og söngvara. Eftir að hafa tekið upp nokkur lög saman gekk Karl Daði Lúðvíksson til liðs við sveitina og þeir hófu æfingar af fullum krafti sem órafmagnað tríó. Fyrir ári bættist trommuleikarinn Þórhallur S. Stefánsson við hópinn og ákvað sveitin þá að stinga græjunum í samband og þróa nýjan hljóm. Hljómsveitin vann hæfileikakeppnina Battle of the bands á síðasta ári og spilaði í kjölfarið í aðalkeppninni sem var haldin í London. Eftir það hefur sveitin verið dugleg við að spila á öldurhúsum hér heima. Fyrr á þessu ári gekk Gunnlaugur Lárusson, fyrrverandi gítarleikari Brain Police, síðan til liðs við sveitina og eru meðlimirnir því fimm talsins.

Að sögn Kristófers stefna þeir félagar á að gefa plötuna sjálfir út erlendis við fyrsta tækifæri. „Það er ekkert komið í ljós með það ennþá. Við höfum verið að hitta fólki úti en það er alltof snemmt að segja núna. Annars erum að spila í London í september og stefnum síðan að því að fara í tveggja vikna túr um Bretland,“ segir hann.

Útgáfutónleikar vegna nýju plötunnar verða á Gauki á Stöng á fimmtudag og lofar Kristófer þrusu stemmningu enda liðmenn Lights on the Highway orðnir hungraðir í að stíga aftur stokk eftir góða pásu. Einnig verður haldið hlustunarpartý á Dillon klukkan 21.00 í kvöld þar sem platan verður sett í græjurnar.

freyr@frettabladid.is




**Nýjasta æðið!**

**Scooterhjól með mótor í fyrsta sinn á Íslandi!**

Engin trygging nauðsynleg – flokkast sem reiðhjól.

Notist á gangstéttum.

Engin aldurstakmörk

Munið eftir hjálmunum!

Salan er hafin!

**Sími: 869 0898**

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**KALLI Á ÞAKINU**

*e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu*

Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

**ÖRLAGAEGGIN-SÖNGLEIKUR**

**6.** sýning 22/7, **7.** sýning 24/7 og lokasýning 28/7

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**

**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**

**5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20**

**10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8**



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Sir, if they found out they'd put my hot dog in a bun and chow down."**

**Svar:**
Clay Busby úr kvikmyndinni Memphis Belle frá árinu 1990.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** hefur gefið Tremors séns

## *Ótímabær eftirskjálfti*

Árið 1990 var grínhryllingsmyndin Tremors sýnd í Laugarásbíói. Alveg hreint öldungis frábær en vanmetin mynd með öðlingunum Kevin Bacon og Fred Ward í aðalhlutverkum. Senuþjófur myndarinnar var þó Michael Gross í hlutverki byssubrjálæðingsins Burt Gummer sem fékk loksins not fyrir veglegt vopnabúr sitt þegar þrír risavaxnir neðanjarðarormar vöknuðu af löngum dvala og fóru að háma í sig íbúa eyðimerkurbæjarins Perfection.
Þrjár framhaldsmyndir hafa fylgt í kjölfar Tremors en myndaflokknum hrakaði hratt og því deginum ljósara að morðóðu ormakvikindin gátu aðeins staðið undir einni góðri mynd.
Það er því með hinum mestu ólíkindum að einhverjum snillingnum í Ameríku hafi dottið til hugar að gera sjónvarpsþáttaröð byggða á hremmingum íbúanna í Perfection. Þættirnir voru gerðir árið 2003 en eru nú sýndir á Skjá einum. Mér er svo annt um fyrstu Tremors-myndina að ég gat þó ekki annað en gefið þessu fyrirbæri séns en eftir að hafa horft á tvo fyrstu þættina kemur það mér síður en svo á óvart að framleiðslu þeirra var hætt eftir aðeins eitt ár.
Burt byssubrjálaði er lykilpersóna í þáttunum en þó hann sé fyndinn og hress getur hann engan veginn borið uppi heila þáttaröð og það getur morðóði neðanjarðarormurinn ekki heldur. Mér leiddist samt ekkert yfir fyrsta þættinum enda kannaðist maður við sumar persónur úr bíómyndinni auk þess sem ættingjar sumra sem enduðu í ormskjafti 1990 eru mættir til leiks. Það var hins vegar greinilegt að hugmyndin um Tremor-þættina var mergsogin í þessum fyrsta þætti og ég settist því fyrir framan sjónvarpið á föstudagskvöld með dánarvottorðið tilbúið og er nú tilbúinn til að kvitta undir það.
Ormurinn var aukaatriði en íbúar Perfection þurftu að kljást við grænt bakteríuský sem gat bæði verið draugur eða geimvera. Þetta var sjöttileikur X-Files þáttur og tók af öll tvímæli um að Tremors í sjónvarpi er hugmynd andvana fædd.



▶ 20.10 *Gaman*

EVERWOOD



▶ 20.45 *Drama*

EYES



▶ 21.00 *Fræðsla*

JOAN OF ARCADIA



▶ 21.00 *Brúðkaup*

BRÚÐKAUPSÞÁTTURINN JÁ



▶ 19.20 ÍÞRÓTTIR

STRANDBLAK

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Músasjónvarpið (2:13)

**18.30 Gló magnaða (16:19)**
**19.00 Fréttir og íþróttir**
**19.35 Kastljósið**
**20.20 Árásin á London** (Panorama: London Under Attack) Ný bresk fréttaskýringamynd um sprengjuárásirnar í London fimmtudaginn 7. júlí. Í kjölfarið á árs rannsókn BBC fjallar fréttamaðurinn Peter Taylor um þá ógn sem af hryðjuverkamönnum stafar og skýrir hvers vegna er jafnerfitt og raun ber vitni að hafa uppi á mönnum. Á undan sýningu myndarinnar verður fjallað um efni hennar í Kastljósinu.
▶ **21.15 Everwood (14:22)**
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Rannsókn málsins VII (2:2)** (Trial And Retribution) Bresk sakamálamynd frá 2003 þar sem lögreglan fær til rannsóknar sérlega snúið sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**0.00** Kastljósið **0.30** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** George Lopez 3 **13.45** Married to the Kellys **14.05** Kóngur um stund **14.30** Monk **15.15** Extreme Makeover **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons**
**20.00 Fear Factor (14:31)** Fear Factor er alvöru raunveruleikasjónvarp þar sem keppendur fara bókstaflega út á ystu nöf.
▶ **20.45 Eyes (2:13)** Judd Risk Mangement er ekkert venjulegt fyrirtæki. Harlan Judd og félagar leysa málin fyrir fólk sem af einhverjum ástæðum vill ekki leita á náðir lögreglunnar.
**21.30 Shield (12:13)** Stranglega bönnuð börnum.
**22.15 Navy NCIS (18:23)** Sjóhernum er svo annt um orðspor sitt að starfandi er sérstök sveit sem rannsakar öll vafasöm mál sem tengjast stofnuninni. Bönnuð börnum.

**23.00** I-95 **0.25** Revelations (2:6) (Bönnuð börnum) **1.10** Fréttir og Ísland í dag **2.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Seinfeld 2 (11:13)**
**19.30 Game TV** Allt það sem þú vilt vita um tölvur og tölvuleiki færð þú beint í æð í Game TV.
**20.00 Seinfeld 2 (12:13)**
**20.30 Friends (17:24)**
▶ **21.00 Joan Of Arcadia (3:23)** Táningsstelpan Joan er nýflutttil smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana.
**21.45 Sjáðu** Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
**22.00 Kvöldþátturinn** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur.
**22.45 David Letterman**

**23.30** Rescue Me (3:13) **0.15** Friends (17:24) **0.40** Kvöldþátturinn **1.25** Seinfeld 2 (12:13)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 4. þáttaröð **18.20** One Tree Hill – lokaþáttur (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 According to Jim (e)**
**20.50 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
▶ **21.00 Brúðkaupsþátturinn Já** Sjötta sumarið í röð fylgist Elín María Björnsdóttir með fólki sem hyggst ganga í hjónaband. Ella sér sem fyrr um að rómantíkin fá að njóta sín og að þessu sinni verður bryddað upp á þeirri nýbreytni að fengnir verða sérfróðir aðilar til að upplýsa áhorfendur og brúðhjón um praktísku atriðin varðandi hjónabandið.
**22.00 CSI: Miami** Horatio Cane fer fyrir fríðum flokki réttarrannsóknafólks sem rannsakar morð og limlestingar í Miami. Horatio Cane er leikinn af David Caruso.

**23.10** Jay Leno **23.55** The Contender (e) **0.35** Cheers – 4. þáttaröð (e) **1.10** Boston Public **2.05** Hack **2.50** Óstöðvandi tónlist

### SÝN
besta sætið

**16.35** X-Games **17.30** Landsbankadeildin (Fylkir – Þróttur)

▶ **19.20 2005 AVP Pro Beach Volleyball** (Strandblak )Strandblak kvenna og karla er íþróttagrein sem nýtur vaxandi vinsælda ogdregur að sér fjölda áhorfenda. Keppnisfólkið er það fremsta í sinni röð ení strandblaki fer saman tækni, snerpa og gott úthald.
**20.20 NBA – Bestu leikirnir** (LA Lakers – Philadelphia 76ers 80)Magic Johnson var lykilmaður hjá Lakers á árum áður. Hér fer hann á kostumí einvíginu við Philadelphiu fyrir aldarfjórðungi (1980). Þetta var sjöttileikur liðanna í úrslitunum og Magic varð heldur betur að taka á honumstóra sínum og m.a. að bregða sér í miðherjastöðuna.
**22.00 Heimsbikarinn í torfæru**
**22.30 Sporðaköst II** (Vatnsá)Skemmtilegir veiðiþættir þar sem rennt er fyrir fisk víða um land.Umsjónarmaður er Eggert Skúlason en dagskrárgerð annaðist Börkur BragiBaldvinsson.

**23.05** Beyond the Glory

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Good Advice **8.00** Pursuit of Happiness **10.00** Just Married **12.00** Swept Away **14.00** Good Advice **16.00** Pursuit of Happiness **18.00** Just Married **20.00** Swept Away **22.00** How to Lose a Guy in 10 Days **0.00** Hi-Life (Bönnuð börnum) **2.00** Get Well Soon (Bönnuð börnum) **4.00** How to Lose a Guy in 10 Days

### OMEGA

**8.00** Dr. David Cho **8.30** Acts Full Gospel **9.00** Ron Phillips **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Freddie Filmore **11.00** Samverustund (e) **12.00** Kvöldljós **13.00** Joyce Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Gunnar Þorsteinsson **15.00** Believers Christian Fellowship **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Fíladelfía (e) **18.00** Dr. David Cho **18.30** Joyce Meyer **19.00** Fréttir á ensku **20.00** Samverustund (e) **21.00** Dr. David Cho **21.30** Freddie Filmore **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN – fréttir á ensku **0.00** Nætursjónvarp

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Jackie Collins Presents **13.30** Fashion Police **14.00** Style Star **14.30** Life is Great with Brooke Burke **15.00** 50 Steamiest Southern Stars **17.00** Life is Great with Brooke Burke **17.30** Gastineau Girls **18.00** E! News **18.30** Love is in the Heir **19.00** E! Entertainment Specials **20.00** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **20.30** My Crazy Life **21.00** The Entertainer **22.00** Scream Play **23.00** E! News **23.30** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **0.00** Wild On **1.00** E! Entertainment Specials

### AKSJÓN

**7.15** Korter

### POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga




Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á rásinni þar sem Popp Tíví var áður. Popp Tíví er á annarri rás á Digital Ísland.

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Trial and Retribution Sjónvarpið **kl. 22.20.**

## Þrýstingur í morðmáli

Í kvöld verður sýndur seinni hluti breskrar sakamálamyndar frá 2003. Morðrannsóknin hófst eftir að hönd af konu fannst fljótandi á Tempsá. Roisin Connor lögreglufulltrúa er falið málið og nú hittir hún aftur Mike Walker, sem er kominn aftur í einkennisbúning eftir réttarhöldin yfir honum og stýrir lögreglustöð í Richmond. Winfield dómari og kona hans þrýsta mjög á Walker að finna Diane dóttur þeirra en maðurinn hennar segir að hún hafi rokið að heiman eftir rifrildi.

*Þetta er sjöunda myndin í syrpunni eftir Lyndu La Plante.*



Svipmynd úr myndunum.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Fótboltavikan með Hansa **15.03** Allt og sumt – Hallgrímur Thorsteinsson, Helga Vala Helgadóttir og Helgi Seljan.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Sögumenn samtímans **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**13.00** Sakamálaleikrit **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Bara stelpa **14.30** Bíótónar **15.03** Hljómsveit Reykjavíkur 1921-1930 **16.13** Hlaupanótan

**17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **21.00** Á sumargöngu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Seiður og hélog

**23.00** Djassgallerí New York

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Rokkland

**1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**16.00** Swimming: World Championship Montreal Canada **16.30** Rally: World Championship Argentina **17.30** Swimming: World Championship Montreal Canada **18.45** Boxing **20.00** Cycling: Tour de France **21.00** Swimming: World Championship Montreal Canada **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Rally: World Championship Argentina **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Hetty Wainthropp Investigates **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Monty the Dog **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Bill and Ben **14.35** The Raven **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Diet Trials **16.00** Animal Park **17.00** Bargain Hunt **17.30** EastEnders **18.00** Extreme Animals **18.30** Weird Nature **19.00** SAS Survival Secrets **20.00** Body Hits **20.30** Human Race **21.00** Casualty **21.50** Holby City **23.00** The Gentle Art of Making Enemies **0.00** Eric Hebborn – Portrait of a Master Forger **1.00** Hamlet, Prince of Denmark

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** When Animals Attract **13.00** Paranormal?: Bigfoot **14.00** Air Crash Investigation: Fire on Board **15.00** Seconds from Disaster: Tunnel Inferno **16.00** Battlefront: Invasion of Sicily **16.30** Battlefront: Bombing of Ploesti **17.00** Animal Nightmares: Bears **17.30** Monkey Business **18.00** When Animals Attract *living Wild* **19.00** Paranormal?: Bigfoot **20.00** Air Crash Investigation: Cutting Corners **21.00** Seconds from Disaster: Flood at Stava Dam **22.00** Paranormal?: Ghosts **23.00** Air Crash Investigation: Cutting Corners **0.00** Seconds from Disaster: Flood at Stava Dam

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Natural World **13.00** Pet Star **14.00** Miami Animal Police **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Weird Nature **18.30** Nightmares of Nature **19.00** Awesome Pawsome **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Awesome Pawsome **1.00** Weird Nature

**DISCOVERY**
**12.00** Super Structures **13.00** Ultimates **14.00** Junkyard Wars **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Buena Vista Fishing Club **16.00** Extreme Machines **17.00** Scrapheap Challenge **18.00** Mythbusters **19.00** Extreme Engineering **20.00** Science of Lance Armstrong **21.00** Surviving Extreme Weather **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Weapons of War

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Rock Chart **18.00** Newlyweds **18.30** My Super Sweet 16 **19.00** Power Girls **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Wonder Showzen **21.30** SpongeBob SquarePants **22.00** Alternative Nation **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Fabulous Life Of... **20.00** I Want a Famous Face **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Retail Therapy **12.35** The Stylists **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** Hollywood Star Treatment **14.25** Cheaters **15.10** Arresting Design **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Single Girls **17.40** Fantasy Open House **18.05** Awesome Interiors **18.30** Hollywood One on One **19.00** Matchmaker **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** Spicy Sex Files **22.00** Girls Behaving Badly **22.30** What Men Want **23.00** Insights **23.30** Weekend Warriors **23.55** Awesome Interiors **0.20** Retail Therapy **0.45** The Stylists **1.10** Crimes of Fashion

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**13.45** Mac & Me **15.25** Lisa **17.00** Driving Me Crazy **18.30** Jessica **20.15** Tale of Ruby Rose **21.55** Summer Heat **23.15** Cohen and Tate **0.40** Easy Money **2.15** Nobody's Fool

**TCM**
**19.00** The Maltese Falcon **20.40** Bacall on Bogart **22.10** Hit Man **23.40** The Champ **1.45** The Good Earth

**HALLMARK**
**12.45** King Solomon's Mines **14.15** The Incident **16.00** Touched By An Angel Iii **16.45** Straight From The Heart **18.30** The Runaway **20.00** Law & Order Viii **20.45** Escape From Colditz **22.30** Reason For Living: The Jill Ireland Story **0.00** Law & Order Viii **0.45** Inside the Osmonds **2.15** Escape From Colditz

**BBC FOOD**
**12.00** The Cookworks **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Deck Dates **13.30** James Martin Sweet **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** The Tanner Brothers **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Rocco's Dolce Vita **16.30** The Italian Kitchen **17.00** Coxon's Royal Feast **17.30** Kitchen Takeover **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Deck Dates **19.30** Made to Order **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Neil Perry Fresh and Fast **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.20** Et race for livet **12.50** Livet ombord **13.20** Syg med Jesus **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Shin Chan **14.10** Braceface **14.30** SommerSummarum **15.30** Scooby Doo **16.00** Drengen de kaldte kylling **16.15** Thomas og Tim **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Sporl¢s **18.30** Sommertid **19.00** TV Avisen **19.25** AftenTour 2005 **19.50** Vredens engle **21.25** Joanne Kilbourn

**SV1**
**12.30** Örlogsmän **14.00** Rapport **14.05** Rapport från framtiden **14.35** Familjen Anderson **15.00** Så såg vi sommaren då **15.15** Griniga gubbar **15.45** Rederiet **16.30** Kipper **16.40** Brum **16.50** Berättelser från hönsgården **17.00** Stallkompisar **17.25** Reas boktips **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.35** Sängdags **21.05** Rapport **21.15** Sommartorpet **21.45** Uppdrag granskning – vad hände sen? **22.45** Sändning från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fær Andri Snær Magnason fyrir Bláa hnöttinn en stefnt er að því að setja upp leikrit eftir bókinni í Lundúnum.*

## DÓTAKASSINN



**Dótið** Bearmax MVX6950T Minicombo með sjónvarpi og DVD-spilara auk margra annarra fylgihluta.

**Sem er?** Auðvitað eru allir orðnir þreyttir á því að geta ekki horft á sjónvarpið í baðinu eða meðan verið er að elda. Minicombo leysir þetta því það er lítið tæki sem er með innbyggt sjónvarp, dvd-spilara, útvarp, geislaspilara og margt margt fleira. Það er hægt að færa það hvert sem hugurinn girnist. Með þessu tæki verður hægt að lygna aftur augunum í baðinu og smella einni góðri dvd-mynd í tækið eða horfa á eftirlætisþáttinn sinn.

**Hvernig virkar það?** Þetta virkar eins og venjulegt sjónvarp en það sem hefur breyst frá hinum svart/hvítu ferðasjónvörpum er að myndin er í lit og öflugir hátalarar eru hljóðinu til stuðnings. Þá er tækið að sjálfsögðu einnig mp3 spilari. Vandinn hins vegar við þetta tæki er að ekki er hægt að tengja Playstation-tölvuna við. Tölvunirðirnir verða því að bíða enn um sinn þangað til að þeir geti spilað eftirlætisleikinn sinn.

**Hvar fæst það?** Þetta tæki er hægt að panta í gegnum heimasíðu fyrirtækisins Kumazaki í Japan, kumazaki-aim.co.ja. Netverjum er hins vegar bent að þar er allt á japönsku.

**Hvað kostar það?** Það er ekki enn komið neitt verð á vöruna enda er hún mjög ný af nálinni. Það er hins vegar alveg ljóst að tæki eins og þetta á eftir að slá í gegn í nánustu framtíð.



**Lárétt:** 1 biskupsstafur, 6 á barnsaldri, 7 sérhljóðar, 8 tónn, 9 sprauta, 10 fæddu, 12 í röð, 14 fraus, 15 tveir eins, 16 belti, 17 reiðihljóð, 18 ósiðlegt tal.
**Lóðrétt:** 1 þvaður, 2 flana, 3 tveir eins, 4 fimur, 5 biblíunafn, 9 rándýr, 11 hæð, 13 dyr, 14 svaladrykkur, 17 varðandi.

**LAUSN**

**Lárétt:** 1 bagall, 6 ung, 7 ie, 8 la, 9 úða, 10 ólu, 12 fgh, 14 kól, 15 uu, 16 ól, 17 urr, 18 klám.
**Lóðrétt:** 1 bull, 2 ana, 3 gg, 4 liðugur, 5 lea, 9 úlf, 11 hóll, 13 hurð, 14 kók, 17 um.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á bls. 8

1. 67 milljónir króna.
2. 21 milljón punda, 2,4 milljarða króna.
3. Hljómsveitin Ég.






ÁGÚSTA GUNNARSDÓTTIR: HÆSTÁNÆGÐ MEÐ NÝJU BÓKINA

# Spurningum svarað í sjöttu Potter-bókinni

Ágústa Gunnarsdóttir er þrettán ára aðdáandi Harry Potter bókanna. Hún keypti nýjustu bókina á laugardagsmorgun og var búin að lesa allar sexhundruð blaðsíður hennar á sunnudag. En hvernig skyldi hún hafa verið?

„Bókin var mjög fín en þetta var samt ekki besta bókin," segir Ágústa. „Mér finnst fjórða bókin vera best hingað til. Í þessari bók fékk maður samt fullt af svörum við þeim spurningum sem hafa vaknað. Það er eins og höfundurinn sé að undirbúa og leggja línurnar fyrir sjöundu bókina."

Höfundur bókanna, J. K. Rowling, gaf út þá yfirlýsingu áður en bókin kom í búðir að ákveðin lykilpersóna myndi týna lífinu. Aðspurð segir Ágústa að mikill missir sé að þeirri persónu sem lést. „Þetta var alveg voðalega dramatískt allt saman."

Ágústa hefur lesið allar Harry Potter bækurnar svo oft að hún hefur ekki tölu á því. Hún segir að þetta séu einfaldlega svo skemmtilegar bækur að alltaf sé hægt að finna eitthvað nýtt við hvern lestur. Hún lætur sér þó bækurnar ekki nægja heldur fer hún einnig á alvefinn og les aðdáendaspuna (e. fan fiction). „Í spunanum eru bara hugmyndir sem krakkar hafa um það hvernig bækurnar gætu verið. Krakkarnir semja sínar eigin sögur um Harry og aðrar persónur og búa til sinn eigin endi. Ég hef ekki skrifað spuna, ég les hann bara en ég hef mínar hugmyndir," segir hún og vill að sjálfsögðu að góða liðið sigri að lokum.

Uppáhaldspersónur Ágústu eru Weasley-tvíburarnir, bræður Rons. „Mér finnst þeir svo fyndnir en Ron er líka sniðugur." Hún segir að ef hún væri persóna í bókunum þá væri það helst Ginny Weasley. „Mér finnst Ginny, systir Rons og tvíburanna, geðveikt skemmtileg og ef ég væri í Hogwarts þá myndi ég vilja læra að breyta mér í dýr."

Þrátt fyrir að vera mikill aðdáandi sögunnar um Harry Potter er Ágústa ekkert sérlega ánægð með bíómyndirnar. „Mér finnst þær ekki góðar og leikararnir líta allt öðruvísi út en ég hafði ímyndað mér. Bækurnar eru miklu betri." ■


FRÉTTABLAÐIÐ/JAKOBÍNA SIGURÐARDÓTTIR

**ÁGÚSTA GUNNARSDÓTTIR** Búin að bókina. Nú bíður hún spennt eftir lokahnykknum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Það var margt um manninn á tónleikum rappgoðsagnarinnar **Snoop Dogg** í Egilshöll á sunnudag. Kappinn steig að vísu á svið klukkutíma á eftir dagskrá en það var þó ekki við hann að sakast þar sem tæknileg mál seinkuðu öllu tónleikahaldinu um klukkustund. Þeir félagar **Gilzenegger** og **Heiðar Austmann** virtust skemmta sér vel þó að takturinn hrifi þá ekki með í dans en nýlega dökkhærður **Ásgeir Kolbeinsson** var einnig með þeim í för. Körfuboltakapparnir **Helgi Már Magnússon** og **Jón Arnór Stefánsson** voru að sjálfsögðu mættir enda rappunnendur eins og fleiri í þeirri íþrótt. Formaður allsherjarnefndar Alþingis, **Bjarni Benediktsson**, og **Sigmar Guðmundsson** Kastljóssmaður létu sig ekki vanta og það gerði **Þóra Sigurðardóttir** úr Stundinni okkar ekki heldur. **Jakob Frímann Magnússon** var með **Birnu Rún Gísladóttur** upp á arminn og fegurðardísin **Anna Rakel Róbertsdóttir** sneri höfðum. Hjartaknúsarinn og Íslandsvinurinn **Gael Garcia Bernal** dillaði sér svo við tónlistina með félaga sínum **Birni Hlyni Haraldssyni**.












# Ryskingar á tískusýningu

Margir höfðu beðið með eftirvæntingu eftir tískusýningunni Iceland Fashion Week sem fram fór á Vegamótastíg síðastliðið laugardagskvöld. Sýningin var aðeins fyrir boðsgesti sem urðu að láta sér nægja einn bjór á mann þótt lofað hefði verið kokkteilum og öðrum flottheitum. Sýningin var að mati viðstaddra allt of tímafrek og gáfust margir upp vegna kulda. Þar á meðal hluti af erlendu blaðamönnunum sem komu gagngert hingað til lands til að sjá sýninguna. Þó að Vegamótastígurinn sé flottur sýningarstaður áttu fyrirsæturnar í mesta basli við að ganga niður götuna á háum hælum og margar voru við það að detta.

Hönnuðirnir komu víða að, meðal annars frá Grænlandi, Rúmeníu, Bosníu og Hersegóvínu, Finnlandi og Færeyjum svo einhverjir séu nefndir. Í upphafi áttu þrír íslenskir hönnuðir að sýna: Spaksmannsspjarir, Harpa Einarsdóttir og Sunna Dögg Ásgeirsdóttir. Þær tvær síðastnefndu hættu við á síðustu stundu. Harpa Einarsdóttir sagði í samtali við Fréttablaðið að ýmislegt hefði gengið á og því hefði hún ákveðið að draga sig út úr sýningunni. „Það var rosalega margt sem ég var óánægð með," sagði Harpa. Sunna Dögg Ásgeirsdóttir tók í sama streng og hætti hún við af svipuðum ástæðum. „Skipulagið á sýningunni var alls ekki nógu gott og aðstandendurnir komu ekki heiðarlega fram," segir Sunna Dögg. Þegar líða tók á sýninguna tóku sýningargestir eftir ryskingum milli Kolbrúnar Aðalsteinsdóttur, aðstandanda sýningarinnar, og ónefndrar stúlku fyrir utan hurðina á Vegamótum. Dyravörður staðarins gekk á milli þeirra og vísaði stúlkunni út af svæðinu. Ekki náðist í Kolbrúnu Aðalsteindóttur. ■



**SPAKSMANNSSPJARIR** Stálu senunni á tískusýningunni Iceland Fashion Week.

sena

Í Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna er notast við tækjabúnað frá Hljóðfærahúsi Reykjavíkur.

# TÓNVINNSLUSKÓLI
## ÞORVALDAR BJARNA

# NÝ NÁMSKEIÐ ERU AÐ HEFJAST

í Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna

Tónvinnsluskóli Þorvaldar Bjarna hefur verið starfræktur frá áramótum. Stefna skólans er að bjóða upp á tónlistarnámskeið sem henta byrjendum jafnt sem lengra komnum. Vorönnin heppnaðist frábærlega og fyrir vikið verður boðið upp á mun fleiri námsleiðir á haustönn.

## SKRÁNING FER FRAM Á VEFNUM WWW.REYKJAVIKMP.COM

## NÁMSSKRÁ HAUSTANNAR:

### BASSANÁMSKEIÐ Nýtt

Einn umsetnasti stúdíóbassaleikari þjóðarinnar, Róbert Þórhallsson, sér um bassanámskeiðin fyrir TÞB. Þetta eru 10 vikna námskeið þar sem farið er í öll lykilatriði bassaleiks.

### TROMMUNÁMSKEIÐ Nýtt

Ólafur Hólm, trommuleikari Todmobile, Ný Danskrar og Dúndurfrétta er sérlegur trommukennari TÞB. Hann mun miðla reynslu sinni og hæfni á tíu vikna námskeiði.

### GÍTARNÁMSKEIÐ

Gítarsnillingarnir Vignir Snær Vigfússon (Írafár) og Gunnar Þór Jónsson (Sóldögg) verða með gítarnámskeið fyrir alla aldurshópa. Í boði eru þrenn mismunandi námskeið: byrjendanámskeið, námskeið fyrir lengra komna og svo námskeið fyrir leikskólakennara og foreldra.

### SÖNGNÁMSKEIÐ

Það eru vinsælustu og farsælustu söngvarar landsins sem sjá um söngnámskeiðin á haustönninni í TÞB. Í þetta skiptið eru fimm mismunandi námskeið í boði.

**Dægurlagasöngur 1**

Námskeið sem sló í gegn á vorönninni. Selma Björnsdóttir, Regína Ósk og Þorvaldur Bjarni kenna öll undirstöðuatriði dægurlagasöngs, söngtækni og sviðsframkomu. 10 vikna námskeið sem endar með upptökum í hljóðveri RMP.

**Dægurlagasöngur 2** Nýtt

Framhaldsnámskeið með Regínu Ósk, Heiðu (úr Idol), Andreu Gylfadóttur og Kjartani Valdemarssyni. Þetta er námskeið fyrir lengra komna þar sem farið er enn nánar í atriði eins og söng við undirleik, söng í hljóðveri og margt fleira.

**Rokksöngur** Nýtt

Jónsi úr Í Svörtum Fötum, fer yfir helstu atriði rokksöngs. Námskeið fyrir alvöru karlmenn.

**Börn & unglingar** Nýtt

Birgitta Haukdal og Heiða (úr Idol) sér um 10 vikna söngnámskeið fyrir börn og unglinga á aldrinum 9 - 14 ára.

**Jazz & blús söngur** Nýtt

Loksins, loksins. Andrea Gylfadóttir, ein allra besta söngkona sem landið hefur af sér alið, heldur einstakt námskeið þar sem kenndur er jazz og blues söngur fyrir lengra komna.

### TÓNVINNSLUNÁMSKEIÐ

Í fyrsta sinn á Íslandi er í boði alhliða nám í vinnslu dægurtónlistar frá fyrsta skrefi til þess síðasta með þeim aðferðum sem notaðar eru í dag. Lærðu leiðina að fullkláruðu dægurlagi tilbúnu til útgáfu eða útvarpsspilunar undir leiðsögn Þorvaldar Bjarna, Vignis Snæs, Rolands Hartwell, Hrannars Ingimarssonar og margra fleiri. Fjórar námsleiðir eru í boði og eru allar upplýsingar um þær að finna á

www.reykjavikmp.com

### KENNARAR VIÐ TÓNVINNSLUSKÓLA ÞORVALDAR BJARNA ERU:

Þorvaldur Bjarni, Selma Björnsdóttir, Vignir Snær Vigfússon, Ólafur Hólm, Róbert Þórhallsson, Gunnar Þór Jónsson, Regína Ósk, Brigitta Haukdal, Jón Jósep Snæbjörnsson, Roland Hartwell, Baldwin Aalen, Andrea Gylfadóttir, Kjartan Valdemarsson og Hrannar Ingimarsson.

### ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR UM NÁMSSKEIÐIN ER HÆGT AÐ NÁLGAST Á WWW.REYKJAVIKMP.COM



Reykjavik Music Productions • Kringlan 7 • 103 Reykjavik • Iceland • Tel.: +354 534-9090 • Fax +354 534-9091 • info@reykjavikMP.com • www.reykjavikMP.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Eldvarnarefni og reyklosun

ÍSLENZKA VERZLUNARFÉLAGIÐ
Askalind 5 • 201 Kópavogur • Sími 564 5500
Fax 564 5555 • isv@isv.is • www.isv.is




BAKÞANKAR


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## *Sumar-ævintýri*

Biðraðir hjá flugfélögum og ferðaskrifstofum, grátandi fólk að innheimta greiða, hóta og biðja. Allt uppselt. Því miður, fullt á Mæjó, smekkfullt á Costa del Kaos og pakkað á Kókó-Lókó strönd. Hver einasta flugvél troðfull og tvíbókuð. Skelfdir eyjaskeggjar mændu á eftir vélunum þar til þær hurfu í skýin – rigningarskýin. Í fyrstu hefði mátt halda að brostið væri á með eldgosi og jarðskjálftum.

**EN ÞAÐ VORU SKÝIN**, þessi skelfilegu, þungbúnu ský, sem héngu yfir ævintýraeyjunni og gerðu hana óbærilega og óbyggilega. Hver einasti landsmaður var furðu lostinn yfir því að það skyldi rigna. Ekki komast allir flóttamenn af landi brott, en sitja heima með sólgleraugu og kuldaskjálfta – naga strandskó og strámottur. Þráin eftir 40 stiga hita og sólþurrkuðum sandi er yfirþyrmandi og kannski þurfa einhverjir áfallahjálp.

**NEYÐARAÐSTOÐIN** gæti til dæmis verið fólgin í því að fjárfesta í góðum pollagalla og pottþéttum gönguskóm – kostar kannski álíka og ódýr flugmiði út í svitabaðið. Svo má panta sér svefnpokapláss í fjallaskála eða hjá myndarlegum ferðabændum og aka norður og niður og út og suður í sínum eigin bílum eða langferðabílum.

**MÉR FINNST** rigningin góð, syngjum við og brunum áfram veginn, örkum á fjöll, förum á hestbak eða hjólum af stað. Landakortinu skal pakka inn í vatnsheldar umbúðir, fylla bakpokann af kræsilegu kruðerí og klæða hann svo í svartan ruslapoka. Þá er okkur ekkert að vanbúnaði. Fyrir óralöngu hitti ég fyrir spænska skrilljónamæringa suður í höfum sem voru að leggja í leiðangur að sumarlagi. Hvert er ferðinni heitið? var spurt. Tja, við förum alltaf norður til Skandinavíu í júlí og ágúst og nú ætlum við til Íslands.

**EN ÁÐUR** en lagt er í hann um ævintýraeyjuna er vert að líta í aftursætið. Sitja þar stubbar og góna á ferðabíó? Hamast þeir kannski í sumarspili frá Bessó? Þá er betra að skilja þá bara eftir heima og nota aftursætið fyrir dót. Því hver nýtur ferðalagsins sem ekki lítur í kringum sig og veltir fyrir sér skepnum, fjöllum, gömlum sögum og nýjum og upplifir íslenskt sumarævintýri? ■


KIA Picanto




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

9.933 kr. á mánuði*

*M.v. 398.000 kr. útborgun og bílasamning hjá SP fjármögnun í 84 mánuði.

Njóttu þess að vera á nýjum bíl!

**KIA Picanto** er lipur, fallegur og nútímalegur smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. KIA Picanto fimm dyra **kostar aðeins 1.088.000 kr.**

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða svona gæði á þessu verði.

KIA Picanto – **smábíll ársins 2004** á Íslandi

KIA MOTORS

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000 • www.hekla.is



4,15% Íbúðalán SPRON

Ekki binda þig í allt að 40 ár!

Lánin eru öllum opin – engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON. Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða á **www.spron.is**



spron – fyrir allt sem þú ert

Himinn og haf / SÍA